FRÉTTABLAÐIÐ
266. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 14. NÓVEMBER 2019

## Tekur málið til sín persónulega

**UTANRÍKISMÁL** „Ég varð miður mín og tók þetta mjög til mín,“ segir Viðar Helgason, fiskifræðingur og fyrrverandi starfsmaður Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í Namibíu, um upplifun sína af þættinum Kveik á RÚV í fyrradag. Viðar fór fyrstur Íslendinga á vegum ríkisstjórnarinnar til Namibíu til að veita aðstoð við rannsóknir og ráðgjöf í sjávarútvegi árið 1990. Viðar segir það hafa verið mjög erfitt fyrir sig persónulega að taka það inn sem opinberað hafi verið um framferði Samherja gagnvart þjóð sem hann lagði mikið á sig til að hjálpa.



**Viðar Helgason, fiskifræðingur.**

„Það sem leggst allra verst í mig er að það orðspor sem við byggðum upp þarna skuli notað á þennan hátt. Ég er sannfærður um að þetta mun valda íslenskri utanríkisstefnu verulegum skaða,“ segir Viðar. Sá skaði nái langt út fyrir Samherja. „Þarna var búið að vinna mikilvægt starf í mörg ár sem svo er eyðilagt með svona framferði. Þá er hvorki spurt um sekt eða sakleysi eða niðurstöður dómsmála, það er bara búið að eyðileggja það sem annað fólk hefur lagt mikið á sig fyrir.“

Viðar segir mikið liggja við að íslensk stjórnvöld bregðist rétt við á alþjóðavettvangi enda alveg ljóst að viðvörunarbjöllur hringi nú hjá þeim ríkjum í sunnanverðri Afríku sem þiggja þróunaraðstoð frá Íslandi. Þau hafi haft varann á gagnvart Evrópuríkjum lengi og haft ástæðu til. **– aá /** **sjá síðu 6**

## Ekki bjartsýnn á neinn lærdóm

**SAMHERJAMÁL** Henry Alexander Henrysson siðfræðingur segir framgöngu Samherja í Namibíu ámælisverða en er ekki bjartsýnn á að dreginn verði lærdómur af málinu. „Ég kannast ekki við að neinn lærdómur hafi verið dreginn af fjölmörgum hneykslismálum sem ég hef verið beðinn að kommenta á undanfarinn áratug,“ segir hann.



**Henry Alexander Henrysson siðfræðingur.**

Henry Alexander segir mútugreiðslur aldrei réttlætanlegar. „Í fyrsta lagi hvað fólki gengur til með því að sýna af sér það virðingarleysi gagnvart fólki í viðkvæmri stöðu sem mútugreiðslurnar bera með sér. Skilningsleysið á arðráninu er svo víðtækt að mann setur hljóðan.“

Viðbrögð Samherja, að skella sökinni á uppljóstrarann Jóhannes Stefánsson, eru að sögn Henrys þekkt bragð en lýsi um leið karakter þeirra sem bregðast þannig við. Mynduglegra væri að viðurkenna að þeir hefðu haft rangt við.

„Hvað segir þessi atburðarás um íslenska þjóð og viðskiptalíf? Einn angi er orðspor landsins sem er ekki upp á marga fiska eftir þetta,“ segir Henry. **– ab /** **sjá síðu 4**



# Skilur þú hvað ég segi?



Íslenskur talbanki og raddstýrður aðstoðarmaður sem talar íslensku eru á meðal væntanlegra tækninýjunga. Slík þjónusta gagnast öllum en ekki síst blindum og sjónskertum. Aðgengilegir vefir með góðri íslensku skipta sköpum á tímum þegar þjónusta er að færast yfir á netið. ➜14





## Sjö milljarða uppbygging

**ÍÞRÓTTIR** Akureyrarbær ætlar að ráðast í gríðarlega uppbyggingu á íþróttamannvirkjum bæjarins fyrir hartnær sjö milljarða króna á næstu árum. Í dag verður tekin til umfjöllunar í bæjarráði Akureyrar skýrsla starfshóps um nýframkvæmdir.

Félögin fengu að senda inn sinn óskalista sem hefur verið forgangsraðað í ellefu verkefni. „Fyrir okkar hönd þá fagna ég því að það sé búið að opna á samtal við bæinn um uppbygginguna,“ segir Sævar Pétursson, framkvæmdastjóri KA.

Á meðal verkefna eru gervigras og stúka á Akureyrarvelli, innisundlaug, æfingaaðstaða í Skautahöllinni og vetraraðstaða á golfvellinum. **– bb /** **sjá síðu 24**

VAXTALAUS AFBORGUN
VAXTALAUS AFBORGUN
VAXTALAUS AFBORGUN
VAXTALAUS AFBORGUN
VAXTALAUS AFBORGUN
Vaxtalaus afborgun af
ÖLLUM ÚRUM
OG SKARTGRIPUM
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR
michelsen.is

nettó
UNDIRBÚÐU JÓLIN Í NETTÓ!



-40%
Hangi-grís úr reyktum grísahnakka
Kjötsel
1.679 KR/KG
ÁÐUR: 2.798 KR/KG



-40%
Bayonneskinka
Kjötsel
1.199 KR/KG
ÁÐUR: 1.998 KR/KG
Tilboðin gilda 14. – 17. nóvember

## Veður




SA-átt, víða 5-13 m/s, en dregur úr vindi á N- og A-landi. Skúrir eða slydduél S- og V-lands, stöku él við A-strönd, annars þurrt. SJÁ SÍÐU 28

# Auglýsir eftir túlípönum

**STJÓRNSÝSLA** Ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning á búvörum hefur hafnað erindi Félags atvinnurekenda (FA) um að fella niður tolla á túlípönum. Í svari til FA segir starfsmaður nefndarinnar að hún telji „ljóst að ekki er vöntun á túlípönum“ í skilningi búvörulaga. Liðnar eru tæplega fimm vikur frá því að erindið barst ráðuneytinu.

> **Það er bara niðurstaða ríkisins að það sé ekki vöntun á túlípönum þó að enginn hafi séð túlípana í búð í þær fimm vikur sem ráðuneytið hefur þurft til að fjalla um málið.**



Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA, segir að kallað verði eftir rökstuðningi nefndarinnar, enda sé niðurstaðan óskiljanleg. „Það er niðurstaða ríkisins að ekki sé vöntun á túlípönum þó að enginn hafi séð túlípana í búð í þær fimm vikur sem nefndin hefur haft til að fjalla um málið,“ segir Ólafur. „Ég auglýsi eftir þeim túlípönum. Hvort einhver hafi séð þá í verslun.“ **– ab**

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**
Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á **www.frettabladid.is#nyskraning**
Það kostar ekkert.




# Breski flugherinn í loftrýmisgæslu NATO



Breski flugherinn er staddur hér á landi til að sinna loftrýmisgæslu NATO næsta mánuðinn. Um er að ræða sögulegan viðburð en síðast var flugherinn hér í síðari heimsstyrjöldinni árið 1940. Með í för eru 120 liðsmenn og fjórar Eurofighter Typhoon FGR4 orrustuþotur. Auk flugmanna eru hér verkfræðingar og aðrir sérfræðingar sem sjá um flugrafeindabúnað og viðhald. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

# Styðja verslanir í strjálbýlinu

**SAMFÉLAG** Sex verslanir í strjálbýli verða styrktar um alls tæpar 15 milljónir króna á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar 2018-2022. Alls bárust sjö umsóknir að fjárhæð um 41,5 milljónir króna.

**» Er framlögunum ætlað að bæta rekstur verslananna.**

Valnefnd um verkefnastyrki gerði tillögu sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur nú staðfest. Verslanirnar sem um ræðir eru staðsettar á Borgarfirði eystri, Bakkafirði, Stöðvarfirði, Kópaskeri, Drangsnesi og í Ásbyrgi.

Markmið styrkjanna er að styðja verslun á stöðum sem eru skilgreindir sem strjálbýli fjarri stórum þjónustukjörnum. Er framlögunum ætlað að bæta rekstur verslananna og skjóta frekari stoðum undir hann. **– sar**

# Vitund um umhverfi stækkar kolefnisspor

**Því meiri sem umhverfisvitund fólks er, því stærra er kolefnisspor þess. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn doktorsnemans Áróru Árnadóttur. Þar kemur einnig fram að fólk sem hefur heimsborgaraleg viðhorf mengar meira.**

**UMHVERFISMÁL** „Við erum meðal annars að skoða ferðavenjur íbúa á höfuðborgarsvæðinu og reikna kolefnisfótspor þeirra,“ segir Áróra Árnadóttir, doktorsnemi í umhverfisfræði.

Nýlega birtist grein eftir Áróru og hóp rannsakenda í vísindatímaritinu Sustainability þar sem niðurstöður rannsóknar hennar eru kynntar.

„Við skoðuðum hvernig kolefnisfótspor borgarbúa dreifist um höfuðborgarsvæðið með því að reikna fótsporið sem myndast af bíl-, strætó- og flugferðum og öllum ferðamátum. Hvað eru til dæmis íbúar í Hafnarfirði að fljúga og keyra mikið?“ segir Áróra.

Niðurstöðurnar sýna þætti sem gætu komið mörgum á óvart, meðal annars að því meiri umhverfisvitund sem fólk hefur, því stærra er kolefnisfótspor þess. „Við sáum að þeir sem eru hvað mest hræddir við gróðurhúsaáhrifin og trúa því að þau séu af mannavöldum eru með stærra kolefnisfótspor en aðrir,“ segir Áróra.

„Annað sem við skoðuðum er svo kallað „cosmopolitan attitude“ eða heimsborgaralegt viðhorf og þar kom skýrt fram að fólk sem skorar hátt á þeim stuðli er bæði líklegra til að búa miðsvæðis og skilja eftir sig stærra kolefnisspor,“ segir hún.

„Í þessum heimsborgaralegu viðhorfum felst til dæmis mikill áhugi á öðrum menningarheimum og að tala mörg tungumál,“ útskýrir hún.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna skýrt að því fleiri tungumál sem fólk talar því líklegra er það til þess að fljúga oftar og þar af leiðandi skilja eftir sig stærra kolefnisspor.

„Þeir sem hafa mikla tungumálakunnáttu, tala fjögur eða fleiri tungumál, fljúga að meðaltali 3,32 sinnum á ári á meðan þeir sem tala eitt til tvö tungumál fljúga færri en tvær ferðir,“ segir Áróra.



Skoðað var hvernig kolefnisfótspor dreifist. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Við sáum að þeir sem eru hvað mest hræddir við gróðurhúsaáhrifin og trúa því að þau séu af mannavöldum eru með stærra kolefnisfótspor en aðrir.**
>
> Áróra Árnadóttir doktorsnemi

„Við erum í rauninni að setja þetta í samhengi fyrir fólk því að það er að sjálfsögðu stórt kolefnisspor af bílnotkun, um það bil eitt tonn á mann á ári, en hins vegar gleymast flugferðir oft í þessu og það er mikilvægt að fólk minnki þær líka,“ segir Áróra. „Það virðist líka vera þannig að þeir sem nota bíl fljúga meira en þeir sem eru ekki á bíl,“ bætir hún við.

„Svo er auðvitað misjafnt hversu mikið fólk er að keyra. Þeir sem vinna mikið keyra mikið og það sama má segja um bæði þá sem hafa jákvætt viðhorf til bíla yfirhöfuð og þá sem vilja búa í úthverfum,“ segir hún að lokum.

**birnadrofn@frettabladid.is**

HÚSASMIÐJAN

blómaval

*Allt klárt fyrir jólin*

# STÓRA SERÍU HELGIN

## Allar seríur og jólaljós
## Okkar mesta úrval frá upphafi

### Fimmtudag til sunnudags

# 20-40% afsláttur






*Skoðaðu Húsasmiðjublaðið á husa.is*

**Gildir einnig**
í vefverslun **husa.is**

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

SAMHERJAMÁLIÐ

# Ekki bjartsýnn á að dreginn verði neinn lærdómur



„Þar sem maður hefur fengist við viðskiptasiðfræði eru það ekki fáar spurningar sem leita á mann í ljósi þessa máls. Enn á væntanlega mikið eftir að koma í ljós þannig að ég er viss um að spurningunum mun ekki fækka," segir Henry Alexander Henrysson, siðfræðingur og aðjunkt við sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands, um mál Samherja. „Vonandi lærum við að þessu máli en ég er ekki bjartsýnn. Ég kannast ekki við að neinn lærdómur hafi verið dreginn af fjölmörgum hneykslismálum sem ég hef verið beðinn að kommenta á undanfarinn áratug."

Fram kemur í gögnum Wikileaks sem fjallað var um í fréttaskýringaþættinum Kveik á þriðjudagskvöldið og í umfjöllun nýjasta tölublaðs Stundarinnar að Samherji hafi greitt mörg hundruð milljónir króna til ráðamanna í Namibíu til að komast yfir kvóta. Kvótinn hafi verið notaður til að veiða fisk fyrir utan strendur Namibíu sem er verkaður í öðru landi, þá hafi Samherji greitt litla sem enga skatta í Namibíu og flutt fjármagnið til skattaskjóla.

„Sú spilling sem þarna er lýst er kannski fyrst og fremst siðferðilega ámælisverð í ljósi þess hvernig hún eitrar samband stjórnmála og viðskiptalífs. Slík spilling heggur

**Sú spilling sem þarna er lýst er kannski fyrst og fremst siðferðilega ámælisverð í ljósi þess hvernig hún eitrar samband stjórnmála og viðskiptalífs.**



Henry Alexander Henrysson siðfræðingur

í stoðir lýðræðisins og raunar viðskiptalífsins í heild einnig vegna þess trausts sem glatast þegar slík hegðun kemur upp á yfirborðið. Hvernig getum við boðað góða stjórnarhætti sem hluta þróunarsamvinnu þegar við högum okkur svona?"

Henry Alexander segir mútugreiðslur aldrei réttlætanlegar. Fjórar spurningar hafi leitað mest á hann í kjölfar umfjöllunarinnar. „Í fyrsta lagi hvað fólki gengur til að sýna af sér það virðingarleysi gagnvart fólki í viðkvæmri stöðu sem mútugreiðslurnar bera með sér. Skilningsleysið á arðráninu er svo víðtækt að mann setur hljóðan." Í þessu tilviki bætist við að unnið hafi verið gegn góðri vinnu Þróunarsamvinnustofnunar og hvernig gott orðspor Íslands hafi verið misnotað. „Vonandi skaðar þetta ekki vinnu Íslands annars staðar í Afríku."

Í öðru lagi segir hann ótrúlegt að sjá mikla notkun aflandsfélaga í nútímaviðskiptum. „Erum við sátt við þessa þróun – er hún í einhverjum skilningi lýðræðisleg? Markmiðið virðist allt of oft vera að fela eitthvað sem þolir ekki dagsljósið. Ég held að við höfum ekkert lært af Panamaskjölunum."

Þriðja spurningin snýr að Íslandi. „Hvað segir þessi atburðarás um íslenska þjóð og viðskiptalíf? Einn angi er orðspor landsins sem er ekki upp á marga fiska eftir þetta. En maður veltir einnig fyrir sér hvers vegna Samherjamenn voru ekki meira eins og fiskar á þurru landi þegar suður var komið. Mér finnst óhugnanlegt hversu vel þeir virðast heima í því að kaupa velvild kjörinna fulltrúa og þeirra sem nálægt standa. Getur verið að við séum meiri Namibía en við höldum þegar kemur að aðgengi að náttúruauðlindum?"

Samherji brást við umfjölluninni seint á þriðjudagskvöld með því að segja að þar á bæ hafi þeir verið hissa á hvernig Jóhannes Stefánsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri og stjórnarmaður Samherjafélaganna í Namibíu sem rætt er við í þættinum, hafi stundað viðskipti í Namibíu. Hafi hann mögulega flækt Samherja í viðskipti sem kunni að vera ólögleg. Stundin greinir frá því að félög Samherja hafi greitt 280 milljónir króna í mútur eftir að Jóhannes hætti störfum hjá Samherja árið 2016.

Henry segir viðbrögð Samherja siðferðilega ámælisverð. „Hvers vegna ekki að viðurkenna það sem liggur fyrir? Væri ekki meiri myndugleiki að viðurkenna að þeir hafi haft rangt við en að svona gerist bara kaupin á eyrinni? Að skella allri skuldinni á uppljóstrara er þekkt bragð en lýsir um leið karakter þeirra sem þannig bregðast við."

**arib@frettabladid.is**

## Viðbrögð stjórnmálamanna



**Katrín Jakobsdóttir**
*forsætisráðherra*

■ Ég held það fari um mig eins og þjóðina almennt að ég var slegin eftir að hafa horft á þennan þátt og séð þau gögn sem þar eru birt. Ég tel að ef málavextir eru með þeim hætti eins og þarna lítur út fyrir sé það auðvitað Samherja fyrst og fremst til skammar. Séu málin svona vaxin er það áhyggjuefni fyrir orðspor okkar þó aðeins um eitt fyrirtæki sé að ræða.

Það er auðvitað eðlileg krafa stjórnvalda að íslensk fyrirtæki fylgi íslenskum lögum og þeim lögum sem gilda í löndunum þar sem þau starfa. Undir því eiga auðvitað öll fyrirtæki að standa.

Næst á dagskrá er að fara yfir í ríkisstjórn á morgun ferli málsins fram undan. Stóra málið finnst mér vera að þetta verði rannsakað og hverjum steini snúið við í því.



**Logi Einarsson**
*formaður Samfylkingarinnar*

■ Fyrstu viðbrögð eru náttúrulega algjört sjokk og óhugur. Þarna er fátæk þjóð í auðugu landi af náttúruauðlindum, sem er blóðmjólkuð og er að komast til sjálfsbjargar, að verða fórnarlamb þessarar græðgi enn á ný.

Ég bið með að fella dóma um hverjir bera ábyrgð og hverjir ekki. En málið lítur alvarlega út og það þarf að rannsaka það ofan í kjölinn. Við þurfum jafnframt að skoða vinnulag og vinnubrögð við þróunarsamvinnu og hver er eftirfylgni okkar þegar verkefnum lýkur.

Mér finnst þetta líka beina sjónum okkar að því að við þurfum að taka alvarlega umræðu um íslenskar auðlindir. Það þarf að vera skýrt og gott ákvæði í stjórnarskrá en við þurfum líka að ræða úthlutun fiskveiðiheimilda



**Inga Sæland**
*formaður Flokks fólksins*

■ Ég er bara þrumulostin. Þetta er áfall og maður óskar eftir því að þetta verði rannsakað ofan í kjölinn. Án þess að við séum með einhverjar sleggjur, málið er alls ekki á þeim stað, vona ég að þetta verði vendipunktur, til dæmis varðandi auðlindina okkar.

Það er nýbúið að setja okkur á þennan gráa lista og benda á að við erum það ríki sem hefur dregið lappirnar í að tryggja umgjörð um skipulagða glæpastarfsemi og peningaþvætti. Þetta á eftir að draga dilk á eftir sér í alþjóðasamfélaginu.

Samherji hefur skilað miklum tekjum í þjóðarbúið og skaffað þúsundum manna störf. Það ber auðvitað að þakka en þeir hefðu ekki getað það ef þeir hefðu ekki fengið þannig umgjörð frá okkur.



**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**
*formaður Viðreisnar*

■ Þetta er sláandi mál. Þetta undirstrikar að stjórnmálamenn eiga ekki að koma nálægt ákvörðun á verði kvóta. Viðreisn hefur frá fyrsta degi barist fyrir því að fara markaðsleiðina í sjávarútvegi, að um verðlagningu gildi skýrar gegnsæjar reglur.

Lobbýisminn er hvergi sterkari en í sjávarútveginum og landbúnaðinum. Það kom mér í raun á óvart í ráðuneytinu hversu mikil samskiptin eru við slíka aðila.

Nú hlýtur að vera kominn tími til að læra. Það þýðir ekki að vera á innsoginu í nokkra daga og svo er allt búið. Misvægi atkvæða ýtir undir viðhald þessa kerfis. Svo þarf að koma á auðlindaákvæði í stjórnarskrá. En höfum líka í huga að ríkisstjórnin er óskastjórn þessara sömu hagsmunagæsluaðila.



**Smári McCarthy**
*formaður Pírata*

■ Nú er að koma í ljós enn eitt dæmið um kerfisbundna linkind gagnvart spillingu á Íslandi. Við erum með veikar varnir gagnvart peningaþvætti og það á enn eftir að útskýra ýmislegt varðandi fjárfestingaleið Seðlabankans, sem Samherji nýtti sér í stórum stíl. Ég hef óskað eftir sérstökum umræðum á Alþingi um spillingarmál.




ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep THERE'S ONLY ONE


Ný formúla. Einstök virkni.
*Samkvæmt óháðri klínískri rannsókn, framkvæmd af húðlæknum
Sýnilegur árangur*
Nærandi 100%
Sléttari húð 95%
Eykur ljóma húðar 86%
BLUE LAGOON
ICELAND
ALGAE BIOACTIVE CONCENTRATE
RESTORATIVE FACE OIL
ALGAE BIOACTIVE CONCENTRATE
Kraftmikil, náttúruleg andlitsolía með örþörungum sem vernda kollagenforða húðar.
BLUE LAGOON
ICELAND
Fáanleg á bluelagoon.is og Laugavegi 15
EINKALEYFAVARIN NÁTTÚRULEG INNIHALDSEFNI / SJÁLFBÆR FRAMLEIÐSLA / BYGGT Á VÍSINDARANNSÓKNUM

## SAMHERJAMÁLIÐ

# Tók langan tíma að byggja upp traust

**Fiskifræðingur sem starfaði fyrir Ísland í Namibíu segir orðspor Íslands stórskaðað. Hann tekur framferði Samherja nærri sér á persónulegan hátt en langan tíma hafi tekið að byggja upp traust til Íslands í Namibíu. Viðbrögð íslenskra stjórnvalda skipti öllu máli.**

Viðar Helgason fiskifræðingur segir tíðindin um framferði Samherja í Namibíu vera áfall fyrir sig og þá sem unnið hafa að þróunarmálum í Namibíu. Hann lýsir aðdragandanum að starfi Íslands í Namibíu þannig að íslensku ríkisstjórninni hafi borist bréf frá Namibíu mjög stuttu eftir að landið öðlaðist sjálfstæði árið 1990. Eftir að Suður-Afríka dró sig út úr landinu hafi innviðakerfi landsins hrunið. Óskað hafi verið eftir aðstoð frá Íslandi við hafrannsóknir og sjávarútvegsmál og Viðar var kominn út strax tveimur mánuðum eftir að ný ríkisstjórn tók við völdum í Namibíu haustið 1990.

Hlutverk Þróunarsamvinnustofnunar í Namibíu var tvíþætt og fólst annars vegar í því að koma rannsóknarskipi Namibíumanna í stand og reka það og hins vegar að aðstoða við rannsóknir. Viðar segir að hópurinn hafi átt gott samstarf við sjávarútvegsráðuneytið í Namibíu. Hann minnist samtals við þáverandi ráðuneytisstjóra um ástæður þess að leitað var til Íslands. „Hann sagði það við okkur berum orðum, það væri vegna þess að Namibíumenn álitu Íslendinga ólíklegasta allra til að fara að sýna einhverja nýlendutilburði. Ísland væri svo lítið ríki og af því færi gott orð,“ segir Viðar. Ráðuneytisstjórinn hefði sagt: „Við höfum búið við nýlendustefnu í hálfa öld og ætlum ekki að fara að flytja hana inn sjálfir.“



Íslendingar þurfi að hugsa sinn gang varðandi fiskveiðar og alþjóðasamskiptum FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Haukur minnist þess einnig sérstaklega hversu mikil áhersla var lögð á það af stjórnendum aðstoðarinnar að blanda ekki einhverjum viðskiptahagsmunum íslenskra fyrirtækja í vinnuna. Þrátt fyrir það hafi verið töluverð tortryggni gagnvart þeim í upphafi.

„Það tók okkur töluverðan tíma að ávinna okkur traust heimamanna. Þegar þeim loksins skildist að við vorum hvorki komnir til að ýta undir íslenska hagsmuni né greiða götu íslenskra fyrirtækja, þá róuðust þeir,“ segir Viðar og undirstrikar að hlutverk Íslands hafi alltaf verið ráðgjöf en ekki yfirtaka á ákvörðunarvaldi.

Með tímanum hafi Íslendingum sem unnu í Namibíu tekist að ávinna sér traust. Stjórnvöld þar hafi til dæmis lagt mikið traust á ráðgjöf Íslendinganna, ekki síst þegar illa gekk að ráða við Suður-Afríkumenn sem áttu gríðarlega mikið undir í veiðum á svæðinu.

„Það varð ljóst nokkru eftir aldamótin að Namibía var ekki lengur styrkhæf og formlegur endir varð á starfi okkar þar árið 2010 og starfið færðist annað, meðal annars til Malaví. Samherji kemur svo þarna inn ári seinna og það er ekki vafi í mínum huga að þeir byggðu á því orðspori sem við vorum búin að byggja upp,“ segir Viðar. Hann hefur áhyggjur af orðspori Íslands ekki síst þar sem við erum nú þegar að veita þróunaraðstoð í sunnanverðri Afríku.

„Þessi ríki hafa alltaf haft ákveðinn fyrirvara á Evrópuríkjum og ekki verður þetta til að bæta úr skák,“ segir Viðar og bætir við: „Þess vegna skipta viðbrögð íslenskra stjórnvalda út á við öllu máli. Ef umheiminum verður ekki sýnt að þetta teljist ekki góð latína á Íslandi mun enginn taka mark á okkur framar.“

Viðar telur reyndar að Íslendingar þurfi almennt að hugsa sinn gang þegar kemur að fiskveiðum og alþjóðasamskiptum. „Orðspor okkar í fiskveiðum er því miður farið að einkennast af því að við stöndum ekki við gerða samninga,“ segir Viðar og tekur dæmi um fiskistofna sem fara milli lögsögu ríkja á borð við makríl, síld og loðnu. Hvalveiðar Íslendinga séu enn eitt dæmi. Tímabært sé að Íslendingar hugsi sinn gang.

adalheidur@frettabladid.is




# Útnefndur tengiliður Samherja þögull

Í einu bréfa sinna til RÚV í aðdraganda Kveiksþáttar um meintar mútugreiðslur Samherja í Afríkuríkinu Namibíu kveðst forstjóri fyrirtækisins hafa fengið til liðs við sig norskan mann að nafni Håkon Borud hjá ráðgjafarfyrirtækinu First House. Borud, sem sé fyrrverandi fréttastjóri hjá Aftenposten og verði tengiliður og ráðgjafi Samherja í viðræðum við RÚV.

Vegna ummæla í bréfum forstjórans, Þorsteins Más Baldvinssonar, um að Samherji hefði upplýsingar sem myndu breyta þeirri frétt sem fréttaskýringarþátturinn Kveikur síðan birti í fyrrakvöld setti Fréttablaðið sig í samband við hinn norska tengilið fyrirtækisins og lagði fyrir hann nokkrar spurningar og óskaði auk þess að fá gögn sem lesa mátti úr bréfum forstjórans til RÚV að fyrirtækið byggi yfir og gætu sýnt frá á að það hefði ekki haft rangt við í Namibíu.

„Hefur Samherji að þínu mati, eins og forstjóri þess heldur fram í bréfi til RÚV sem nú hefur verið gert opinbert, skjöl sem sanna að ásakanir fyrrverandi starfsmanns Samherja, Jóhannesar Stefánssonar, séu rangar og að Samherji sé ekki sekur um af hafa á nokkurn hátt haft rangt við í gegn um starfsemi sína í Namibíu?“ var Borud spurður í tölvuskeyti Fréttablaðsins til hans í gær.

Ennfremur var ráðgjafinn inntur eftir því hvort hann teldi orðspor Samherja hafa beðið hnekki vegna fréttaflutningsins og hvort von væri á frekari yfirlýsingum frá Samherja varðandi málið.

Engin viðbrögð fengust frá Borud sjálfum heldur barst svar frá starfsmanni Samherja hér á Íslandi. „Við þökkum þér fyrir tölvupóstinn til Håkon Borud hjá First House. Við erum á þessum tímapunkti enn að vísa fjölmiðlum á fréttatilkynningarnar á heimasíðu Samherja,“ sagði í tölvupósti sem barst frá Margréti Ólafsdóttur, aðstoðarmanni forstjóra Samherja. Vísaði Margrét þar í tvær tilkynningar sem Samherji sendi frá sér í fyrradag og í gærkvöldi.



Namibíumaður úr sjávarútvegi þar í landi ásamt forstjóra Samherja.

> **Samherji mun að sjálfsögðu, hér eftir sem hingað til, starfa með hlutaðeigandi stjórnvöldum sem kunna að rannsaka umrædd viðskipti í namibískum sjávarútvegi.**
>
> Margrét Ólafsdóttir, aðstoðarmaður forstjóra Samherja

„Á meðan er Alþjóðlega lögmannsstofan Wikborg Rein í Noregi að rannsaka starfsemina í Afríku fyrir Samherja og verður send ný yfirlýsing um leið og niðurstaða úr þeirri rannsókn liggur fyrir. Samherji mun að sjálfsögðu, hér eftir sem hingað til, starfa með hlutaðeigandi stjórnvöldum sem kunna að rannsaka umrædd viðskipti í namibískum sjávarútvegi,“ bætti Margrét við.

Beðin um að staðfesta að þetta svar þýddi þá að Fréttablaðið fengu hvorki við svör við spurningum sínum né þær upplýsingar sem forstjóri Samherja nefnir í bréfum sínum til RÚV og kveður hafa getað breytt þeirri frétt sem Kveikur síðan birti í fyrrakvöld kvað Margrét svo vera. „Já, Samherji er á þessum tímapunkti ekki tilbúinn að svara nánar um málið.“ gar@frettabladid.is



ALLAR GUERLAIN VÖRURNAR FÁST NÚ Í **HAGKAUP** GARÐABÆ,
KRINGLUNNI OG SMÁRALIND.

# SAMHERJAMÁLIÐ



## Meira gagnsæi hér en í Afríku

„Þátturinn var mjög sláandi, það var mjög sorglegt að horfa upp á þetta,“ segir Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. „Þarna falla þungar og alvarlegar ásakanir sem kalla á að þeim sé mætt. Það liggur fyrir að málið er nú komið til meðferðar hjá héraðssaksóknara og skattrannsóknarstjóra, þá er mikilvægt að embættin fái ráðrúm til að rannsaka málið.“ Kristján Þór var stjórnarformaður Samherja fyrir aldamót og hefur átt í samskiptum við stjórnendur Samherja síðan þá. Hann segir málið ekki hafa neinar pólitískar afleiðingar fyrir sig. „Ég sé ekki hvernig það á að gerast. Það hefur alla tíð verið mín afstaða að ef mál tengd Samherja koma inn á mitt borð þá læt ég gera athugun á hæfi mínu til að takast á við þau.“ Hann undirstrikar að hann hafi aldrei haft vitneskju um þetta mál fyrr en hann fékk tölvupóst frá Stundinni í síðustu viku. „Ég þekkti þetta ekki með neinum hætti.“

Kristján Þór kannast ekki við að þeir viðskiptahættir sem greint er frá í umfjölluninni séu viðhafðir hér á landi. „Það eru lög í þessu landi sem ætlast er til að fyrirtæki fylgi. Sem betur fer er gagnsæið meira hér en víða í Afríku og við eigum möguleika á að fylgjast betur með hlutunum hér en þar.“



**Kristján Þór Júlíusson.**

Hann segir ljóst að málið hafi áhrif á umræðuna um sjávarútveginn. „Þetta er gríðarlega stórt og öflugt fyrirtæki, umræða á þessum nótum um það hefur áhrif á orðsporið hér og víðar.“ **– ab**

## Íslensk lög gilda um brot



„Íslensk stjórnvöld eru ekki bundin af því sem erlend stjórnvöld kunna að hafa samþykkt,“ segir **Jón Þór Ólason**, lögmaður og lektor í refsirétti við Háskóla Íslands. Fram hefur komið í fréttum að Jóhannes Stefánsson njóti verndar uppljóstrara í Namibíu.

„Í fjórðu og sjöttu grein hegningarlaga eru öll brot, með hliðsjón af alþjóðasamningum, sem við erum aðilar að, og tengd eru mútum, peningaþvætti og öðru slíku, refsiverð hér á landi.“ Almennt megi því refsa þeim sem brýtur gegn ákvæðum hegningarlaga um mútur hér á landi þó að brotið hafi verið framið erlendis og skipti þá ekki máli hvaða land sé um að ræða. „Við höfum gengist undir erlenda samninga og þar er kveðið á um að tekið skuli á spillingu, mútuþægni og öðru. Til að einfalda kerfið og ná fram refsingu í aðildarríkjunum getum við refsað á grundvelli íslenskra laga þó brotið sé framið í Namibíu, svo dæmi sé tekið.“ **– jþ**

## Lítil viðbrögð frá atvinnulífi



„Ég get ekki metið hvaða áhrif þetta hefur á orðstírinn. Þetta mál er í farvegi sem erfitt er að sjá hvar endar,“ segir **Katrín Olga Jóhannesdóttir**, formaður Viðskiptaráðs, spurð um þau áhrif sem umfjöllun um málefni Samherja í Namibíu geti haft á orðspor Íslands erlendis.

Einnig var reynt að fá fram viðhorf Jens Garðars Helgasonar, formanns Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, Eyjólfs Árna Rafnssonar, formanns Samtaka atvinnulífsins, og Björgólfs Jóhannssonar, formanns Íslandsstofu, en ekki náðist í þá þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi sendu frá sér yfirlýsingu þar sem meðal annars segir að ásakanir á hendur Samherja séu alvarlegar en það sé fyrirtækisins að bregðast við. Ljóst sé að mál af þessu tagi geti haft áhrif á orðspor íslensks sjávarútvegs og stöðu á alþjóðlegum markaði. Því sé brýnt að málið verði rannsakað og hið rétta komi fram. **– gar**

## Málið í farvegi



**Ólafur Þór Hauksson** héraðssaksóknari segir umfjöllunina um Samherja mjög afhjúpandi. „Við erum með efni þessa þáttar til skoðunar og meðferðar auk gagna sem við höfum þegar aflað okkur,“ segir Ólafur. „Það er búið að setja málið í ákveðinn farveg en við getum að öðru leyti ekki tjáð okkur um það.“

Jóhannes Stefánsson, fyrrverandi starfsmaður Samherjafélaganna í Namibíu, gaf skýrslu hjá héraðssaksóknara á þriðjudaginn, fyrir umfjöllunina. Hann segir of snemmt að segja til um það hvort aðilar sem veiti saksóknara upplýsingar sem nýtast við að upplýsa mál fái að njóta þess ef til ákæru kemur í málinu.

„Það er of snemmt að segja til um það. Við verðum að sjá hvernig málinu vindur fram. Umræðan liggur fyrir þinginu sem varðar uppljóstrara, en það hefur verið umræða um að það vanti í íslensk lög ákvæði um uppljóstrara.“ **– ab**






**Brynstirtla (Trachurus trachurus).** NORDICPHOTOS/GETTY

## Brynstirtla er á allra vörum

Hrossamakríll eða hestamakríll er heiti sem ekki margir höfðu heyrt þar til í fyrrakvöld. Fiskurinn heitir brynstirtla og ber latneska fræðiheitið Trachurus trachurus og er uppsjávarfiskur.

„Hann heitir brynstirtla á íslensku og er flækingur hér við land. Það er stöku sinnum sem við verðum varir við hann hér,“ segir Björn Gunnarsson, sjávarlíffræðingur hjá Hafrannsóknarstofnun. Hann segir fiskinn finnast frá ströndum Noregs og allt suður að ströndum Suður-Afríku. Einnig finnist hann í Miðjarðarhafi og Svartahafi. Hann segir fiskinn ekkert skyldan þeim makríl sem menn þekkja hér og veiða í íslenskri landhelgi.

Björn segir að fiskurinn sé nýttur til manneldis og sé vel ætur. „Hann er reyktur eða þurrkaður en svo hefur hann líka verið settur í bræðslu.“ Hann segir að Hafrannsóknastofnunin hafi tekið þátt í rannsóknum, hér við land, þar sem stofnstærð makríls og brynstirtlu er metin. „Við höfum ekki enn fundið egg brynstirtlu í þeim rannsóknum þannig að við erum norðan við nyrstu mörk hrygningarinnar.“ **– jþ**

## SAMHERJAMÁLIÐ

# Margir lögðu orð í belg í umræðu gærdagsins

**Um fátt annað var fjallað í fjölmiðlum í gær en umsvif Samherja í Namibíu. Í umfjöllun RÚV var eitt umsvifamesta sjávarútvegsfyrirtæki Íslands sakað um að hafa borið fé á namibíska embættismenn til að komast yfir kvóta þar í landi. Margir tóku þátt í umræðu gærdagsins. Hér eru nokkur dæmi.**



**Fjölmiðlastormur**
*Björn Bjarnason*, fyrrverandi ráðherra og aðstoðarritstjóri, minnti á vef sínum bjorn.is á að umræður um viðskipti Samherja í Namibíu væru á frumstigi: „Enn einu sinni er skollinn á fjölmiðlastormur vegna atlögu fréttastofu ríkisútvarpsins að stórfyrirtækinu Samherja. Nú vegna viðskipta í Namibíu og fiskveiða í lögsögu landsins.“ Enn fremur minnti Björn á að fjölmiðlastormurinn væri rétt að byrja og enginn vissi enn hvern hann felli. „Síðast þegar Samherji og fréttastofa ríkisútvarpsins lentu í sambærilegum átökum sigraði Samherji að lokum eftir margra ára stríð. Reynslan sýnir að rétt sé að spyrja að leikslokum.“



**Krefst frystingar eigna**
*Helga Vala Helgadóttir*, þingmaður Samfylkingarinnar, krefst þess í stöðuuppfærslu á Facebook að Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra stígi til hliðar og að eignir Samherja verði frystar af þar til bærum yfirvöldum. „Í mínum huga kemur ekkert annað til greina en að eignir Samherja verði frystar núna strax á meðan á rannsókn stendur. Um er að ræða rannsókn á mögulegu mútubroti, peningaþvætti og skattalagabrotum. Hér er ekki um einhverja sjoppu að ræða heldur milljarðafyrirtæki með umtalsverð umsvif í fjölda ríkja og skattaskjólssvæðum.“ – Eigið fé Samherja var 111 milljarðar í lok síðasta árs.



**Lamaður og reiður**
*Vilhjálmur Birgisson*, annar forseti ASÍ og formaður verkalýðsfélags Akraness, sagðist í útvarpsþættinum Í bítið á Bylgjunni vera sleginn yfir umfjöllun Kveiks um meinta spillingu og mútugreiðslur Samherja. „Ætli maður sé ekki bæði lamaður og reiður,“ sagði Vilhjálmur. „Við sem þjóð í heild sinni, við erum soguð inn í þessa spillingar ógeðfelldu starfshætti sem fyrirtækið virðist hafa ástundað þarna erlendis og orðið Ísland mun hljóma þegar um þetta mál verður fjallað vítt og breitt um heiminn og það er eitthvað sem mér hugnast ekki.“ Enn fremur sagði hann að það borgaði sig ekki að segja það sem honum byggi í brjósti eftir þennan þátt. „Maður verður bara að leyfa dögunum að líða svo menn nái betur áttum.“



**„Ég er ekki spilltur“**
*Bernhardt Esau*, sjávarútvegsráðherra Namibíu, sagði í afsagnarbréfi sínu sem hann sendi til innlendra fjölmiðla í gær: „Ég er ekki spilltur og mun aldrei mæla spillingu bót nokkurs staðar. Enginn hefur borið á borð fyrir mig nokkur sönnunargögn um að [ég] hafi þegið peninga eða greiða frá nokkrum manni í skiptum fyrir verk mín sem ráðherra, og enginn hefur sýnt fram á að gefin hafi verið loforð um greiða gegn greiða, hvorki skriflega eða með öðrum hætti, sem ég á hefði gefið nokkrum á meðan á störfum mínum sem ráðherra stóð.“ – Forseti Namibíu, Hage Geingob, samþykkti í gær afsögn Esau og dómsmálaráðherrans Sacky Shanghala.



**Samherji hefur ekkert að fela**
*Þorsteinn Már Baldvinsson*, forstjóri Samherja, sagði í tilkynningu á vef fyrirtækisins eftir umfjöllun RÚV að það hefðu verið mikil vonbrigði að komast að því að Jóhannes Stefánsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri og stjórnarmaður Samherjafélaganna í Namibíu, virtist hafa tekið þátt í gagnrýnisverðum viðskiptaháttum og hugsanlega flækt Samherja í viðskipti sem kunni að vera ólögmæt. „Jóhannesi Stefánssyni var sagt upp störfum á árinu 2016 eftir að hann misfór með fé og hegðaði sér með óforsvaranlegum hætti. Nú hefur hann viðurkennt að hafa tekið þátt í ólöglegri starfsemi á meðan hann stýrði dótturfélögum Samherja í Namibíu.“

Þorsteinn segir að Samherji hafi átt 35 ára farsæla viðskiptasögu víða um heim. „Við höfum ávallt lagt okkur fram við að starfa í samræmi við lög og reglur á hverjum stað. Samherji mun, hér eftir sem hingað til, starfa með hlutaðeigandi stjórnvöldum sem kunna að rannsaka umrædd viðskipti í namibískum sjávarútvegi. Ef slík rannsókn mun eiga sér stað hefur Samherji ekkert að fela.“



**Skýringar halda ekki vatni**
*Kristinn Hrafnsson*, ritstjóri Wikileaks sem birt hefur 30 þúsund gögn um viðskipti Samherja, segir skýringar fyrirtækisins ekki halda vatni. „Þegar gögnin eru skoðuð þá fæst staðfesting á því sem Jóhannes hefur sjálfur haldið fram, að hann hafði takmarkaða fjármálastjórn þannig að þær millifærslur sem um ræðir voru gerðar af yfirstjórn og fjármálayfirstjórn Samherja,“ segir Kristinn.

„Ég held ég geti fullyrt það að þegar upp er staðið er vitnisburður Jóhannesar ekki lykilatriði í málinu því að í 90% tilvika er hægt að bakka upp orð hans með vísun í þessi gögn. Í öðru lagi voru þessar millifærslur sem voru gerðar á mjög vafasama reikninga eins og í Dubai frá félögum í Kýpur gerðar löngu eftir að Jóhannes lætur af störfum.“



**Líðanin er eins og eftir „Guð blessi Ísland“**
*Jóhannes Geir Sigurgeirsson*, fyrrverandi alþingismaður, sagði í færslu á Facebook: „Ég lagði ásamt Finnboga Jónssyni, þá stjórnarformanni Samherja, grunninn að sameiningu sjávarútvegsfyrirtækja KEA inn í Samherja. Ég hafði þá trú að ekkert gæti betur viðhaldið forystu Eyjafjarðar í sjávarútvegi á Íslandi og sat í stjórn Samherja í nokkur ár – um tíma varaformaður stjórnar. Ekkert hefur enn gerst sem breytir þessari afstöðu minni. Það staðfestir m.a. gríðarleg uppbygging síðustu ár á athafnasvæðis ÚA og bygging hátæknifiskvinnsluhúss á Dalvík. Ég á því fjölda vina og kunningja í starfsliði og stjórn Samherja. Í dag er líðanin ekki góð. Hugurinn er hjá þeim. Mér líður svolítið eins og eftir „Guð blessi Ísland“ ræðuna; eirðarlaus og kem litlu í verk.“



**Heimsvaldasinnaðir arðræningjar**
*Drífa Snædal*, forseti ASÍ, sagði í færslu á Facebook: „Myndin sem Kveikur og Stundin teikna upp er af heimsvaldasinnuðum, gráðugum arðræningjum sem einskis svífast. Körlum sem þykjast samfélagslega ábyrgir hér á landi en gæti ekki verið meira sama um aðstæður þjóðar suður í Afríku. Körlum sem komu í kjölfar vel heppnaðrar þróunarsamvinnu og ryksuguðu upp auðlindir í eigin þágu, höguðu sér eins og svívirðilegustu nýlenduherrar. Þróunarsamvinnunni var hætt vegna hrunsins sem varð einmitt vegna svona hegðunar. Ógeðslegt!“



**Flugeldasýning**
*Valdimar Örn Flygenring*, leikari og athafnamaður, sagði í færslu á Facebook: „Ef Samherji kemst upp með þetta og kvótakerfið verður ekki tekið til gagngerrar endurskoðunar og nýja stjórnarskráin ekki lögglit ... þá er þetta samfélag ónýtt.“ Hann sagði jafnframt þessa flugeldasýningu vera „í boði Namibískrar alþýðu sem býr við fátækt og hvorki með vatn né rafmagn“.



**Opinberar aftökur**
*Hannes Hólmsteinn Gissurarson*, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, sagði á Facebook: „Nú hefjast opinberar aftökur. Ég hef sjálfur lent nokkrum sinnum í þeim og komist að sömu niðurstöðu og fornkappinn, að enginn verður með orðum veginn.“



**RÚV stjórnmálahreyfing í hefndarhug**
*Bjarni Th. Bjarnason*, fyrrverandi bæjarstjóri í Dalvíkurbyggð, sagði á Facebook að RÚV væri í hefndarhug. „Ríkisfjölmiðillinn var með beina útsendingu af fantalegri innrás í fyrirtækið á Akureyri og Reykjavík. Nú ætlar ríkisfjölmiðillinn að koma með eitthvað nýtt eftir að hafa farið gjörsamlega offari í umfjöllun eftir innrásina 2012.“ Og Bjarni heldur áfram: „Hermdarverkin eru dýr fyrir land og þjóð. Ríkisfjölmiðillinn er orðinn að stjórnmálahreyfingu og dómstóli götunnar án löggjafarvalds. Ég legg til aðskilnað ríkisfjölmiðilsins og Lýðveldisins Íslands, þó fyrr hefði verið.“



**Hanarnir sem fyrstir rjúka á hauginn**
*Elliði Vignisson*, bæjarstjóri í Ölfusi, fjallaði um Samherjamálið á heimasíðu sinni. „Umfjöllun Kveiks skekur nú íslenskt samfélag. Myndin sem þar er dregin upp er enda dökk. ... Flestum sem sáu þáttinn var brugðið. Mér var það að minnsta kosti.“ Hann gagnrýnir þar hvatvísleg viðbrögð margra við þeim upplýsingum sem eru komnar fram og sagði að hanarnir sem fyrstir rjúka á hauginn ættu ef til vill að spara galið. „Það þarf hreinlega frjótt ímyndunarafl til að búa til samhengi milli mögulegra mútugreiðslna í Namibíu og þarfarinnar fyrir hærri skatta á Íslandi. Er eitthvað eðlilegt við það að útgerðarmaður í Þorlákshöfn, Grindavík eða á Þingeyri borgi hærri skatta ef Íslendingar í alþjóðarekstri brutu lög í Namibíu? Sér er nú hver vitleysan.“



**Sorglegt og suddalegt**
*Kristján Þór Júlíusson*, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sagði á Alþingi að hann myndi taka þátt í óundirbúnum fyrirspurnum á Alþingi sem fram fara í dag um framgöngu Samherja í Namibíu. „Að sjálfsögðu mun ég mæta,“ sagði Kristján Þór. Honum væri sómi sýndur að fá að taka þátt í umræðu þingmanna „um þetta sorglega og suddalega mál“.

WWW.BILALAND.IS

# Yfirfarnir bílar á góðu verði

ÁSTANDSSKOÐAÐIR BÍLAR

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílarnir okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.




**SUBARU XV Lux**
Nýskr. 06/18, ekinn 9 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 4.990.000 kr.**




**DACIA Duster Prestige 4wd**
Nýskr. 02/18, ekinn 22 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 3.190.000 kr.**




**TOYOTA Yaris Style**
Nýskr. 01/18, ekinn 20 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.490.000 kr.**




**VW Golf Comfortline**
Nýskr. 03/18, ekinn 65 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.890.000 kr.**




**SUBARU Levorg Premium Eyesight**
Nýskr. 06/17, ekinn 41 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.590.000 kr.**




**RENAULT Koleos Zen 4wd**
Nýskr. 10/18, ekinn 44 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 4.990.000 kr.**




**NISSAN Qashqai Acenta 4wd**
Nýskr. 01/18, ekinn 49 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 3.790.000 kr.**




**HYUNDAI Kona Style 4wd**
Nýskr. 09/18, ekinn 2 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 4.490.000 kr.**




**MAZDA CX-5 Optimum**
Nýskr. 05/17, ekinn 41 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 4.590.000 kr.**




**HYUNDAI Tucson Classic 4wd**
Nýskr. 06/18, ekinn 57 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 3.990.000 kr.**




**MMC L200 Intens**
Nýskr. 07/17, ekinn 43 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 4.690.000 kr.**




**NISSAN X-Trail Acenta Plus 4wd**
Nýskr. 11/17, ekinn 32 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 4.790.000 kr.**




**LAND ROVER Discovery Sport S**
Nýskr. 05/17, ekinn 68 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 4.990.000 kr.**




**M. BENZ GLE 500e 4Matic PHEV**
Nýskr. 05/16, ekinn 41 þ.km,
bensín/rafmagn, sjálfskiptur.
**Verð 7.790.000 kr.**




**LAND ROVER Discovery 5 SE**
Nýskr. 05/17, ekinn 96 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 7.790.000 kr.**

ENNEMM / SÍA / NM96803

**Allt að 80% lán** **Ástandsskoðun** **Fjármögnun á staðnum**



**www.bilaland.is**

Bílaland – Kletthálsi 11 – 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar – Kauptúni 1 – 210 Garðabæ
Sími 525 8000 – bilaland@bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

bílaland

**Opið frá kl. 9–18 alla virka daga**
**og laugardaga frá kl. 12–16**








Tilfellin komu upp í hinni dreifbyggðu Innri-Mongólíu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Óttast afbrigði farsóttar

Kínverjar reyna að hefta útbreiðslu svartadauða í Mongólíu. Tveir hafa sýkst og eru nú í einangrun.

**KÍNA** Heilbrigðisyfirvöld í Kína reyna nú að hefta útbreiðslu afbrigðis svartadauða sem uppgötvast hefur í héraðinu Innri-Mongólíu. Vitað er um tvær manneskjur sem sýkst hafa af veikinni og er þeim nú haldið í einangrun.

Innri-Mongólía er mjög dreifbýlt svæði, það er að segja á kínverskan mælikvarða, í norðurhluta landsins. Á þriðjudag kom fólkið til höfuðborgarinnar Peking og leitaði sér aðstoðar á sjúkrahúsi. Þar voru þau greind með veikina.

Sjúkdómurinn sem bakterían Yersinia pestis veldur, þekktur undir nafninu svartidauði, hefur reglulega gengið yfir heimsbyggðina í faröldrum. Sá þekktasti var í Asíu og Evrópu um miðja 14. öld og olli dauða allt að 200 milljóna manna. Hálfri öld síðar geisaði faraldur hér á Íslandi.

Svartidauði er enn þá til og á sjöunda hundrað tilfelli koma upp á hverju ári, þá helst í Afríku sunnan Sahara, og leiða til meira en hundrað dauðsfalla. Þetta eru hins vegar afbrigði af pestinni sem leggjast á eitla líkamans eða í formi blóðsýkingar. Tilfellin í Kína eru lungnasýking sem er mun hættulegri því hún

> **»** Þetta eru hins vegar afbrigði af pestinni sem leggjast á eitla líkamans eða í formi blóðsýkingar.

berst ekki með snertingu heldur í gegnum öndunarfærin.

Þar sem svartidauði er bakteríusýking er hægt að lækna veikina með sýklalyfjum. En hún er hraðvirk og ef ekkert er að gert leiðir hún nær undantekningarlaust til dauða á aðeins einum sólarhring. Þessi tegund svartadauða hefur áður komið upp, til dæmis í Kína.

Bæði Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) og Smitsjúkdómastofnun Bandaríkjanna (CDC) fylgjast grannt með ástandinu í Kína. CDC hefur gefið út yfirlýsingu til að róa fólk, þar sem segir að kínversk yfirvöld hafi rannsakað alla þá sem gætu hafa komist í kynni við fólkið á þessum stutta tíma. Þá hefur einnig verið gripið til sóttvarna á þeim svæðum og allir sem mælast með háan hita verða rannsakaðir. **– khg**



Bændur mótmæltu nýlega hertum reglum um útblástur. NORDICPHOTOS/GETTY

# Lækka hraða vegna mengunar

**HOLLAND** Ríkisstjórn Hollands hefur ákveðið að lækka hámarkshraða á þjóðvegum landsins til að draga úr útblæstri og mengun. Forsætisráðherrann, Mark Rutte, segir þetta vera stórt skref í að takast á við mikla nituroxíðmengun.

Í dag er hámarkshraðinn á þjóðvegum Hollands 130 kílómetrar á klukkustund en hann verður lækkaður strax á næsta ári niður í 100. Eftir breytinguna mun Holland verða með einhvern lægsta hámarkshraða á meginlandi Evrópu.

Útblástur er mikið vandamál í Hollandi og landið hefur ekki náð markmiðum Evrópusambandsins í þeim efnum. Innviðauppbygging, til að mynda í flugrekstri og vegauppbyggingu, hefur tafist vegna þessa en Rutte segir að með hraðabreytingunni verði hægt að spýta í lófana á ný.

> **»** Í dag er hámarkshraðinn á þjóðvegum Hollands 130 kílómetrar á klukkustund en hann verður lækkaður strax á næsta ári niður í 100.

Hingað til hefur sökinni á miklum útblæstri að stórum hluta verið skellt á bændur. Í október keyrðu þeir á dráttarvélum í öllum helstu borgum landsins til að mótmæla hertum útblástursreglum.

Samband bílasala í Hollandi gagnrýnir áætlanir stjórnvalda og segja þær skila litlu í stóra samhenginu. Umhverfissamtök hafa hins vegar fagnað þeim og segja þær skref í rétta átt. **– khg**



IN SYNC.
ALLTAF.

SJÁLFFRÍSKANDI FARÐI,
FERSK OG FULLKOMIN
ÁFERÐ Í 24 TÍMA

Fyrsti farðinn frá SHISEIDO með ActiveForce™ tækni. Aðlagast húðinni.
Gefur raka og dregur úr glans. Smitast ekki, dofnar ekki og sest ekki í línur.

NÝTT SYNCHRO SKIN SELF-REFRESHING FOUNDATION SPF 30



SHISEIDO
GINZA TOKYO



Veglegur kaupauki fylgir þegar keyptar
eru vörur fyrir 7.800 kr. eða meira.*
*Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Meira
svona
alla daga

# Geta lent á vegg við endurfjármögnun

**Skert samkeppnishæfni bankanna dregur úr áhrifum vaxtalækkana Seðlabankans. Ný útlán til fyrirtækja hafa dregist saman á árinu. Bitnar á fyrirtækjum sem hafa ekki aðra valkosti við fjármögnun en bankalán. Fyrirtækjalánasafn Arion minnkar hratt.**



Íslensku viðskiptabankarnir hafa dregið töluvert úr útlánum til fyrirtækja á milli ára. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Skert samkeppnishæfni íslensku bankanna gerir það að verkum að viðspyrnan sem vaxtalækkunum Seðlabankans er ætlað að veita samdrætti í hagkerfinu verður minni en hún gæti annars verið. Þetta segir Finnur Árnason, forstjóri Haga, í samtali við Fréttablaðið.

Hagar réðust nýverið í útgáfur skuldabréfa upp á samtals 8 milljarða króna á skuldabréfamarkaði en að sögn Finns bauðst fyrirtækinu ekki bankalán á þeim kjörum sem stjórnendur þess sóttust eftir.

„Það virðist ekki vera nægt framboð af krónum á hagstæðum kjörum þrátt fyrir að vextir hafi lækkað töluvert. Þegar bankarnir geta ekki boðið samkeppnishæf kjör þá verða þeir að lána á hærri vöxtum, þeir missa af bestu lántakendunum og útlánin verða áhættusamari. Þeir eiga ekki kost á því að bjóða í bestu lántakendurna. Þar eru þeir ekki við borðið,“ segir Finnur.

Skerta samkeppnishæfni bankanna megi einkum rekja til heimatilbúins vanda. Þeir búi við háar eiginfjárkröfur, háar arðgreiðslukröfur frá eigendum og sértæka skattlagningu á borð við bankaskattinn, sem er hluti af kostnaðarverði á lánamarkaði. Þessir þættir hafi töluverð áhrif á kjörin sem bankarnir geta boðið heimilum og fyrirtækjum.

Hagar gátu gripið til þess að gefa út skuldabréf í krafti stærðar og trausts rekstrar. Finnur segir að skert samkeppnishæfni bankanna geti hins vegar bitnað verulega á fyrirtækjum sem hafa ekki aðra valkosti en bankalán. Nauðsynlegt sé fyrir heimilin og atvinnulífið að hafa valkosti þegar kemur að fjármögnun.

„Hagar eru komnir fyrir vind en ég óttast að þeir sem eru að fara að endurfjármagna sig á næstu mánuðum eða á næstu misserum geti lent á vegg. Kjörin verða ekki með þeim hætti sem æskilegt er þrátt fyrir að stýrivextir hafi lækkað.“

Eins og greint var frá í Markaðinum í gær stefnir Arion að því að minnka lánasafn bankans til fyrirtækja um 20 prósent fyrir árslok 2020 en í lok þriðja ársfjórðungs nam bókfært virði fyrirtækjalána bankans um 404 milljörðum.

Útlánasafn Arion til fyrirtækja hefur dregist saman um tæplega sjö prósent á fyrstu þremur fjórðungum ársins. Stjórnendur bankans telja að arðsemi af fyrirtækjaútlánum bankans sé ekki ásættanleg og er stefnt að því að hún verði yfir tíu prósent.




### Vaxtamunur minnkar

Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans, segir að bankaskatturinn sé vissulega einn þáttur sem taka þurfi með í reikninginn þegar bankinn ákvarðar vexti.

„Það sem skiptir mestu máli er að það sé fyrirsjáanleiki í því hvernig skatturinn muni breytast þannig að við getum stýrt verðlagningu með réttum hætti. Vaxtamunurinn á Íslandi er vissulega hærri en víða annars staðar, aðallega vegna þess að við verðum að standa undir töluvert hærri gjöldum en þekkjast í nágrannalöndunum. Vaxtamunurinn hjá Landsbankanum hefur á hinn bóginn verið að minnka á sama tíma og hagkvæmni í rekstri hefur aukist. Það hefur gert okkur kleift að lækka vexti umtalsvert.“

Á heildina litið hafa ný útlán íslensku bankanna til fyrirtækja dregist töluvert saman á milli ára. Nettó ný útlán til fyrirtækja miðað við síðustu sex mánuði á undan námu um 150 milljörðum í ágúst á síðasta ári en í sama mánuði í ár nam upphæðin tæplega 70 milljörðum. Lilja Björk bendir á að á síðasta ári hafi bankarnir lánað umtalsvert meira til fyrirtækja en árin á undan. Samanburður milli ára verði að taka mið af því. Á síðasta fjórðungi ársins 2018 hafi bankarnir hins vegar byrjað að draga úr nýjum útlánum vegna óvissu um framtíð WOW air.

„Við þurftum að horfa gagnrýnum augum á efnahagsumhverfið eins og önnur fyrirtæki og frekar draga úr heldur en að gefa í, enda mikil óvissa um hversu víðtæk áhrifin af falli WOW air yrðu,“ segir Lilja Björk.

Ný útlán Landsbankans á fyrstu níu mánuðum þessa árs námu alls 70 milljörðum króna. Þar af voru 40 milljarðar vegna lána til einstaklinga, aðallega til fasteignakaupa, og um 30 milljarðar vegna lána til fyrirtækja. „Það er mikilvægt að einstaklingar hafi aðgang að hagstæðum og góðum kjörum á fasteignalánum. Þetta skiptir meðal annars miklu máli fyrir byggingaverkefni sem nú er unnið að,“ segir Lilja Björk.

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis í október var rætt um að aðgerðarleysi stjórnvalda þegar kemur að rekstrarumhverfi bankanna geti orðið til þess að niðursveifla hagkerfisins verði dýpri en ástæða er til. Þar sagði Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, að verulegt áhyggjuefni væri að sjá snarpan viðsnúning í útlánum bankanna. Stjórnvöld gætu brugðist við með því að lækka sértæka skatta á banka hraðar en áform væru um en í vor var lækkun bankaskattsins frestað til ársins 2021.

**thorsteinn@frettabladid.is**

> **Við þurftum að horfa gagnrýnum augum á efnahagsumhverfið og frekar draga úr heldur en að gefa í.**
>
> Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans

> **Ég óttast að þeir sem eru að fara að endurfjármagna sig á næstu mánuðum eða á næstu misserum geti lent á vegg.**
>
> Finnur Árnason, forstjóri Haga

## Lausafjárstaðan gæti verið betri

Á síðasta fundi Fjármálastöðugleikaráðs í lok september kom fram að viðnámsþróttur bankanna væri enn töluverður en lausafjárstaða þeirra, sérstaklega í íslenskum krónum, gæti verið betri. Einnig var vikið að lausafjárstöðunni á fundi ráðsins í sumar en þá var tekið fram að staðan hefði versnað. Í riti Seðlabankans um fjármálastöðugleika í október kom fram að hágæða lausafjáreignir bankanna í krónum hefðu lækkað um 182 milljarða króna frá miðju ári 2017. Þannig var lausafjárhlutfallið í lok annars fjórðungs lægst hjá Landsbankanum, 45 prósent, 94 prósent hjá Íslandsbanka og 116 prósent í tilfelli Arion banka. Til samanburðar var sambærilegt hlutfall á bilinu 90 til 193 prósent á árinu 2016.





MAMMUT Dagar
14. - 23. nóvember
20% afsláttur af
öllum MAMMUT vörum
SLAP— FIRST TRACK FINDER
MAMMUT
SWISS 1862
EVEREST
Skeifunni 6 · www.everest.is

# TILVERAN


















# Brú milli okkar og vélanna

**Hvernig horfir íslenskan við blindu og sjónskertu fólki? Þessi hópur notar tæknina mikið en tækin tala oftast ensku þó nýjungar séu í vændum. Miklu máli skiptir að vefir séu aðgengilegir og á vandaðri íslensku. Dagur íslenskrar tungu er á laugardaginn.**

Inga Rún Sigurðardóttir
ingarun@frettabladid.is



Það sem stendur helst upp úr er hvað það er mikið rými fyrir sköpun í starfinu. Það er mikið pláss fyrir hugkvæmni og hugvit," segir Rósa María Hjörvar um starf sitt síðastliðið ár sem aðgengisfulltrúi hjá Blindrafélaginu en á undan því hafði hún verið virk í starfi félagsins með ýmsum hætti.

„Fólk er að reyna að finna leiðir til að nýta sér íslenskuna og koma henni inn í framtíðina," segir Rósa, sem er núna í doktorsnámi í bókmenntafræði við Háskóla Íslands þar sem hún er líka stundakennari.

**Móðurmálið kjarninn**

„Það er algjör kjarni í aðgengismálum að geta notað móðurmál sitt. Það er ekki eingöngu eitthvað sem snertir blinda og sjónskerta," segir hún en mikilvægast sé að tryggja lýðræðislegt aðgengi allra að upplýsingum.

„Þetta verður áþreifanlegra fyrir til dæmis blinda því stoðbúnaðurinn okkar krefst íslenskunnar þar sem við erum að nota íslenska talgervla og talgreini," segir Rósa en sjálf er hún með arfgengan hrörnunarsjúkdóm í sjónhimnu sem kallast RP.

„Það er líka nýtt hjá Blindrafélaginu að hafa starfandi aðgengisfulltrúa í fullu starfi og það er nóg að gera," segir Rósa en Hlynur Þór Agnarsson tók við starfi hennar í síðasta mánuði en hún einbeitir sér nú að náminu. „Ég held að fólk sé að ranka við sér og átta sig á því að við getum orðið sérfræðingar í mörgu en að við verðum ekki sérfræðingar í ensku. Íslenskan er klárlega kjarnafærni og hæfni sem við getum ræktað frekar en aðrir. Það er að renna upp fyrir mörgum og sumum er illa brugðið," segir Rósa. Þá er hún að vísa til frétta af börnum sem tala jafnvel saman á ensku og tala líka við tækin sín á ensku.

> **Ef vefurinn er góður fyrir blinda og sjónskerta þá er hann aðgengilegur öllum.**
>
> Rósa María Hjörvar



„Hverjum er ekki sama um „mér hlakkar" eða „mig hlakkar"? Það skiptir frekar máli að maður geti yfirhöfuð notað tungumálið sitt. Margt tengt tungumálinu tengist okkar innstu sjálfsvitund og hver við erum. Það er svo margt sem er ekki hægt að þýða. Ef maður missir tenginguna við móðurmálið er hægt að missa hluta af sjálfum sér."

*Er meiri hætta á því að blindir eða sjónskertir lendi í því?*

„Það er meiri hætta á því að fólkið okkar einangrist. Það er þumalputtaregla að 70 prósent af blindu fólki eru 70 ára og eldri. Þetta er kynslóð sem hefur ekki haft jafn mikil kynni af ensku og yngri kynslóðir. Hún gæti bjargað sér á veitingastað en ef hún ætlar að panta vörur eða þjónustu, eða stofna til bankaviðskipta, er hún algjörlega háð íslensku," segir hún.

**Tækifæri með tækninni**

„Þegar við sjáum það að þjónustan er sífellt meira að færast inn í rafrænt umhverfi sem er ekki aðgengilegt fyrir þennan hóp, er það mikið vandamál því þessi hópur getur einangrast sem er asnalegt því hann gæti verið svo rosalega sjálfbjarga," útskýrir Rósa.

„Þessar tækniframfarir sem hafa orðið undanfarið eru algjör bylting," undirstrikar Rósa og segir að fyrir 40 árum hefði það vart verið mögulegt fyrir hana að fara í doktorsnám í bókmenntafræði. „Það hefði allavega þurft her af aðstoðarmönnum til að lesa upp. Tæknin hefur veitt mikilvæg tækifæri en svo vantar bara þetta síðasta upp á, að hún komi til manns og sé til staðar á því tungumáli sem maður talar," segir hún.

„Blindrafélagið er í miklu alþjóðlegu samstarfi og við verðum stundum alveg græn af öfund þegar við hittum félaga okkar í Bandaríkjunum og Evrópu og sjáum þá möguleika sem fólk hefur þar til að lifa sjálfstæðu lífi með tækninni eins og að panta sér mat eða nota róbótaryksugur. Á meðan erum við að reyna að koma íslenskunni inn í einföldustu tæki."

Núna er að koma kynslóð inn í hópinn sem Blindrafélagið þjónar sem er von að nota tækni og vill nota hana áfram. „Við erum að fara að taka á móti '68 kynslóðinni inn í hóp eldri borgara. Ég get ekki ímyndað mér að þau sætti sig við að hringja í eitthvert þjónustuver sem er bara opið á mánudögum eða eitthvað slíkt á meðan allir aðrir geti sótt sér upplýsingar hvenær sem er."

**Gott fyrir alla**

Rósa segir líffræðilega hrörnun á augum byrja um fimmtugt og þá þurfi flestir meira ljós og skerpu. „Það er gott fyrir alla ef letrið er nokkuð skýrt og hlutirnir vel upp settir. Það reynir líka á þá sem eru með fulla sjón ef letrið er illlæsilegt."

Vefþula Blindrafélagsins er komin á ýmsa vefi en þá er hnappur

Framhald á síðu 16

## Stefnan tekin í snjallhátalara

Albert Guðmann Jónsson er í forsvari fyrir vinnu Landsbanka Íslands um gerð Talbankans, sem er raddstýrð bankaþjónusta á íslensku. Albert gerði prótótýpu til að sanna að þetta gæti virkað og fékk síðan nemendur við Háskólann í Reykjavík til að þróa þetta áfram sem lokaverkefni við skólann og úr varð hugbúnaður sem virkar. Ekki er búið að ákveða hvenær Talbankinn kemst í notkun.

„Þetta mun nýtast vissum hópi viðskiptavina. Þetta tengist líka ákveðinni framtíð en talvirkni er að aukast í heiminum og mun aukast líka hér á Íslandi. Aðalvandamálið núna snýst um að öll þessi tæki, Google Home og Amazon Echo, styðja ekki íslensku eins og staðan er í dag. Um leið og þau opna á íslensku, sem þau munu gera, gætum við komið okkur inn í þessi tæki. Þar held ég að framtíðin liggi, að þú komist í samband við Landsbankann í gegnum þessi tæki," segir Albert sem telur að það sé aðeins tímaspursmál hvenær íslenskan verði hluti af snjallhátölurunum.

„Þangað til er hægt að vera með Talbankann í sér appi eða jafnvel inni í Landsbankaappinu. Við sýndum fram á það að það er hægt að búa til sér app sem þú getur talað við. Það er klárlega minni notkun á því heldur en ef þú kæmist alla leið inn í tækin sem fólk er að nota dagsdaglega," segir hann.

> **Talvirkni er að aukast í heiminum og mun aukast líka hér á Íslandi.**
>
> Albert Guðmann Jónsson



„Núna er Landsbankinn með rafrænan þjónustusíma sem er mikið notaður. Talbankinn gæti mögulega tekið yfir einhvern hluta af þeirri starfsemi. Möguleikarnir eru margir en við erum ekki alveg búin að ákveða hvar við stigum niður í þessu. Þetta er mjög spennandi," segir Albert.

„Það sem mér finnst við hafa sýnt fram á með Talbankanum er að það er alveg hægt að púsla saman lausnum sem skilja tal og tala til baka. Það er hægt að búa til gervigreind sem kann að svara alls konar fyrirspurnum í tali á íslensku."







# „DROTTNING ÍSLENSKRA GLÆPASAGNAHÖFUNDA“

**THE GUARDIAN**



„Verk Yrsu standast samanburð við það sem best gerist í glæpasögum samtímans, hvar sem er í heiminum.“

Times Literary Supplement




**ÞÖGN EFTIR YRSU SIGURÐARDÓTTUR**

Á köldum degi hverfur lítil stúlka úr barnavagni í Reykjavík, fædd af íslenskri staðgöngumóður. Ellefu árum síðar deyr telpa úr mislingum og faðirinn vill jafna sakir við þann sem smitaði dótturina. Kona finnst látin í yfirgefinni bifreið og yfir og allt um kring er þögn sem enginn vill rjúfa.

**2.**

**Metsölulisti Eymundsson**

**Allar bækur**

BJARTUR | VERÖLD

bjartur-verold.is

# TILVERAN



Framhald af síðu 14

merktur „hlusta“ á vefnum en þetta geta allir notfært sér. „Þetta nýtist fólki í alls konar aðstæðum þegar það er svolítið blint og sjónskert,“ segir hún, eins og til dæmis þegar fólk er í símanum í mikilli sól eða er að keyra.

Gott aðgengi á vef gagnast öllum. „Þumalputtaregla í aðgengisvinnu er að hún bætir alltaf flæðið á vefnum,“ segir Rósa en vefir geta enn fremur orðið hraðari við að aðgengismálin séu tekin í gegn. „Það að tryggja aðgengi er ein tegund af gæðastjórnun sem er einfalt að ganga úr skugga um. Þá veit maður að það er búið að velta fyrir sér spurningum á borð við hvert sé markmiðið með þessari síðu og hvert fólk eigi að fara. Það verður allt skýrara. Ef vefurinn er góður fyrir blinda og sjónskerta þá er hann aðgengilegur öllum,“ segir hún en eitt erlent dæmi um þetta er að stór vefverslun í Svíþjóð fékk 3-4 prósenta aukna veltu eftir að hafa tekið aðgengismálin á vefnum í gegn.

„Þótt fólk detti ekki alveg inn í okkar hóp samkvæmt skilgreiningum eru margir sem geta af alls konar ástæðum átt erfitt með að rata í gegnum ferli á vefsvæðum ef þau eru ekki vel skilgreind.“

Notkun íslensku tengist inn í þessi mál. „Það að texti sé vel skiljanlegur og einfaldur, að hann tjái það sem þarf að koma til skila, það getur skipt sköpum um hvernig maður ratar í gegnum svona ferli,“ segir Rósa.

**Myndum breytt í texta**

Dæmi um nýjungar í vinnslu á alþjóðavettvangi er hljóðleiðsögn í kortakerfi Google. „Tilgangurinn er að þú getir algjörlega án þess að kíkja á nokkurn skapaðan hlut fengið að vita hvar þú ert og hvar áfangastaðurinn þinn er. Þetta krefst mikillar nákvæmni í GPS,“ segir Rósa og bætir við að mikil vinna fari jafnframt fram í myndgreiningum, því ferli að geta breytt myndum í texta.

„Sjálfkeyrandi bíllinn sér með myndavél og þarf að breyta þeirri mynd í eitthvað vitsmunalegt sem gervigreindin getur túlkað. Það eru alls konar umbreytingar að gerast í tengslum við gervigreind sem koma okkur mjög vel. Myndgreiningin eins og með þessum kínversku eftirlitsmyndavélum er orðin rosalega nákvæm, sem er siðferðilega slæmt, en rosalega gott fyrir blint fólk,“ segir Rósa og hlær við. „Við getum svo vel nýtt okkur þessar upplýsingar.“

**Talar við dyrabjölluna**

Hún tekur dæmi af vini sínum í Svíþjóð sem er með Google-dyrabjöllu tengda við Google Home-tækið sitt. „Hann er búinn að skanna inn myndir af flestöllum sem hann þekkir og þegar einhver hringir dyrabjöllunni segir Google við hann: „Þetta er mamma þín,“ eða „Jói“, eða „einhver sem þú þekkir ekki“. Fyrir blint fólk sem býr eitt væri þetta frábær öryggisviðbót en eins og er er þetta bara aðgengilegt á ensku fyrir okkur,“ segir hún.

„Við þurfum að spýta í lófana. Ríkisstjórnin á mikið hrós skilið fyrir að hafa fundið fé fyrir máltækniáætlun og henni hefur verið hrint í framkvæmt. Það mun gerast mjög margt á næstunni en við erum háð því að einhver af þessum tæknirisum ákveði að íslenskan sé áhugaverð.“

Hún rifjar upp að Google hafi tekið íslenskuna með ekki síst fyrir tilstilli íslensks starfskrafts en því sé ekki að heilsa hjá Apple.

„Það situr einhver manneskja hjá Apple með bunka af bréfum á borðinu hjá sér þar sem stendur að það þurfi að bæta íslenskunni inn í iOS en það hefur aldrei borist svar frá þeim. En svo gæti það gerst allt í einu. Það er allt til staðar til þess að gera þetta en það kostar auðvitað tíma og fjárfestingu.“





**Innri vefir út undan**

Vinna stendur yfir varðandi innleiðingu tilskipunar frá Evrópusambandinu um aðgengismál á vefnum. „Hún gerir kröfu um að allir vefir sem eru að selja vöru og þjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu séu aðgengilegir sem og opinberir vefir og líka innri vefir. Það sem er sárast að lenda í og það sem maður lendir oftast í ef maður er blindur er að innra kerfi á vinnustöðum er ekki aðgengilegt. Það eru dæmi um það að fólk hafi menntað sig í mörg ár, fái svo draumavinnuna en komist svo að því fyrsta daginn í vinnunni að skjálesturinn virkar ekki fyrir skráningarkerfið eða gagnagrunninn sem það er að vinna í.“





Hún segir að aðgengismálin hafi þá orðið út undan við gerð innra kerfisins því þá hafi enginn blindur verið að vinna á vinnustaðnum og þetta ekki endilega þótt skipta máli. „Þetta er svo rosalega sárt. Það hefur verið mikið lagt upp úr því í túlkuninni á innleiðingunni á tilskipuninni á Norðurlöndum að hún verði til að tryggja að maður geti unnið. Það er ótrúlega fúlt að þurfa að sitja heima á örorkubótum þegar maður hefur menntun og getu til að vinna, bara út af því að einhver setti kerfi upp á ákveðinn hátt.“

Dæmi um aðra tækninýjung sem nýtist mörgum eru hljóðbækur. „Gaman að því hve margir hafa uppgötvað ánægjuna í því að hlusta á bækur. Það getur verið mjög gaman að hlusta á bækur meðan maður er vaskar upp eða keyrir í vinnuna. Hluti af þessari tæknibyltingu er að allt í einu erum við komin með græju í vasann sem er mörg tæki í einu. Ég sat í pásu á milli tíma um daginn, fór á Amazon, náði í nýju bókina hans Sjóns og var byrjuð að lesa hana án þess að hafa staðið upp úr stólnum!“




**Munur að panta heim**

Hún tekur dæmi um hversu þægilegt það sé fyrir marga að nýta sér ýmsar vefverslanir og pöntunarþjónustu. „Það munar þvílíkt að geta pantað matinn heim heldur en að bíða í viku eftir liðveislu til að komast í Bónus. Fatlað fólk gerir ríkari kröfu um að taka þátt á eigin forsendum í dag. Við höfum ekki alltaf mannafla til að veita þann stuðning. Það er erfitt að fá liðveislu og fólk í vinnu, þó maður fái jafnvel notendastýrða persónulega aðstoð. Það er góð lausn fyrir alla að bjarga sér sjálfur,“ segir Rósa.

„Við sem höfum verið blind og sjónskert lengi erum oft fljót að prófa hlutina. Ég var til dæmis fyrsta manneskjan sem ég veit um sem notaði Eldum rétt. Maður grípur allt á lofti og sér möguleikana í því.“

Hún segir að ef afgreiðslan strandi á lélegu aðgengi sé það svekkjandi. „Maður getur kannski sett inn kortaupplýsingarnar en ekki ýtt á greiða. Eða valið vöruna en finnur ekki „mín karfa“ takkann. Maður er tilbúinn að leggja margt á sig en stundum er þetta ekki gerlegt. Það er ótrúlega frústrerandi.“

Rósu finnst spennandi tímar fram undan. „Fyrst snerist tæknin svo mikið um tölur, megabæti og skjákort en nú erum við komin á stað þar sem við erum að reyna að byggja brú á milli okkar og vélanna. Það er svo skapandi staður að vera á.“

## Hvenær kemur strætó?

„Þetta er radd-aðstoðarmaður sem verður fáanlegur fyrir Android- og iPhone-snjallsíma og verður ókeypis. Fítusinn í þessum fína aðstoðarmanni er að hann bæði skilur og talar íslensku,“ segir Vilhjálmur Þorsteinsson, hugbúnaðarhönnuður hjá Miðeind, um nýtt app sem verður formlega kynnt á degi íslenskrar tungu á laugardaginn.

„Það er nýjungin,“ segir Vilhjálmur um íslenskuna. „Þú getur spurt appið ýmissa spurninga með röddinni og svo svarar það með rödd,“ segir hann en hægt er að velja um kven- eða karlrödd. „Þetta fer allt fram á eðlilegri og rétt beygðri íslensku.“

Það er svokölluð prófunarútgáfa sem verður kynnt til sögunnar núna. „Við ætlum að prófa þetta áfram með aðstoð almennings eftir því hvar áhuginn liggur og leitum að samstarfsaðilum til að bæta virkni inn í appið.“

Aðstoðarmaðurinn getur svarað ýmsum spurningum. „Þegar appið kemur núna fyrst fram verður það duglegt að svara spurningum um strætó svo dæmi sé tekið. Það getur líka svarað spurningum um gengi gjaldmiðla, veðrið og veðurspána, hvar þú ert og hvað það er langt í ýmsa staði. Sterkasta hlið appsins verður strætó. Það getur sagt þér hvar næsta stoppistöð er, hvaða strætóar stoppa þar og hvenær þeir koma. Það eru meira að segja rauntímaupplýsingar um strætó. Appið getur líka sagt þér strætó er of seinn og allt er þetta á íslensku,“ ítrekar hann.

> Þetta fer allt fram á eðlilegri og rétt beygðri íslensku.
>
> Vilhjálmur Þorsteinsson



„Þetta er hugsað fyrir allan almenning en tilkoma þessa apps gleður líka þá sem eiga af einhverjum ástæðum erfitt með að nota skjá eða lyklaborð,“ segir Vilhjálmur.

**Máltæknivélin Greynir**

„Það er heilmikil máltæknivél á bak við þetta sem heitir Greynir. Hún les fréttir allan sólarhringinn alla daga. Máltæknivélin veit um titla á fólki og alls konar skilgreiningar á fyrirbærum,“ segir hann en til dæmis er hægt að spyrja hver sé seðlabankastjóri eða hver Katrín Jakobsdóttir sé og veit appið svarið við slíkum spurningum.

„Við erum að raða saman tæknipúslum sem hafa smám saman orðið til og nú er loks hægt að koma þessu saman í heildarapp,“ segir Vilhjálmur en ljóstrað verður upp um nafnið á appinu á laugardaginn.

## Augun þín

Doktor.is



Þau eru glugginn að sálinni, sagði einhver og líklega er það rétt að þau gefa manni ansi mikla innsýn í líf og líðan einstaklingsins. Við getum séð gleði og hamingju, en einnig sorg og myrkur með því einu að virða þau fyrir okkur og umgjörð þeirra. Hver þekkir það ekki að sjá glampann í augum einhvers og skynja strax tenginu við þann einstakling? Það er ekki að ósekju að talað er um að ná augnsambandi sem er sterkara en flest önnur samskipti sem við eigum við aðra.

Við notum augun til að sjá en það er ansi flókið fyrirbæri í raun. Þau virka eiginlega eins og myndavél sem tekur við ljósi í gegnum linsuna og brýtur það á ákveðinn máta. Ljósið þarf svo að berast að sjónhimnunni þar sem það umbreytist í rafboð, þau berast síðan með sjóntaugum að svæði sem kallast sjónheilinn eða „visual cortex“ og fyrst þar verður myndin sem við sjáum til. Þannig að myndvinnslan ef svo mætti kalla fer fram í heilanum og þess vegna getum við séð myndir og dreymt án þess að hafa augun opin. Þeir sem aldrei hafa séð geta einnig gert sér að hluta grein fyrir hvernig hlutir líta út. Það er svo auðvitað svo að úrvinnslan úr því sem við sjáum eða lesum fer fram einnig með flóknum tengingum, skilningur, minni og úrvinnsla koma þar að til viðbótar við myndvinnslu augna og heila.

Augun eru býsna flókin líffæri, viðkvæm og margvísleg vandamál geta hrjáð þau. Við sem sjáum erum svo vön því að við hugsum oft ekki nægjanlega vel um þau og finnst það alveg sjálfsagt að geta horft á bíómynd, lesið bók eða einfaldlega horft út í náttúruna. Það er langt frá því að vera það og eru margir sem þurfa gleraugu eða viðlíka leiðréttandi tól til að geta sinnt daglegum störfum. Hér einu sinni var algengt að fá sýkingar í augun og gátu þær leitt til blindu, í dag er algengara að fá einfaldari veirusýkingar sem valda óþægindum en ganga yfirleitt niður án meðferðar og eftirkasta.

Eftir því sem við eldumst breytast augun og þá geta myndast ský á augasteinum, glákan getur stungið sér niður með auknum augnþrýstingi og svo geta margir lífsstíls- og bólgusjúkdómar haft veruleg áhrif. Þar má nefna sem dæmi sykursýki, sjúkdóm með eyðileggjandi áhrif á sjónina ef blóðsykurstjórnun er ábótavant. Ef við horfum á sjón sem mengi augna, sjóntauga og heila þá er augljóst að blæðingar, blóðtappar og æxli í heila geta einnig leitt til verulegra sjóntruflana eða jafnvel blindu þótt ekkert ami að augunum sjálfum.

Þar sem augun eru eitt mikilvægasta og verðmætasta skynfæri okkar er sárgrætilegt að sjá til einstaklinga án hlífðargleraugna með slípirokkinn, logsuðutækið, flugeldana og þannig mætti lengi telja. Augnslys við vinnu eða íþróttir eru algengasta orsök blindu hjá ungu fólki og mætti í flestum tilvikum koma í veg fyrir þau með réttri vörn. Það er því augljóst að við sem sjáum og þykir það sjálfsagt getum átt í erfiðleikum með að setja okkur í spor þeirra sem það ekki gera. Breytingar á tækni og umhverfi gera það að verkum að hljóðbækur, fræðsla ýmiss konar og nálgun hefur þróast mjög hratt og til hagsbóta fyrir þennan hóp. En betur má ef duga skal, það er talsverð fötlun að vera blindur eða verulega sjónskertur og því vert að hlúa vel að þeim sem glíma við slík vandamál.

Teitur Guðmundsson
læknir



Sama verð og í fyrra!
HAUST
RESTAURANT
VINSÆLA AMERÍSKA JÓLAHLAÐBORÐIÐ SNÝR AFTUR
BIG AMERICAN
★★★★★
Christmas buffet
Jól alla daga með fjölskyldu og vinum á veitingastaðnum Haust.
Graskerssúpa, sætkartöflukrem, kleinuhringjabar, reykt andabringa, jólahús fyrir börnin, heilsteiktur kalkúnn, innbökuð hnetusteik, nautalund Wellington og margt fleira.
Verð:
9.900 kr.*
fimmtudags- til laugardagskvöld
7.900 kr.*
sunnudags- til miðvikudagskvöld
*Frítt fyrir 5 ára og yngri og hálft verð fyrir 6-12 ára
Jólabrunch
frá og með 16. nóvember
um helgar 4.950 kr*.
Hádegisverðarhlaðborð með jólaívafi
alla virka daga 3.950 kr.*
Glæsilegt Jólahlaðborð
Öll kvöld frá 14. nóvember til og með 1. janúar
Bókaðu borð á haust@haustrestaurant.is
eða í síma 531 9020
Sjá nánar á haustrestaurant.is/jol
Haust Restaurant | Fosshótel Reykjavík | Þórunnartúni 1



Laufaþrennan séð úr lofti, en aðeins sést í hluta Laufafells. MYNDIR/ÓMB

# Laufaþrenna að Fjallabaki

**Tómas Guðbjartsson** hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Að Fjallabaki er fjöldi náttúruperlna sem eru mörgum lítt kunnar. Það kemur á óvart því þær eru steinsnar frá fjölförnum viðkomustöðum eins og Landmannalaugum og Laugaveginum, einhverri frægustu gönguleið í heimi. Sumir þessara staða eru í felum og erfitt að komast að þeim nema gangandi. Þetta á þó ekki við um ljósbrúnt Laufafell og snoturt vatn, Laufavatn, sem liggur við rætur þess og meðfram mosavöxnu Laufahrauni. Laufafell sést víða af vestanverðu Fjallabaki, enda 1.164 m hátt. Þetta er dæmigerður stapi girtur hamrabelti efst, líkt og Herðubreið og Hlöðufell, og að mestu leyti úr líparíti eins og svo mörg fjöll á Torfajökulssvæðinu.

Talið er að Laufahraun hafi runnið eftir landnám en nokkrir gíganna sem það rann úr eru fylltir vatni og kallast Grænavatn. Tiltölulega auðvelt er að komast að Laufafelli á fjórhjóladrifnum bílum. Stefnan er tekin á vistlegan skála Útivistar sem heitir Dalakofi og stendur í 750 m hæð rétt norðan fjallsins og er hann hitaður upp með jarðhita. Hægt er að velja um nokkrar leiðir í Dalakofann, m.a. tvær af Fjallabaksleið nyrðri eða að sunnanverðu af Fjallabaksleið syðri. Hægt er að hefja gönguna frá skálanum eða aka að rótum fjallsins vestan megin. Þar liggur helsta gönguleiðin upp lausar skriður en suður- og austurhlíðar fjallsins henta alls ekki til uppgöngu. Af tindinum er frábært útsýni yfir að Hrafntinnuskeri og miðhluta Laugavegarins en einnig Reykjadali sem státa af óteljandi gufuhverum í sundurskornum ljósum giljum. Í suðri blasa Tindfjöllin við og í vestri Rauðfossafjöll og sjálf Hekla. En það er Laufaþrennan sem á athyglina skilið enda bjóða fell, vatn og hraun upp á einstakt litaspil.

Fyrir þá sem ekki eru spenntir fyrir fjallgöngu er tilvalið að ganga í kringum Laufafell. Frá Dalakofa er gengið í austur og Markarfljótinu fylgt norðan við Laufafellið. Þarna má sjá tilkomumikinn en nafnlausan foss í Fljótinu, eins og bændur kalla Markarfljótið á þessum slóðum. Haldið er áfram meðfram fjallinu í litla gróðurvin austan þess sem kallast Hvannstóð. Eftir það tekur Laufahraunið við með Laufavatni og fjölda annarra tjarna sem sumar fela sig í smágígum. Þetta er tæplega 15 km ganga úr Dalakofa og tekur daginn en er mest á jafnsléttu. Tilvalið er að gista í Dalakofa og skoða fleiri náttúruperlur í sömu ferð, t.d. Rauðfossafjöll og Reykjadali. Svæðið hentar einnig sérlega vel fyrir fjallahjól og hestaferðir.



Fókus á hjarta landsins



Laufafell er stapi eins og Herðubreið og sést líka víða að.



Laufavatn og Laufahraun bjóða upp á mikið litaspil og umhverfi þeirra er einstakt.

# UNDIRBÚÐU JÓLIN Í NETTÓ!



-40%

**Hangi-grís úr reyktum grísahnakka**
Kjötsel
**1.679** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.798 KR/KG



-25%

**Hálfur lambahryggur**
Kjötborð
**2.099** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.799 KR/KG



-35%

**Grísaskankar**
Kjötborð
**389** KR/KG
**ÁÐUR:** 598 KR/KG



FRÁBÆRT VERÐ

**Heill kalkúnn**
Franskur
**1.198** KR/KG



-30%

**Léttreykt úrbeinað lambalæri**
Kjötsel
**2.589** KR/KG
**ÁÐUR:** 3.698 KR/KG

## LJÚFFENGT GÆÐAKJÖT Á TILBOÐSVERÐI!



-40%

**Bayonneskinka**
Kjötsel
**1.199** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.998 KR/KG




**Te&kaffi jólakaffi**
Baunir og malað
**999** KR/PK




**Coca Cola 4x2L**
Original, light, zero
**999** KR/PK




-25%

**Eplaskífur 20stk**
Coronet - 560 gr
**299** KR/PK
**ÁÐUR:** 398 KR/PK

**Bláber**
125 gr
**225** KR/PK
**ÁÐUR:** 449 KR/PK

-50%



nettó
*í jólaskapi*



## VERSLAÐU Á NETINU
## www.netto.is

**Tilboðin gilda 14. - 17. nóvember**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

**ÓDÝRAST Á NETINU Í VEFVERSLUN NETTÓ***

*Skv. könnun Fréttablaðsins

# Sendiboðinn



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Ekki er ofsagt að almenningur sé sleginn yfir upplýsingum í fréttaskýringarþættinum Kveik um viðskipti Samherja í Namibíu, en þar var fullyrt að félagið hefði greitt háttsettum mönnum í Namibíu meira en milljarð króna til að komast yfir kvóta. Myndin sem dregin var upp í Kveik var af gráðugum og forhertum mönnum sem svífast einskis til að fá sínu framgengt og víla ekki fyrir sér að arðræna heila þjóð, Namibíumenn. Séu upplýsingar þáttarins réttar, sem erfitt er að efast um, þá hefur Samherji brugðist íslenskri þjóð og skaðað orðspor landsins.

Þessi þáttur var sigur fyrir rannsóknarblaðamennsku en rothögg fyrir stórfyrirtækið Samherja. Stuttu eftir sýningu þáttarins kom yfirlýsing frá Þorsteini Má Baldvinssyni, forstjóra Samherja. Af henni mátti ráða að forráðamenn Samherja væru jafn slegnir og dolfallnir yfir upplýsingum þáttarins og þjóðin sjálf. Þeim fannst skelfilegt til þess að vita að aðalviðmælandi Kveiks, Jóhannes Stefánsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri fyrirtækisins, hefði gengið laus í Namibíu, vaðið þar uppi og stundað alls kyns ólöglega starfsemi og mútað áhrifamönnum meðan þeir sjálfir hafi verið algjörlega grandalausir hér heima.

Allt svínaríið sem flett var ofan af í þættinum átti semsagt að vera verk eins manns sem, að sögn Samherja, hafði vitanlega alla tíð verið ómögulegur starfsmaður. Ekki verður sagt að þessi skýring Samherja komi á óvart – ólíkt ýmsum upplýsingum sem Kveikur birti. Samherji kaus að velja þá alræmdu aðferð að skjóta sendiboðann. Oft hefur það dugað en ekki er ástæða til að ætla að það eigi við hér. Í stað þess að stunda þann ljóta leik hefðu forsvarsmenn fyrirtækisins vel getað mætt Kveiksmönnum í þættinum og svarað hinum alvarlegu ásökunum sem á þá eru bornar. Yfirlýsing Samherja í kjölfar þáttarins er ómerkilegt og máttlaust klór í bakkann. Sjálfsagt verður margslungnari skýring göldruð fram í bakherbergjum Samherja innan skamms.

> **Allt svínaríið sem flett var ofan af í þættinum átti semsagt að vera verk eins manns sem, að sögn Samherja, hafði vitanlega alla tíð verið ómögulegur starfsmaður.**

Í stað þess að mæta fréttamönnum Kveiks og svara fyrir alvarlegar ásakanir varð Þorsteinn Már að þola það að vera sýndur í þættinum á hlaupum undan þeim og tökumanni. Einstaklingar sem reyna að forða sér þegar fréttamaður spyr spurninga og stynja upp nokkrum setningum um veðrið og segjast vera á leið í kaffi virka ekki sérlega traustvekjandi. Það er mjög auðvelt að álykta sem svo að þeir hafi eitthvað að fela.

Jafn alvarlegt mál og þetta má ekki hljóta sömu örlög og svo mörg önnur þar sem fjaðrafok verður í nokkra daga en deyr síðan drottni sínum hægt og hljótt. Reyndar er íslenskur almenningur líklegri til að standa vaktina en stjórnmálamennirnir sem sumir hverjir munu ekki sjá hag sinn í því að halda málinu vakandi. Þeir virðast hafa meiri áhuga á að lækka veiðigjöld á stórfyrirtæki eins og Samherja.

Mál Samherja þarf að rannsaka ofan í kjölinn og ef það sem Kveiksþátturinn sýndi reynist rétt vera þarf að draga þá seku til ábyrgðar í réttarsal. Þannig verður réttlætinu þjónað.




Hafið samband á nordanfiskur@nordanfiskur.is eða í síma 430 1700

Norðanfiskur ehf. sérhæfir sig í framleiðslu á úrvals sjávarfangi til veitinga- og stóreldhúsa.

Einnig má finna vörur Norðanfisks í neytendapakkningum í verslunum Bónus um land allt.

norðanfiskur


## Halldór




## Frá degi til dags

**Loksins nýlenduveldi**

**Við Íslendingar höfum löngum horft til hinna Norðurlandanna og stillt okkur upp með þeim í alþjóðamálum. Við öpum eftir dönsku lagaverki, sænskri velferð og finnskum drykkjusiðum. Nú hefur okkur loksins tekist að koma okkur á sama stall sem nýlenduveldi. Í gegnum Vestur-Indíafélag Danmerkur eignaðist konungur þrjár Jómfrúaeyja í Karíbahafinu á 17. og 18. öld. Á sama tíma eignuðust Svíar eyjarnar Tóbagó, Gvadalúp og Sankti Bartólómeus. Auk þess eignuðust Danir, Norðmenn og Svíar ótal hafnarborgir víða í Ameríku, Afríku, Asíu og Eyjaálfu. Íslendingar reyndu að eignast sína fyrstu nýlendu í upphafi 20. aldar, Grænland, en hlegið var að þeim kröfum. Núna hlær hins vegar enginn.**

**Fyrirhyggjusemi**

**Árið 2017 styrkti útgerðarfélagið Samherji Afstöðu, félag fanga og áhugafólks um betrun, um 600 þúsund krónur. Var það til þess að bæta aðstöðu í líkamsræktarstöð Fangelsisins á Akureyri og festa kaup á tækjum fyrir hana. Formaðurinn, Guðmundur Ingi Þóroddsson, bendir á hversu mikið hyggjuvit stjórnarmenn Samherja hafi sýnt með þessu góðverki sínu og segir það geta verið sniðugt fyrir margan viðskiptamanninn að horfa fram í tímann og styðja félagið.**

**kristinnhaukur@frettabladid.is**

# Heilbrigðisþing 2019 á morgun, tökum þátt!



Alma D. Möller
landlæknir

Árið 2018 var haldið heilbrigðisþing þar sem til umfjöllunar var stefnumótun í heilbrigðisþjónustu. Þingið sóttu bæði leikir og lærðir og varð afrakstur þingsins hluti af Heilbrigðisstefnu sem samþykkt var á Alþingi í júní. Á morgun verður Heilbrigðisþing 2019 þar sem fjallað verður um siðferðileg gildi og forgangsröðun. Heilbrigðisráðherra hyggst nota umfjöllun þingsins sem fóður inn í tillögu til þingsályktunar um siðferðileg gildi og forgangsröðun.

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi slíkrar umræðu í ljósi þess að þörf fyrir heilbrigðisþjónustu og þar með kostnaður fer sífellt vaxandi. Mikilvægt er að ná sem bestri sátt í samfélaginu um hvernig skuli forgangsraða fjármunum og þjónustu þannig að virði heilbrigðisþjónustu verði sem mest (virði = árangur/kostnaður). Siðfræðileg stefnumörkun er mikilvæg í stefnumótun yfirvalda en getur einnig nýst læknum og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum í daglegu starfi. Þá er hún mikilvæg til að efla gegnsæi og traust við veitingu heilbrigðisþjónustu.

> **Mikilvægt er að ná sem bestri sátt í samfélaginu um hvernig skuli forgangsraða fjármunum og þjónustu þannig að virði heilbrigðisþjónustu verði sem mest.**

Umfjöllun þingsins verður skipt í þrjá efnisþætti: 1. Mannhelgi og virðing fyrir mannlegri reisn. 2. Þörf og samstaða. 3. Hagkvæmni og skilvirkni. Fulltrúar notenda, fræðimanna, stjórnenda og embættismanna flytja stutt og áhugaverð erindi. Jafnframt fara fram almennar en markvissar umræður. Sérstakur gestur þingsins er Göran Hermerén, fyrrverandi prófessor í læknisfræðilegri siðfræði við Háskólann í Lundi.

Þingið er öllum opið meðan húsrúm leyfir og eru þeir sem láta sig heilbrigðismál varða hvattir til að taka þátt. Það verður haldið á hótel Hilton Reykjavík Nordica föstudaginn 15. nóvember kl. 8.30-16. Aðgangur er ókeypis en skráning er nauðsynleg á heilbrigdisthing.is. Þar er að finna dagskrá og til að tryggja aðgengi sem flestra verður táknmálstúlkun og þinginu streymt, hægt verður að senda inn spurningar og ábendingar.

Kæru landsmenn, látum okkur málið varða, þannig gerum við góða heilbrigðisþjónustu enn betri.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
**LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Skilningsleysi afhjúpað



**Vilhjálmur Árnason**
prófessor í heimspeki og stjórnarformaður Siðfræðistofnunar

Það er full ástæða til að þakka Kára Stefánssyni fyrir grein sem hann skrifaði í Fréttablaðið 7. nóv. undir yfirskriftinni „Kannski það sé í lagi þegar maðurinn sem hefur forsætisráðherra að fífli er siðfræðingur“. Bæði er að greinin gefur mér kærkomið tilefni til að skýra þá lagasetningu sem um ræðir og svo afhjúpar hún svo skýrt skilningsleysi á málefninu að það sannfærir mig enn betur en áður um mikilvægi laganna. Í greininni er lýst mikilli furðu á því að í lögunum sé ekki skilgreint hvað séu vönduð vísindaleg vinnubrögð. Það er reyndar með ráðum gert og fyrir því eru tvær meginástæður. Önnur er að vísindamenn viti almennt fullvel hvað séu vönduð vinnubrögð og átti sig á því hvað séu óvandaðir og óheiðarlegir starfshættir sem hindra sannleiksleit í vísindum. Það er því sérstakt áhyggjuefni að fram kemur í greininni að viðmælendur Kára úr vísindasamfélaginu hafi ekki hugmynd um þetta atriði. Hin ástæðan fyrir að skilgreina ekki „vandaða starfshætti“ eða öllu heldur andstæður þeirra er að þegar slíkar skilgreiningar eru settar í lög þá býður það heim því sem kalla mætti „lagavæðingu“ siðferðilegra viðmiða. Reynslan hefur sýnt að það kemur oft í veg fyrir að hægt sé að taka af siðferðilegum og faglegum myndugleika á málum af þessu tagi. Lögmenn hengja sig gjarnan í skilgreiningar í lagatextum og reyna með hártogunum og undanbrögðum að verja skjólstæðinga sína, þótt við vísindasamfélaginu blasi að um ámælisverða hegðun sé að ræða.

Í lögunum er kveðið á um að „viðurkennd siðferðisviðmið í rannsóknum og skilgreiningar á brotum gegn þeim“ verði skráð og birt (6. gr.). Hér er líka saga að baki sem Kári á að þekkja. Fyrir nokkrum árum beitti Vísinda- og tækniráð sér fyrir því að mótuð væru „Viðmið um vandaða starfshætti og siðferði í vísindum og rannsóknum“. Fulltrúar úr vísindasamfélaginu, þ. á m. Íslenskri erfðagreiningu, unnu þessi viðmið og leituðu vitaskuld fyrirmynda úr alþjóðasamfélaginu. Andstætt því sem Kári segir eru slík alþjóðleg viðmið til og umræða um heiðarleika í vísindum (e. research integrity) hefur verið mikil á undanförnum árum. Og ekki að ástæðulausu, því að misferli og óheiðarleiki í vísindum er því miður furðu útbreitt og hvötunum til þessa virðist fara fjölgandi. Það er því áhyggjuefni að forstjóri stærsta rannsóknafyrirtækis Íslands standi á gati þegar þetta málefni ber á góma.

Eitt meginstefið í alþjóðlegri umræðu um þetta efni er að mikilvægasta úrræðið sé að bæta menntun vísindamanna sem efli skilning þeirra á því að gott siðferði sé óaðskiljanlegur hluti af vönduðu vísindastarfi. Þetta er talin árangursríkari nálgun en refsileiðin sem Kári kallar eftir þar sem megináhersla er lögð á viðurlög við brotum. Þarna leggur nefndin sem samdi lagafrumvarpið aftur traust sitt á vísindasamfélagið. Þar sé að finna skilning á heiðarlegum starfsháttum og að þar verði hægt að móta leiðir til að takast á við misferli og óheiðarleika. Andinn í lögunum er því að vísindasamfélagið ástundi sjálft eftirlit með góðum starfsháttum og miðlæga nefndin, sem að stærstum hluta verður skipuð fólki úr rannsóknarsamfélaginu, hafi einkum eftirlit með því að þetta sjálfseftirlit virki. Til hennar má síðan vísa málum sem ekki verða leyst með viðunandi hætti á vettvangi. Lögunum er því einkum ætlað að móta ramma um þessa málsmeðferð sem og að standa fyrir ráðgjöf og fræðslu eða eins og segir í lögunum (6. gr.): „Hlutverk nefndar er að upplýsa stjórnvöld, almenning og vísindasamfélagið um vandaða starfshætti í vísindum og um vísindasiðfræði og hafa eftirlit með því að siðferðileg viðmið séu í heiðri höfð í vísindasamfélaginu.“

Miðað við grein Kára í Fréttablaðinu er ekki vanþörf á þeirri upplýsingu sem hér er kveðið á um. Í orðum hans felst að hugmyndir um gott vísindasiðferði hamli vísindalegri framþróun. Lög um vönduð vinnubrögð í vísindum ganga hins vegar út frá þeim skilningi að þetta tvennt verði ekki sundur skilið. Ég held að sá skilningur sé raunar útbreiddur í vísindasamfélaginu og að skilningsleysi Kára sé sjaldgæf undantekning.

# Special Price for You, My Friend



**Benedikt Jóhannesson**
fyrrverandi fjármálaráðherra

**Allir segjast vera sammála því að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar, enda eru það lög í landinu.**

Alltaf þegar stjórnmálamenn úthluta takmörkuðum gæðum býður það spillingu heim. Þess vegna er markaðsleið eina réttláta aðferðin til þess að verðleggja kvótann. Enginn bjóst við því að horfið yrði frá spillingu eða sérhagsmunagæslu þegar núverandi ríkisstjórn tók við. Samt kom það jafnvel mér á óvart, að þegar VG gekk inn í sérhagsmunabandalagið hafði flokkurinn forystu um lækkun á veiðigjaldi, sem auðvitað rann í gegn.

Almenningi er varla misboðið lengur. Við erum orðin vön því að stjórnmálamenn ívilni útgerðarmönnum sem kveinka sér undan háum gjöldum til samfélagsins í formi auðlindagjalds, en verða ekki varir við að sambærileg fjárhæð rennur sem „ráðgjafakostnaður“ til vildarvina á suðlægum slóðum.

Allir segjast vera sammála því að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar, enda eru það lög í landinu. En þegar kemur að því að þjóðin fái sanngjarna greiðslu fyrir auðlindina vilja flestir stjórnmálamenn frekar styðja lítilmagnana í útgerðinni.

Viðreisn hefur engan áhuga á að „ná kvótanum“ af útgerðinni. Markmiðið er að þjóðin fái sanngjarnt gjald fyrir auðlindina. Þeir sem aðhyllast frjálsa samkeppni vilja að markaðurinn ákveði verðið fyrir afnotin, „vinir útgerðarinnar“ vilja að stjórnmálamenn ákveði verðið. Kannski hækkar það frá því sem nú er, kannski lækkar það.

Það er einföld leið til þess að nota markaðsverð strax á næsta ári. Ráðherra úthlutar núna 5,3% af kvótanum; í aflamark Byggðastofnunar, strandveiðar, byggðakvóta, línuívilnun, rækju- og skelbætur og frístundaveiðar. Bjóðum þennan hluta á markaði til að byrja með. Við getum jafnvel látið andvirðið renna beint til byggðanna. Þá er styrkurinn gagnsær.

Meginatriðið er þó að þá erum við komin með markaðsverð á kvótann og getum notað það til grundvallar auðlindagjaldinu. Til þess að gera þetta þurfum við stjórnmálamenn sem eiga sig sjálfir og þora að standa með þjóðinni.

En finnast einhverjir slíkir í sérhagsmunaflokkunum sem styðja ríkisstjórnina?

NÝR DISCOVERY SPORT M-HYBRID

UPPGÖTVAÐU
HRÍFANDI NÝJUNGAR

www.landrover.is

LAND ROVER
ABOVE & BEYOND



DÍSIL HYBRID VÉLATÆKNI,
NÝTT ÚTLIT OG INNRÉTTING

Land Rover kynnir nýjan Discovery Sport með blandaðri dísil hybrid vélatækni. Nýr Discovery Sport er einn glæsilegasti millistærðarjeppi sem völ er á. Nýtt útlit minnir á stóra bróður, sjálfan Discovery, og innréttingin er öll með glæsilegasta móti. Verið velkomin í reynsluakstur því sjón er sögu ríkari.



Land Rover Discovery Sport
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Verð frá: 6.890.000 kr.

LAND ROVER HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK, SÍMI: 525 6500

# Heilbrigð – með sykursýki Útilokun fyrir störf á Íslandi



**Ingibjörg Th. Hreiðarsdóttir**
ljósmóðir MS og hjúkrunarfræðingur BS

Sykursýki týpa 1 getur verið lífsógnandi sjúkdómur og verkefni daglegs lífs geta sannarlega verið áskorun fyrir einstaklinginn og nánasta umhverfi hans. Rannsókn sem var gerð við Stanford-háskóla í Kaliforníu í Bandaríkjunum árið 2014 gaf til kynna að einstaklingur með sykursýki týpu 1 (hér eftir T1) tekur að meðaltali um 180 ákvarðanir vegna sjúkdómsins á degi hverjum. Einstaklingar með T1 þurfa að búa yfir góðri þekkingu á viðbrögðum eigin líkama og áhrifaþátta á eigin blóðsykurstjórnun til að geta viðhaldið eigin heilbrigði. Ótal þættir hafa áhrif á blóðsykurstjórnun, s.s. fæðuinntekt, hreyfing, insúlíngjafir, streita og veikindi. Framþróun í meðferð og meðhöndlun er hröð og hafa einstaklingar sem greinast með sjúkdóminn tækifæri á að viðhalda eigin heilbrigði með hjálp tækninnar umfram það sem áður þekktist.

Sykursýki er samheiti yfir sjúkdóma sem eiga það sameiginlegt að valda of háum blóðsykri. T1 veldur algjörum insúlínskorti, meðferð er insúlín í stunguformi ævilangt. Meðferð með insúlíndælu verður æ algengari. Dælan gefur insúlín stöðugt undir húð og veitir möguleika á blóðsykursíritun á 5 mínútna fresti. Nýjasta dælan á íslenskum markaði leitast við að halda blóðsykri stöðugum og lærir á einstaklingsbundnar sveiflur.

Einstaklingar með T1 geta verið mjög heilbrigðir þó þeir lifi með lífsógnandi sjúkdóm. Erlendis er talað um sykursýki sem ástand (e. condition) en ekki einstaklinga sem sjúklinga. Það er mikið afrek að lifa með T1 svo árum skiptir með jöfnum og góðum blóðsykri og langtíma blóðsykurgildum á pari við þá sem teljast heilbrigðir án fylgikvilla sjúkdómsins. Sanngjarnt væri að uppskera væri í samræmi við slík afrek.

Ung kona lauk grunnnámi í flugumferðarstjórn árið 2012 og fékk atvinnuflugmannsskírteini ári síðar. Þegar hún var í atvinnuleit sem flugmaður greindist hún með T1. Blóðsykurstjórnun hefur alla tíð verið nánast fullkomin. Blóðsykurinn viðráðanlegur og hún hefur aldrei misst meðvitund vegna of lágs blóðsykurs. Hár blóðsykur hefur ekki verið vandamál. Hún er ekki með afleiðingar af sjúkdómnum, er heilbrigð og hraust og stundar hlaup og lyftingar. En má ekki starfa við það sem hún hefur menntað sig til.

Í haust sótti 23ja ára kona um námspláss í lögreglufræðum. Heilbrigð og hraust kona sem hefur lengi dreymt um að starfa í lögreglunni. Greindist fyrir 13 árum með T1. Blóðsykurstjórnun hefur yfirleitt gengið mjög vel, unglingsárin áskorun eins og gengur. Hún stundar reglulega hreyfingu og er í góðu formi líkamlega og andlega. Hún hefur námið með mikla eftirvæntingu. Þegar nokkrar vikur eru liðnar af fyrstu önn bóklegs náms fer hún í læknisskoðun fyrir starfsnámið. Hún fær ekki að hefja starfsnám í lögreglufræðum þó að heilbrigðisskoðunin hafi komið vel út. Ástæðan er að „sykursýki sem meðhöndluð er með insúlíni og/eða öðrum blóðsykurlækkandi lyfjum er útilokandi fyrir þátttöku í náminu“. Með öðrum orðum „computer says no“!

Sykursýki sem krefst lyfjameðferðar er útilokandi þáttur fyrir ákveðin störf á Íslandi. Það á við um flugmenn, lögregluþjóna, sjúkraflutningamenn og slökkviliðsmenn. Það er þó ekkert því til fyrirstöðu að einstaklingar með sykursýki týpu 1 mennti sig til starfa á sjúkrahúsum landsins. Það er ekkert því til fyrirstöðu að einstaklingur með T1 sé heilaskurðlæknir á Íslandi á sólarhringsvöktum svo dæmi sé tekið.

> **Einstaklingar með T1 geta verið mjög heilbrigðir einstaklingar þó þeir lifi með lífsógnandi sjúkdóm. Erlendis er talað um sykursýki sem ástand (e. condition) en ekki einstaklinga sem sjúklinga. Það er mikið afrek að lifa með T1 svo árum skiptir með jöfnum og góðum blóðsykri og langtíma blóðsykurgildum á pari við þá sem teljast heilbrigðir án fylgikvilla sjúkdómsins.**

Hvaða faglegu gagnreyndu rök geta legið fyrir útilokun sem þessari árið 2019? Leitað hefur verið svara frá þeim aðilum sem bera ábyrgð á matinu hér á landi. Svarið sem fengist hefur er: svona er þetta á hinum Norðurlöndunum og hefur verið svona síðustu 10 árin.

**Er ekki orðið tímabært að endurskoða reglurnar hér á landi?**

Reglurnar eru sannarlega sambærilegar á hinum Norðurlöndunum. Þar hafa háværar raddir kveðið á um mikilvægi endurskoðunar á reglum og að draga úr mismunun. Í Bandaríkjunum, Ástralíu og Kanada eru reglur þessar ekki á eins alhæfandi hátt. Einstaklingar með T1 eru þar jafnvel í æðstu stöðum lögreglunnar. Þar er heilbrigði metið ef engir fylgikvillar ástands (e. condition) eru til staðar sem geta haft áhrif á hæfni til starfs. Í upphafi þessa mánaðar var brotið blað í sögu einstaklinga með T1 í Kanada þegar fyrsti atvinnuflugmaður með sjúkdóminn hóf störf sem atvinnuflugmaður. Reglur/leiðbeiningar hafa verið gerðar þar um hvernig blóðsykurstjórnun skuli háttað fyrir flugtak og á meðan á flugi stendur, endurmat á heilbrigði verður árlegt.

Mat á heilbrigði þarf að vera gert á ígrundaðan einstaklingsbundinn hátt og uppfært í takt við nútíma læknavísindi. Heilbrigðir einstaklingar sem takast á við verkefni hversdagsins á framúrskarandi hátt eiga rétt á tækifærum sem þeir hafa unnið fyrir með því að bera ábyrgð á þeim baldna lífsförunaut sem T1 getur verið. Það er hvatning fyrir unga fólkið okkar til að bera ábyrgð á eigin lífi og að sinna þessum auka farangri með glæsibrag.





ENNEMM / SÍA / NM95114

**Sýndu skynsemi. Veldu nýjan i20.**

Nýr i20 er fáanlegur með sjálfvirkri neyðarhemlun, akreinavara og sjálfvirkri hækkun og lækkun aðalljósa. Innréttingin hefur fengið nýtt og vandaðra yfirbragð, nýr 7" snertiskjár nýtir sér fullkomnustu margmiðlunartækni á borð við Apple CarPlay™ og Android Auto™.

Verið velkomin að reynsluaka nýjum og glæsilegum Hyundai i20.

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 14. NÓVEMBER 2019



Söngkonan Billie Eilish hefur náð mjög langt á stuttum ferli, en hún hefur líka fengið mikla athygli fyrir óhefðbundinn fatastíl sinn. Hún var að gefa út varning í samstarfi við Urban Outfitters. →8






Björn Þór Heiðdal og saumakonan flinka Margrét Guðlaugsdóttir sem hafa veg og vanda af sérsaumuðum rúmfötum hjá Rúmföt.is. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Glæst og góð rúmföt fyrir alla

Aðeins það besta er nógu gott þegar kemur að rúmfatnaði hjá Birni Þór Heiðdal, eiganda verslunarinnar Rúmföt.is. Þaðan verður ekki aftur snúið þegar búið er að sofa einu sinni undir sérofnum ítölskum og þýskum rúmfötum. →2

Endurnærandi og friðsæll nætursvefn er tryggður í vönduðum og glæsilegum vefnaði rúmfatanna hjá Rúmföt.is.









Hjá Rúmföt.is finna allir sinn draumasængurfatnað og meira til. Úrvalið er heillandi þegar kemur að litum, munstrum og silkimjúkum vefnaði sem umvefur líkama og sál þegar hvílst er.

Framhald af forsíðu ➪

Góð rúmföt skipta máli," segir Björn Þór Heiðdal, eigandi verslunarinnar Rúmföt.is sem selur lúxus rúmfatnað frá Ítalíu, Þýskalandi og Kína.

„Ég hef haft áhuga á vönduðum rúmfötum frá því ég man eftir mér," segir Björn og heldur áfram: „Foreldrar mínir áttu Þvottahús A. Smith í Bergstaðastræti 52 og þar kynntist ég rúmfötum höfuðborgarbúa. Á æskuárunum lét mamma mig skipta reglulega um á rúminu mínu. Hún var vön að rétta mér hreinan bunka af rúmfötum sem pabbi og starfsfólkið hjá A. Smith hafði þvegið og straujað," rifjar Björn upp sællar minningar.

Hann segist elska að sofa undir vönduðum og góðum rúmfötum.

„Mamma keypti stundum rúmföt í Fatabúðinni og Verinu, en það kom líka fyrir að miðlungs góð rúmföt, sem dagaði uppi í þvottahúsinu, enduðu utan um sængina mína og koddann. Ég var hins vegar fljótur að skipta þeim út fyrir þessi góðu sem ég vissi að væru til uppi í skáp," segir Björn.

Eftir að rúmfataverslanirnar Verið og Fatabúðin hættu starfsemi segir Björn að erfitt hafi verið að nálgast gæðarúmföt og persónulega þjónustu á Íslandi.

„Rúmföt.is fetar að einhverju leyti í fótspor þessara eldri rúmfatabúða. Við bjóðum til dæmis upp á að sérsauma rúmföt í öllum stærðum og saumar Margrét Guðlaugsdóttir saumakona fyrir okkur glæsileg rúmföt úr hágæða efnum," upplýsir Björn en þess má geta að Margrét saumaði rúmfatnað fyrir Fatabúðina og Icelandair-hótelin á sínum tíma.

## Frá bestu vefurum heims

Rúmfötin sem Björn býður upp á í verslun sinni koma víða að úr heiminum og eiga sameiginlegt að vera þau allra vönduðustu sem völ er á.

„Hér fást rúmföt frá flottustu vefurum Ítalíu, til að mynda Quagliotti sem vefur dúka og sængurföt fyrir Elísabetu Bretadrottningu og sum af flottustu lúxushótelum veraldar," upplýsir Björn.

„Eftir ítarlega leit að bestu rúmfötum í heimi ákvað Hótel Ritz í París að bjóða gestum sínum upp á rúmföt frá Quagliotti og víðfræg lúxushótel eins og The Mark í New York, MGM í Macau, The Peninsula í Hong Kong, Armani í Mílanó og 101 Reykjavík Hótel bjóða gestum sínum líka að sofa í Quagliotti-rúmfatnaði," segir Björn, stoltur af einstökum rúmfötum ítalska vefarans sem sigrað hefur heiminn.



> Sængurföt eru fremur áhugamál en bisness í mínum huga og því reyni ég að hafa álagningu í lágmarki. Ég spyr aldrei hvað sé ódýrt; bara hvað sé það besta.

Í Rúmföt.is fæst einnig gæða rúmfatnaður frá þýska vefaranum Curt Bauer.

„Mér fannst ég þurfa að bjóða upp á breiðara vöruúrval þegar ég opnaði nýju búðina á Nýbýlavegi 28 og eiga eitthvað til handa öllum. Ég vil að fólk geti komið í búðina mína og fundið rúmföt sem það virkilega langar í. Þýsku rúmfötin eru kannski ekki ódýr en þau eru virkilega mjúk, falleg og endingargóð," segir Björn.

## Vinsælar nýjungar

Ómótstæðilegar vörur fást nú fyrir jólin hjá Birni í Rúmföt.is.

„Við vorum að fá Mulberry-silkikoddaver í nokkrum litum en þau hafa verið mjög vinsæl og kosta aðeins 5.900 krónur án kants," upplýsir Björn sem á einnig von á alvöru lúxus dúnsængum frá þýska fyrirtækinu OBB.

„Sængurnar frá OBB eru úr dýrasta gæsadúni sem völ er á. Ég sá þær á sýningu í janúar og kolféll fyrir þeim. Ytra byrðið er úr 460 þráða bómullar-percale efni með Aloe vera-áferð og það gerist ekki mýkra né flottara," segir Björn og hjá Rúmföt.is er í nógu að snúast hjá Möggu saumakonu við að sauma dásamleg vöggusett úr 600 þráða ítölskum satínefnum sem eru tilvalin vöggugjöf eða jólagjöf handa hvítvoðungum.

## Sanngjarnt verð

Þegar kemur að innkaupum á rúmfatnaði hefur verð lítil áhrif á val Björns.

„Ég spyr aldrei hvað sé ódýrt; bara hvað sé það besta. Sumir sætta sig við 200 þráða rúmföt en ég vil aðeins það flottasta, 300 til 600 þræði úr bestu fáanlegu efnum. Sængurföt eru fremur áhugamál en bissness í mínum huga og því reyni ég að hafa álagningu í lágmarki. Verð á rúmfötunum eru því ekki há miðað við einstök gæðin," upplýsir Björn um yndisleg rúmföt sem fást í úrvali lita og fallegum mynstrum við allra hæfi.



Einstök rúmföt frá Ítalíu, Þýskalandi og Kína bíða nýrra eigenda í Rúmföt.is.

Rúmföt.is selur einnig vönduð, kínversk rúmföt.

„Í Kína látum við framleiða fyrir okkur gæðarúmföt úr 300, 600 og 800 þráða satín- og damask-efnum. Gæðin eru mikil og verðin enn betri," segir Björn og bætir við að hægt sé að fá mjög glæsilegan satínrúmfatnað á 10.900 krónur fram að jólum. „Það eru gæði sem aðrar búðir rukka mun meira fyrir og jafnvel selja ekki," segir Björn.

## Frábærar viðtökur

Verslunin Rúmföt.is hefur fengið frábærar viðtökur og salan hefur farið fram úr björtustu vonum síðan hún var opnuð á Nýbýlavegi 28 í fyrra.

„Ég er innilega ánægður með viðtökurnar og sérstaklega hversu margir hafa komið aftur til að eignast fleiri gæðarúmföt. Það leynir sér ekki að þeir kunna að meta gæðin og láta mig vita af því sem er alltaf gefandi og gaman," segir Björn.

Rúmföt.is er á Nýbýlavegi 28. Sími 565 1025. Opið alla virka daga frá klukkan 12 til 18 og á laugardögum frá klukkan 11 til 15. Skoðið úrvalið á rumfot.is.







hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is














Emilia Clarke þykir alltaf líta vel út á rauða dreglinum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hæfileikarík og heillandi

**Leikkonan Emilia Clarke hefur verið þekkt fyrir að bera af á rauða dreglinum. Leikkonan sem er þekktust fyrir að leika hlutverk Daenerys Targaryen í sjónvarpsþáttunum vinsælu Game of Thrones mætti nýlega á frumsýningu myndarinnar Last Christmas í London.**


Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is




Emilia Clarke fer með eitt aðalhlutverk myndarinnar en hún er einnig sýnd í kvikmyndahúsum hér á landi. Á frumsýningunni skartaði Clarke svörtum millisíðum Prada-kjól með kristalsskreyttum kraga sem var opinn frá hálsi og niður að mitti.

Emilia Clarke er mjög ólík persónunni sem hún lék í Game of Thrones og oft erfitt að átta sig á að hún sé sama manneskjan þegar hún birtist á rauða dreglinum. Hún hefur birst með ólíkar hárgreiðslur og háralit og sama hvernig hún klæðir sig, greiðir sér eða litar á sér hárið, allt virðist fara henni vel.

Leikkonan sagði í viðtali við kvikmyndavefinn Indiewire að hún hefði verið tilbúin að segja skilið við Game of Thrones og snúa sér að öðrum verkefnum. Persónan sem leikur í Last Christmas er mjög ólík persónunni í þáttunum, hún hefur lifað af lífshættulegan sjúkdóm rétt eins og leikkonan sjálf.

„Það var ótrúlegt að lesa handritið því það er líf mitt á þessu augnabliki," sagði Clarke í viðtalinu við Indiewire. Hún segir að persónan Kate í Last Christmas upplifi óttann sem hellist yfir fólk þegar líkaminn bregst því. Leikkonan sjálf segir að í slíkum tilvikum upplifi fólk óttann við að deyja og geti verið hrætt við einföldustu hluti í mörg ár.

Emilia Clarke fékk blæðingu inn á heila meðan hún lék í Game of Thrones og þurfti að fara í tvær heilaskurðaðgerðir. Hún var 24 ára þegar hún veiktist fyrst en



Emilia Clarke í Prada-kjól á frumsýningu Last Christmas í London. NORDICPHOTOS/GETTY

hún hefur nú stofnað góðgerðarsamtökin SameYou sem hafa það að markmiði að hjálpa fólki sem hefur hlotið heilaskaða eða fengið heilablóðfall að fá betri aðgang að endurhæfingu.

Fyrir utan Game of Thrones og Last Christmas lék Emilia Clarke nýlega í spennutryllinum Above Suspicion og stjörnustríðsmyndinni Solo: A Star Wars Story. Það verður áhugavert að sjá hvaða hlutverk þessi hæfileikaríka unga leikkona mun taka að sér í framtíðinni.



Leikkonan á margt sameiginlegt með persónunni sem hún leikur í Last Christmas. NORDICPHOTOS/GETTY




Leikkonan hefur gengið í gegnum erfiða lífreynslu sem hún nýtti til góðs. NORDICPHOTOS/GETTY



GLÆSILEGUR FATNAÐUR FYRIR HÁTÍÐARNAR



Fylgdu okkur á Facebook

BERNHARÐ LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ

TRAUST Í 80 ÁR

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is


SMART BUXUR FYRIR SMART KONUR
My Style tískuhús
NETVERSLUN WWW.TISKUHUS.IS
my style
Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Lifandi fréttamiðill með nýjustu fréttum allan sólarhringinn ásamt ítarlegri umfjöllun um málefni líðandi stundar.


SAFNIÐ
Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

# Sturlaðar tískustaðreyndir

**Það er ekki öll vitleysan eins og á það ekki síst við um heim tískunnar. Hér eru nokkrar furðulegar staðreyndir tengdar tísku.**

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is


- Sagt er að faðir Jordans hafi verið myrtur af manni, sem klæddist Jordan-bol.
- Litli vasinn sem er oft fyrir ofan þann stærri á gallabuxum var notaður undir úr áður fyrr.
- Það á að fjarlægja litla X-laga sauminn sem er gjarnan aftan á nýjum frökkum og kápum.
- Sama gildir um vasa á kápum og frökkum sem eru saumaðir saman. Ástæðan fyrir því að saumað er fyrir þá er einfaldlega til að vernda þá gegn ágangi þeirra sem máta flíkina.
- Til er brjóstahaldari sem er einnig hægt að nota sem gasgrímu.
- Þá er rithöfundurinn Mark Twain talinn hafa fundið upp krókinn á brjóstahöldurum.
- Á sjöunda áratug 18. aldar voru svokallaðir „pannier“ kjólar vinsælir en þeir voru stundum svo breiðir að konur festust í dyrum.
- Eftir sjóorrustu á milli franska og breska sjóhersins árið 1778 varð um stund vinsælt meðal þjóðernissinnaðra franskra kvenna að nota hatta sem voru hannaðir til þess að líta út eins og skip með seglin uppi.





**Skórnir sem Dórótea klæddist í Galdrakarlinum í Oz eru sennilega einhverjir þekktustu skór allra tíma.**

- Eftir að unglingsstúlku í Michigan var vikið úr skólanum fyrir að klæðast KoЯn bol, ákvað hljómsveitin að gefa hundruð bola í skólanum og sagt er að lögreglan hafi aðstoðað þá við að dreifa þeim.
- Til eru skór með GPS-sóla sem virkjast með því að slá saman hælunum þrisvar, rétt eins og Dórótea gerði í Galdrakarlinum í Oz.
- Dýrustu skór allra tíma eru einmitt innblásnir af rauðu rúbínskónum sem Judy Garland klæddist og gerði ódauðlega í hlutverki Dóróteu og kosta þeir hvorki meira né minna en þrjár milljónir dollara.



**„Pannier“ kjólar voru ansi breiðir.**



**„Chopines“ skór voru um tíma vinsælir í Feneyjum.**

- Hvítur var talinn sorgarlitur fram að „hvítu“ brúðkaupi Viktoríu Englandsdrottningar. Hvíti liturinn er ennþá talinn sorgarlitur í Kína.
- Rússneskir hermenn byrjuðu ekki að nota sokka fyrr en árið 2007. Fram að því vöfðu þeir bara taui utan um fætur sína.
- Karlmenn á Viktoríutímanum geymdu stundum skapahár elskhuga sinna í höttum sínum.
- Á 17. og 18. öld voru svokallaðir „chopines“ skór vinsælir í Feneyjum en þeir gátu verið allt að 60 cm á hæð. Skórnir áttu að varna því að kjólar yrðu skítugir auk þess sem það þótti eftirsóknarvert að vera hávaxin/n.
- Á miðöldum klæddust fátækir vettlingum en þeir efnameiri hönskum.
- Talið er að konur kaupi sér allt að 145 töskur yfir ævina.

# Fríkirkjan 120 ára

FIMMTUDAGUR 14. NÓVEMBER 2019

## Fríkirkjusöfnuðurinn við Tjörnina 1899-2019

Hátíðarguðsþjónusta verður í tilefni 120 ára afmælis Fríkirkjunnar þann 17. nóvember kl. 11. Forseti Íslands, hr. Guðni Th. Jóhannesson, mun ávarpa samkomuna. Hjörtur Magni Jóhannsson fríkirkjuprestur leiðir samveruna og flytur hugleiðingu. Safnaðarfólk flytur ritningarlestra. Fjölbreytt tónlist undir stjórn Gunnars Gunnarssonar. Sönghópurinn við Tjörnina, Hljómsveitin Mantra, djasstrompetleikarinn Arne Hiorth, strengjakvartett kirkjunnar. Barnakórinn við Tjörnina syngur undir stjórn Álfheiðar Björgvinsdóttur.

Hátíðartónleikar sama dag kl. 16. Sönghópurinn við Tjörnina ásamt strengjakvartett kirkjunnar og djasshljómsveit. Einnig koma fram með kórnum Egill Ólafsson, Sara Grímsdóttir og Arne Hiorth.

**Hefur starfað á þremur öldum**

**Frjálslyndi – víðsýni – umburðarlyndi**

**Mannréttindi ofar trúarlegum kreddum**

**Fríkirkjan græn og grasrótarvæn frá upphafi**

**Tvöföldun meðlima undanfarin 20 ár**



**GEYMIÐ BLAÐIÐ**

# Þakklæti á afmæli Fríkirkjunnar

Á þessum tímamótum er mér þakklæti efst í huga. Tíminn er vissulega afstæður. 120 ár eru mun lengri tími en ein mannsævi nær að spanna en í samanburði við trúarbrögðin stóru þá er aðeins um andartak að ræða.



Séra Hjörtur Magni Jóhannsson.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Við í Fríkirkjunni við Tjörnina leyfum okkur að leika okkur með þá flottu hugmynd að við höfum jú víst starfað á þremur öldum, þó að við höfum vissulega byrjað nokkuð seint á þeirri nítjándu. Hvað viljum við segja með því? Jú, að við erum svo samgróin íslenskri sögu, menningu og listum að þar verður ekki sundur greint. Við erum ekkert annað en íslensk grasrót, síðbúið afsprengi siðbótarinnar, virkur þátttakandi í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar á sínum tíma, helguð víðri sýn, umburðarlyndi og frjálslyndi og við eigum fullt erindi áfram inn í 21. öldina sem trúverðug íslensk grasrótarsamtök/kirkja. Ef til vill framtíðarfyrirkomulag á sviði trú- og kirkjumála.

Sjálfur hef ég fengið að þjóna Fríkirkjunni við Tjörnina í 21 ár og verið prestur alls í 33 ár.

Ég er þakklátur fyrir að hafa fengið smátt og smátt í hring um mig jákvætt fólk sem hefur víða sýn, fagra hugsjón og traust að leiðarljósi. Ég er þakklátur mínu samstarfsfólki fyrir að veita mér rými og frelsi til að veita skapandi þjónustu.

Fríkirkjan í Reykjavík með sína tíu til ellefu þúsund meðlimi er langstærsta trúfélagið á landinu sem þjónað er af einum presti. Ég hef fengið að njóta þess að eiga einstakt samstarfsfólk sem vinnur vel saman. Ég hef fengið að njóta þess að eiga þúsundir helgra athafna í gleði og sorg, á ögurstundum, á tilfinningaríkum tímamótum með fjölbreytilegu fólki, í afar litríkri mannlífsflóru. Fjölbreytileiki mannlífsflórunnar er vissulega heillandi og gefandi. Hef fengið að tengjast fjölda einstaklinga og kynslóðum innan stórfjölskyldna allt að því frá vöggu til grafar og það eru ein mestu forréttindi þessa starfs. Það að fjöldi þeirra sem vilja tilheyra Fríkirkjunni við Tjörnina hefur tvöfaldast segir okkur að sameiginlega höfum við gert eitthvað rétt og eitthvað gott.

Ég er þakklátur þeim mörgu sem skrifuðu í blaðið okkar, fyrir jákvæðnina í okkar garð, hvatninguna, stuðninginn og elskulegheitin. Okkar sameiginlega vegferð er rétt að hefjast.

*Hjörtur Magni Jóhannsson*
*Fríkirkjuprestur*



Séra Magni í barnamessu í Fríkirkjunni.

**”Fjölbreytileiki mannlífsflórunnar er vissulega heillandi og gefandi. Hef fengið að tengjast fjölda einstaklinga og kynslóðum innan stórfjölskyldna allt að því frá vöggu til grafar og það eru ein mestu forréttindi þessa starfs.**

## Fjöldi safnaðarmeðlima árin 1990 – 2019




## Safnaðarráð Fríkirkjunnar

**Davíð S. Snorrason, formaður**
**Árni Gunnarsson, gjaldkeri**
**Ólafur Ástgeirsson, ritari**
**Sædís Guðmundsdóttir**
**Helena Guðmundsdóttir**
**Hörður Hafberg Gunnlaugsson**
**Óskar Þór Nikulásson**
**Hörður Ingi Jóhannsson**
**Júlíana Bjarndís Ólafsdóttir**
**Guðrún Ragnarsdóttir**

# Fríkirkjan í Reykjavík

**Hátíðarrit – nóvember 2019**
**Útgefandi:** Fríkirkjan í Reykjavík
**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Hjörtur Magni Jóhannsson
**Umbrot:** Fréttablaðið

**SKRIFSTOFA FRÍKIRKJUNNAR Í REYKJAVÍK**
er opin mánudaga til fimmtudaga frá **kl. 09:00-16:00**
og á föstudögum frá **kl. 09:00-14:00**
Laufásvegi 13, 101 Reykjavík
Sími: 552 7270
Safnaðarsalur: 552 7270
Heimasíða: **www.frikirkjan.is**
Netfang: frikirkjan@frikirkjan.is

**STARFSFÓLK FRÍKIRKJUNNAR**
**Prestur og forstöðumaður:**
Séra Hjörtur Magni Jóhannsson
Sími: 899 4131– hjorturm@frikirkjan.is
Viðtalstímar eftir samkomulagi
**Umsjón skrifstofu:**
Sigurbjörn H. Jakobsson
Sími: 552 7270 – frikirkjan@frikirkjan.is
**Tónlistarstjóri og organisti:**
Gunnar Gunnarsson
Sími: 661 6100 – gg@internet.is
**Stjórnandi barnakórs:**
Álfheiður Björgvinsdóttir
Sími: 849 8660 – alfheidurbjorgvins@gmail.com

**Viltu fá póst með upplýsingum um safnaðarstarfið?**
**Sendu okkur þá póst á frikirkjan@frikirkjan.is**
– og þú kemst á póstlistann okkar

Útgefandi: Torg ehf. | Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,, | Veffang: frettabladid.is

# Fögnum réttindum og frelsi

Fríkirkjan í Reykjavík fagnar nú 120 ára afmæli. Stofnun hennar er mikilvæg varða í sögu mannréttinda og trúfrelsis á Íslandi. Trúfrelsi felur í sér að mönnum sé heimilt að iðka og aðhyllast hvaða trú sem er, skipta um átrúnað eða hafna öllum trúarbrögðum. Eins og um annað frelsi þá takmarkast frelsi manna til að iðka trúarbrögð af réttindum annarra. Þar sem menn njóta trúfrelsis mega þeir iðka trú sína (hver sem hún er) og hafa í frammi helgihald af öllu tagi svo fremi þeir gangi ekki á rétt annarra. Í þessum skilningi er fullt trúfrelsi á Íslandi.

Trúfrelsi á rætur að rekja til ársins 1849 þegar ný stjórnarskrá (kölluð Grundloven) var sett í danska konungsríkinu í kjölfar þess að konungurinn afsalaði sér einveldinu. Með stjórnarskránni nýju var dönskum þegnum tryggt trúfrelsi. Þannig var íbúum Danmerkur frjálst að tilheyra öðru trúarsamfélagi en hinni evangelísk-lúthersku ríkiskirkju. Íslendingar fengu stjórnarskrá úr hendi konungs árið 1874 og þar eru finna hliðstætt ákvæði. Hin evangelísk-lútherska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi en landsmenn megi stofna félög til að þjóna guði með þeim hætti sem væri í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Að auki er í 65. grein stjórnarskrárinnar kveðið á um almenn mannréttindi og jafnrétti. Full ástæða er til að taka greinina hér upp því hún talar skýrt til okkar enn þann dag í dag. „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“ Þessi grein var raunar endurskoðuð 1995 og bætt inn ákvæði um jafnan rétt karla og kvenna en svona hljóðaði upprunalega greinin strax árið 1874.



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

Árið 1881 létu Reyðfirðingar reyna á trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar vegna þess að prestur var skipaður án tillits til óska safnaðarins. Safnaðarbörnin sögðu sig því úr þjóðkirkjunni og stofnuðu fyrstu fríkirkjuna á Íslandi. Árið 1885 var samþykkt frumvarp sem tryggði rétt allra sem vildu standa utan þjóðkirkjunnar en utanþjóðkirkjumönnum var þó enn gert að greiða sín gjöld til þjóðkirkjunnar og því ljóst að réttarstaða þeirra var ekki

**„Trúfrelsi felur í sér að mönnum sé heimilt að iðka og aðhyllast hvaða trú sem er, skipta um átrúnað eða hafna öllum trúarbrögðum.**

sú sama og þjóðkirkjumanna. Fríkirkjan í Reykjavík var stofnuð 19. nóvember 1899 og stækkaði ört fyrstu árin en um helmingur Reykvíkinga mun hafa tilheyrt Fríkirkjunni um 1910.

Allir Reykvíkingar kannast við Fríkirkjuna en vita eflaust minna um hve merkilegur áfangi stofnun hennar var í sögu mannréttinda og trúfrelsis á Íslandi. Við tökum stundum þeim réttindum og því frelsi sem við njótum sem gefnum hlut. Gleymum því þó ekki að fyrir öllum réttindum hefur verið barist og þau hafa ekki ævinlega þótt sjálfsögð. Með þetta allt í huga samfagna ég Fríkirkjunni í Reykjavík og óska henni hjartanlega til hamingju með afmælið.

*Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra*



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, dóms- og kirkjumálaráðherra.

# Stórmerkilegt dæmi um frelsisbaráttu

Saga Fríkirkjunnar í 120 ár er stórmerkilegt dæmi um frelsisbaráttu sem sprottin er upp úr sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar á 19. öld. Hún var stofnuð af kraftmiklu alþýðufólki sem vildi hafa sína eigin kirkju ótengda ríkisvaldinu.

Meðal þess sem er eftirtektarvert og til fyrirmyndar í sögu Fríkirkjunnar er áherslan á kvenréttindi, umburðarlyndi og frjálslyndi í trúmálum. Konur hafa ávallt notið sömu réttinda í söfnuðinum og karlar. Á síðari tímum hefur frelsisbarátta Fríkirkjunnar færst inn á nýjar brautir og upp á síðkastið hefur áhersla verið lögð á mannréttindi samkynhneigðra. Fríkirkjan hefur þannig haft mikil og góð áhrif í frelsis- og mannréttindabaráttu hvers tíma.

Segja má að Fríkirkjan geti að mörgu leyti verið ákveðin fyrirmynd fyrir þjóðkirkjuna. Fríkirkjan starfar undir sömu trúarmerkjum en er með öllu óháð ríkinu. Krafan um jafnræði milli ólíkra trúfélaga og lífsskoðunarfélaga er sterk og samrýmist betur trúfrelsinu og skoðanafrelsinu en sérstaðan sem þjóðkirkjan hefur notið í íslenskri stjórnskipan.

Nýlegt samkomulag milli ríkisvaldsins og þjóðkirkjunnar felur í sér að hún verður ekki lengur ríkisstofnun heldur trúfélag sem ber ábyrgð á eigin rekstri og fjárhag líkt og Fríkirkjan. Þessar breytingar eru til mikilla bóta og óhjákvæmilegt að stefna áfram á sömu braut í átt að fullum lagalegum og fjárhagslegum aðskilnaði ríkisins og þjóðkirkjunnar.

**„Segja má að Fríkirkjan geti að mörgu leyti verið ákveðin fyrirmynd fyrir þjóðkirkjuna.**

Ég óska Fríkirkjunni til hamingju með árin 120 og megi henni farnast vel í framtíðinni.

*Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dóms- og kirkjumálaráðherra*



Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík.

# Jöfnuður, mannréttindi og víðsýni í 120 ár

Það er alveg einstakt að ganga inn í Fríkirkjuna. Dauf lýsingin, fallegir gluggarnir, handverkið í húsgögnum og eimur af gamalli tíð. Fríkirkjan er sannarlega ómissandi hluti af götumynd gömlu Reykjavíkur. Hún er líka hluti af sameiginlegu minni okkar Reykvíkinga. Ekki bara af því að hún hefur lítið breyst í gegnum árin að ytra byrði heldur stendur hún í mínum huga fyrir það að vera söfnuður alþýðufólks, hins vinnandi Reykvíkings þar sem allir voru og eru velkomnir.

Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík fagnar nú 120 ára afmæli. Kirkjubyggingin hefur verið ein helsta prýði miðbæjarins frá því hún var reist fyrir 115 árum og er reyndar svo veigamikill þáttur í bæjarlífinu að Lækjargatan breytir um nafn á miðri leið og verður að Fríkirkjuvegi þar sem kirkjuna ber við Tjörnina.

Kirkjan ber vott um stórhug, framtakssemi og fegurðarskyn þeirra sem reistu hana í Reykjavík fortíðar sem taldi aðeins rúmlega 8.000 íbúa. Fríkirkjan er byggð af alþýðufólki sem margt hvert var nýflutt til borgarinnar um aldamótin og fann sér sameiginlegan farveg með trú og von að vopni.

**„Fríkirkjan tekur jafnan þátt í öllum helstu menningarhátíðum borgarinnar með því að bjóða upp á frábæra viðburði. Reykjavíkurborg og borgarbúar eru þakklátir fyrir þá miklu gestrisni sem einkennir söfnuðinn.**

Þar liggja rætur kirkjunnar enn í dag, í grasrótarstarfi þar sem áhersla er lögð á lýðræði, jöfnuð, mannréttindi og umburðarlyndi.

Frá upphafi hafa allir verið boðnir velkomnir í Fríkirkjuna, óháð uppruna eða samfélagsstöðu – og frá fyrstu tíð hefur söfnuðurinn þar verið langstærsti söfnuður landsins utan þjóðkirkjunnar.

Fríkirkjan hefur alla tíð verið samofin menningarlífi borgarinnar. Bræðurnir Páll og Sigurður Ísólfssynir, sem báðir voru organistar í kirkjunni, settu tóninn fyrir það mikla tónlistarlíf sem hefur einkennt hana alla tíð. Kirkjan hefur einnig sýnt gott fordæmi og aðdáunarvert fordómaleysi með því að opna dyr sínar fyrir öllum tegundum tónlistar og er fyrir vikið eftirsóttur tónleikastaður fyrir pönksveitir jafnt sem kirkjukóra. Sjálfur hef ég farið á fjölda tónleika í kirkjunni sem er eins og hún sé hönnuð með alla tegund tónlistarflutnings í huga.

Fríkirkjan tekur jafnan þátt í öllum helstu menningarhátíðum borgarinnar með því að bjóða upp á frábæra viðburði. Reykjavíkurborg og borgarbúar eru þakklátir fyrir þá miklu gestrisni sem einkennir söfnuðinn. Og það er ómissandi þáttur í hinni árlegu gleðigöngu að prestar hennar og starfsfólk fagni og veifi regnbogafánanum til þátttakenda göngunnar í fullum skrúða af kirkjutröppunum.

Ég óska Fríkirkjunni til hamingju með sitt farsæla og framsækna starf í 120 ár. Betri nágranna er vart hægt að hugsa sér.

*Dagur B. Eggertsson borgarstjóri*

# Tákn frelsis og frumkvæðis

Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík hefur starfað í 120 ár og turn kirkju hans hefur speglað sig í Tjörninni í Reykjavík sem tákn frelsis og frumkvæðis þeirra sem vildu efla og iðka trú sína með öðruvísi umgjörð en þjóðkirkjan. Samt sem áður stendur þessi söfnuður eins og Óháði söfnuðurinn í Reykjavík og fríkirkjusöfnuðurinn í Hafnarfirði á sama játningagrundvelli og hin evangelísk lúterska þjóðkirkja.

Upphaf fríkirkjuhreyfingarinnar má rekja til Reyðarfjarðar árið 1880. Stór hluti safnaðarins þar var ósáttur við að stjórnvöld, svokölluð stiftsyfirvöld og endanlega danska stjórnin, skyldi fara með það vald að velja prest fyrir söfnuðinn. Bændur gerðu sér lítið fyrir og sögðu sig úr þjóðkirkjunni með vísan í trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Þessi hópur réð sér sjálfur prest og það var Lárus Halldórsson prófastur, sonur Halldórs Jónssonar prests þess sem gat sér svo gott orð sem stuðningsmaður Jóns Sigurðssonar á þjóðfundinum í Reykjavík 1851. Halldór lét það ekki trufla sig að hann sat fundinn sem fulltrúi konungs. Lárus sonur hans varð snemma mikill þjóðernissinni og segja má að sumar skoðanir hans í stjórnmálum og guðfræði hafi verið byltingarkenndar. Hann talaði fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju meðan sú hugmynd var lítt þekkt á Íslandi og vildi losa íslenska menningu og samfélag undan yfirráðum danskra stjórnvalda. Hann lagði af prestsskrúða sem hann kallaði danskt tildur og einfaldaði altarisgönguna að hætti kalvínista og kallaði hana brauðsbrotningu.

Hópur framsækinna verkamanna og iðnaðarmanna í Reykjavík sætti sig ekki við þá íhaldssemi og kyrrstöðu sem ríkti í dómkirkjusöfnuðinum í Reykjavík í lok 19. aldar og sagði sig sömuleiðis úr lögum við ríkiskirkjuna og stofnaði sjálfstæðan söfnuð og byggði sér eigin kirkju og réð séra Lárus sem prest sinn. Lárus var það sem kalla mætti strangtrúaður og vildi beita kirkjuaga, en það fór misjafnlega í menn í söfnuði hans og þeir losuðu sig við hann og réðu merkisprestinn Ólaf Ólafsson alþingismann í stað hans. Ólafur var sjálfur að mörgu leyti frelsishetja og barðist m.a. fyrir réttindum kvenna. Hann þjónaði söfnuðinum í fjöldamörg ár og fjölgaði mjög í söfnuðinum á hans tíma. Einkum var það fólk úr Árnessýslu sem flutti til Reykjavíkur sem sótti í söfnuð hans, en Ólafur hafði áður verið sóknarprestur í Arnarbæli.

Í raun var fríkirkjuhreyfingin á þessum árum hluti af sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Markmiðið var að ef ekki tækist að losa íslenska þjóðfélagið undan yfirráðum Dana þá skyldi a.m.k. freista þess að losa kirkjuna undan þessum óæskilegu tengslum við Danmörk sem flestir töldu hindra frelsi og framþróun á Íslandi. Aðferðin var að losa söfnuðina einn eftir annan undan tengslunum við danska ríkið og voru nokkrir söfnuðir stofnaðir víða um landið í þessu tilliti fram til ársins 1918, en flestir þeirra störfuðu aðeins um stuttan tíma nema fríkirkjusöfnuðurinn sem stóð áfram og starfar enn sem fyrirmynd frjálsra lúterskra safnaða.

Ýmsir sem ekki gátu – ýmist af pólitískum eða trúarlegum ástæðum – fellt sig við þjóðkirkjuna og hlutverk hennar og stöðu gengu í fríkirkjusöfnuðinn í Reykjavík. Sumir þessara einstaklinga voru allt eins líklegir til að beita sér fyrir andkristilegum hreyfingum og hugmyndum en þeir töldu sig samt geta átt heima í söfnuði þar sem þeir voru á eigin forsendum og utan yfirráðasvæðis ríkisvalds í andlegum efnum.

Þarna fékk t.d. Haraldur Níelsson og óformlegur söfnuður spíritista og guðspekinga sem fylkti sér um hann inni eftir að dómkirkjusöfnuðurinn hafði lokað dyrum sínum á Harald, sem þó hafði þjónað þeim söfnuði athugasemdalaust sem sóknarprestur í upp undir ár.

Sé litið á lúterska kristni í landinu sem heild má segja að fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík hafi verið ákveðinn öryggisventill. Þar fengu gagnrýnisraddir að njóta sín og andstaða fann sér annan farveg en andkirkjustefnu og veraldarhyggju.

Fyrirkomulag fríkirkjusafnaðarins býður enn upp á fjölbreytni og frumkvæði sem hentar vel sem umgjörð trúarlegrar starfsemi á 21. öldinni. Ég er þess fullviss að fríkirkjan í Reykjavík á eftir að upplifa fleiri afmælisdaga á þessari nýju öld.

*Pétur Pétursson, prófessor í kennimannlegri guðfræði við Háskóla Íslands*



Pétur Pétursson prófessor.

**Hann talaði fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju meðan sú hugmynd var lítt þekkt á Íslandi og vildi losa íslenska menningu og samfélag undan yfirráðum danskra stjórnvalda.**

# Lítil þúfa sem velti þungu hlassi!

Auglýsing þessi er afar merkilegt kirkjusögulegt plagg. Fólk var sjálfkrafa skráð úr Fríkirkjunni við það eitt að það færði lögheimili sitt á milli svæða. Ef fólk flutti til útlanda t.d. til að fara í framhaldsnám í örfá ár en kom síðan aftur heim í sama húsnæðið þá var sjálfkrafa búið að skipta um trúfélag, óumbeðið. Mikið var um að fjölskyldur flyttu og skiptu um lögheimili á þessum tíma.

Afar fáir tóku eftir auglýsingunni á sínum tíma en áhrif hennar voru gífurleg. Vegna hennar voru þúsundir félaga teknir af félagaskrá Fríkirkjunnar og skráðar í þjóðkirkjuna án vitundar eða samþykkis. Nú eru afkomendur þessa fólks orðnir margfalt fleiri og hafa þeir óméðvitað greitt trúfélagsgjöld sín til þjóðkirkjunnar í fjölmörg ár án þess að ætla sér það.

Ljóst er að ef þessi auglýsing hefði aldrei verið birt og hún ekki stuðlað að sjálfvirkri úrskráningu úr trúfélaginu í áratugi, þá væru stærðarhlutföll trúfélaga hér á landi allt önnur en þau eru í dag.



Reglugerðir,

**Lítil þúfa sem velti miklu hlassi!**

Nr. 204

8. nóvember 1966.

AUGLÝSING

Um tilkynningar og skrásetningu trúfélags.

5. gr.

[illegible]

6. gr.

[illegible]

Auglýsing þessi er gefin út í samráði við kirkjumálaráðuneytið.

*Fjármálaráðuneytinu, 8. nóvember 1966.*

**Magnús Jónsson**

*Klemens Tryggvason*

**Auglýsing sem birtist á sínum tíma um flutning trúfélags, Fólk þurfti að gæta að rétti sínum.**

# Frjáls kirkja

Trúfrelsi er meginstoð í frjálsu samfélagi. Frelsi til trúleysis, frelsi til að trúa því sem maður kýs. Og félagafrelsi felst í að kalla hvern þann sem aðhyllist sömu trú til starfa í söfnuði með sínum líkum og boða erindi. Trú á ekki og má ekki vera hluti af valdakerfi þar sem mismunun söfnuða í skjóli afls fer fram. Trú í skjóli aflsmunar er valdníðsla.

Langamma mín og langafi voru meðal stofnenda Fríkirkjusafnaðarins. Halldóra Elíasdóttir fædd 20. júlí 1864 og Dagfinnur Björn Jónsson fæddur 9. júlí 1858. Þau giftu sig á gamlársdag 1889. Gengu öll níu börn þeirra í söfnuðinn, þau Einar, Agata, Sigríður, Guðmundur, Stefán Ingimar afi minn, Elías Kristján, Sigurbergur, Ólafur Sigurjón og Sesselja Guðrún.

Ekki veit ég nákvæmlega hvað forfeðrum mínum var efst í huga þegar þau stofnuðu Fríkirkjuna við Tjörnina í Reykjavík. En heyrt hef ég að þeim og öðrum af alþýðustétt hafi ekki hugnast það fyrirkomulag í Dómkirkjunni að „fína fólkið“ hefði frátekin sæti á fremstu bekkjum næst guðdómnum og svo kæmi lýðurinn. Þetta var ekki þeirra jafnaðarguðspjall trúi ég.

Ég man að amma og afi minntust stundum á Fríkirkjuna. Það er ein af bernskuminningum mínum með ömmu Júnu sem bjó við Hringbrautina að fara niður að Tjörn og gefa öndum, spá í hornsíli, horfa yfir á kirkjuna sem hún nefndi stundum, ganga svo yfir í gamla kirkjugarð að leiði afa og koma við í smáverslunni Brekku til að ná í eitt og annað í innkaupanetið. Í minningunni var kirkjan svo sem ekkert stórveldi, en fögur á að líta í friðsemd æskuáranna og þáttur í samfélagi sem barnið skildi sem einn hluta af heild. En í orðum ömmu lá að hún væri mikilvæg. Ég gætti þess ekki nægjanlega að spyrja hana síðar meir, en skynjaði eina hugmynd: Uppreisn. Alþýðufólk í Reykjavík tók höndum saman og byggði timburkirkju við andapoll þar sem sá Jesús sem velti borðum víxlaranna var í hávegum hafður. Fjölskyldan á þar enn rætur.

## Okkur getur greint á um trú

Sum okkar velkjast í vafa um hugmyndina um föðurinn, eingetinn soninn og hinn heilaga anda, upprisuna og eilíft líf. Er þetta ekki bara formúla valdastofnana á sögulegum tímum til að skilgreina það sem ekki er hægt að skilgreina? Og sum okkar hugsa jafnvel að leitin að sannleikanum hafi ekki endanlega verið leidd til lykta og skráð í bók bókanna. En getum við ekki sammælst um að ræða málin og leita friðar? Að „allt það sem þér gjörið mínum minnsta bróður“ sé þess virði að íhuga sameiginlega? Á þeim griðastað er ég ekki viss um að innsti kjarni þúsunda ára valdakerfis sé best til þess fallinn að finna lausnir fyrir mannkyn.

Sjálfur fann ég slíka köllun fyrir nokkrum árum þegar leituðu á mig hugsanir um stöðu og horfur í mannkynsmálum þar sem ég bjó langt í burtu fyrir sunnan sól og austan mána. Skrifaði áramótahugvekju. Og fannst að Fríkirkjan væri kjörinn vettvangur fyrir slíkt erindi um áramót. Ekki veit ég hvers vegna, veraldlega þenkjandi sem ég er. Boðinn velkominn eigi að síður. Þannig skil ég Frí-kirkju. Frelsi til að leita, efast, velja og hafna, hugsa og vera hluti af samfélagi þar sem við virðum hvert annað, eins og við erum. Og líka, verða jafn góð og framast getum.

*Stefán Jón Hafstein*



Stefán Jón Hafstein.

**Þannig skil ég Frí-kirkju. Frelsi til að leita, efast, velja og hafna, hugsa og vera hluti af samfélagi þar sem við virðum hvert annað, eins og við erum.**



Hjörtur Magni og Ebba Margrét ásamt börnum sínum, frá vinstri eru Rut Rebekka, þá Magnús Jóhann og loks Ágústa Ebba. Á myndina vantar elsta son Hjartar, Aron Þór, en hann starfar sem rafmagnsverkfræðingur í Sviss. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Trúin veitir fólki styrk

**Séra Hjörtur Magni Jóhannsson og eiginkona hans, Ebba Margrét Magnúsdóttir læknir, hafa bæði einlægan áhuga á að starf Fríkirkjunnar sé fyrir alla. Áhersla er á mannréttindi og umburðarlyndi.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Séra Hjörtur Magni hefur þjónað Fríkirkjunni í Reykjavík í 21 ár og verið farsæll í sínu starfi. Kirkjustarfið hefur eflst, þróast og nútímavæðst á þessum árum.

Eftir að guðfræðinámi lauk var Hjörtur Magni kosinn í opinni prestskosningu sem þjóðkirkjuprestur í Útskálaprestakalli í Garði og Sandgerði, skammt frá hans heimabyggð. Þar starfaði hann í rúman áratug. Þó segir hann: „Ég hafði alltaf vantrú á ríkiskirkjunni. Það var mín hjartans sannfæring að ríkistrúfélög væru ótrúverðug.“ Þegar Hjörtur sótti um starf hjá Frírkirjunni var hann valinn úr hópi fjölda umsækjenda. „Ég var alinn upp af mjög trúaðri móður. Hún hafði tengsl við hvítasunnumenn, aðventista og önnur minni trúfélög. Móðir mín, Sigríður Jónsdóttir, var formaður Kristniboðssambandsins á Suðurnesjum á sínum tíma og mikil bænakona. Langamma mín, föðurmegin, Málfríður Magnúsdóttir, var kirkjuvörður og starfsmaður Fríkirkjunnar í meira en þrjátíu ár. Hún lést árið 1950 og var sérstaklega heiðruð af söfnuðinum þegar hún kvaddi þennan heim,“ segir Hjörtur Magni en vill þó ekki meina að hann hafi verið sérstaklega hvattur til að fara þessa leið í lífinu.

### Kynntust á Mallorca

Ebba Margrét kom inn í líf Hjartar Magna þegar hann starfaði sem prestur í Garði. Hún vissi ekki þá að sá staður væri til. Þau kynntust á Mallorca þar sem bæði voru í fríi. Ebba segist hafa verið í fríi með foreldrum sínum og systur en fríið átti að vera slökun eftir krefjandi og erfitt nám. Hún átti ekki von á að kynnast draumaprinsinum í ferðinni. Hjörtur var með þriggja ára syni sínum, Aroni Þór, í sumarfríi. Hann var þá fráskilinn.

Ebba hefur fylgt manni sínum í prestsstarfinu og verið virk í Fríkirkjunni. Hún segist líka hafa fengið trúarlegt uppeldi, sérstaklega hjá frænku sinni, Rósu Guðmundsdóttur, sem fæddist 1899, sama ár og Fríkirkjan var stofnuð. Rósa var hjúkrunarkona, einhleyp og barnlaus en ól Ebbu upp að hluta til. „Hún sótti alltaf messur í Hallgrímskirkju og ég fór með henni. Þegar hún lést ánafnaði hún Hallgrímskirkju íbúðina sína. Ég hafði því nokkra innsýn í kirkjustarf þegar ég kynntist Hirti. Sem barn var ég öflug í sunnudagaskólanum í Akureyrarkirkju þar sem ég var alin upp. Ég reyni að sækja messur nokkuð reglulega í Fríkirkjunni en er misdugleg þar sem vinnuálagið er mikið í starfi mínu,“ segir Ebba sem um tíma var formaður kvenfélags kirkjunnar. Hún starfar sem fæðinga- og kvensjúkdómalæknir og er formaður læknaráðs Landspítala.

### Til landsins helga

Hjónin voru á leið til landsins helga ásamt börnum sínum þegar viðtalið var tekið en bæði eiga tengingu þangað. Hjörtur var í framhaldsnámi í Jerúsalem í biblíu- og trúarbragðafræðum, sem og í hebresku, í rúm tvö ár. Hann hefur oft farið þangað sem leiðsögumaður með Íslendinga. Ebba fór sem læknanemi til Ísraels og kynntist starfinu á sjúkrahúsi í Tel Avív. Hún segir að þegar þau kynntust hafi þau verið að þræta um Ísrael. „Ég hélt að ég vissi miklu meira en hann um landið helga en það var kannski ekki alveg þannig,“ segir hún og hlær. Nú á að kynna bæði Jerúsalem, Tel Avív, Galíleu og Dauðahafið fyrir afleggjurunum áður en afmælishátíðin hefst í kirkjunni og síðan aðventustarfið. „Þetta verður menningarferð.“

### Öll fjölskyldan starfað í kirkjunni

Aðventustarfið er öflugt í Fríkirkjunni, meðal annars fjölbreyttir tónleikar. Kirkjan hefur löngum verið vinsæl til tónleikahalds. „Þetta er annasamasti mánuður ársins í kirkjunni,“ segir Hjörtur og Ebba bætir við að síðan bætist við annir á heimilinu fyrir jólin. „Það þarf allt að vera spikk og span,“ segir hún. Börnin þeirra hafa sömuleiðis tekið þátt í kirkjustarfinu á margvíslegan hátt. Hjörtur hefur skírt þau öll og fermt. „Ég er mjög ánægður með hversu duglegt þau hafa verið að taka þátt í kirkjustarfinu,“ segir hann. „Þau hafa verið með í barna- og æskulýðsstarfinu og sem kirkjuverðir. Það er ekki sjálfgefið. Stundum gæti það jafnvel verið erfitt að vera barn prests,“ segir hann. „Það eru gerðar meiri kröfur og aðrar væntingar til þeirra.“

Ebba tekur undir þetta og segir að líklegast sé líka erfitt að vera prestur án stuðnings fjölskyldunnar. „Jarðarfarir geta tekið á og stundum er Hjörtur að skrifa minningarorð langt fram á nótt. Heimilislífið tekur mið af þessu starfi. Við getum til dæmis ekki skroppið til útlanda um jólin.“



Mynd sem tekin var í Ísrael, á Ólífufjalli með musterissvæðið í Jerúsalem í bakgrunn. Elsti sonurinn, Aron Þór, er með á þessari mynd lengst til hægri.

> **Mér finnst samt dapurlegt að ekki megi kenna kristnifræði í skólum því hún er menningararfur okkar.**
>
> Hjörtur Magni Jóhannsson

### Dapurlegt bann

Þegar þau eru spurð hvort trúarlegt uppeldi skipti máli, svarar Hjörtur: „Ég er löngu hættur að skilgreina fólk eftir því hvort það er trúað eða ekki. Æði margir Íslendingar eru á móti hefðbundnum trúarstofnunum en við erum vel flest andlega þenkjandi. Börnin okkar mega hafa gagnrýna hugsun eins og aðrir. Ég sjálfur er ekki trúaður samkvæmt einhverjum trúarstofnunum og þau eru það ekki heldur. Mér finnst samt dapurlegt að ekki megi kenna kristnifræði í skólum því hún er menningararfur okkar. Börn ættu að læra Biblíusögur eins og Íslendingasögur. Trúin er góð og hefur veitt fólki styrk í gegnum aldirnar. Þegar við gerðum plön um ferðina til landsins helga tók ég eftir að börnin mín vissu ekki um staði og sögur sem tengjast þessum merkilega stað. Það eru fræði sem fyrri kynslóðir lærðu í skólum,“ segir Hjörtur Magni.

### Víðsýni og umburðarlyndi

„Fríkirkjan leggur áherslu á víðsýni, umburðar- og frjálslyndi. Við forðumst að vera með einhverja skilgreiningu á almættinu. Fríkirkjan hefur verið opin öllum, líka þeim sem óska eftir giftingu eða jarðarför og eru utan trúfélags.“

Mannréttindi hafa sömuleiðis alltaf verið virt í Fríkirkjunni en Hjörtur segist hafa tekið þá stefnu í arf frá sínum forverum. „Mér finnst það einmitt heillandi við sögu Fríkirkjunnar að strax frá upphafi var öllum gert jafnt undir höfði, til dæmis konum sem var ekki sjálfgefið í þá daga. Séra Ólafur Ólafsson sem var annar prestur Fríkirkjunnar barðist mikið fyrir jöfnum rétti kynjanna, að stúlkur fengju sama rétt og drengir til langskólanáms og að konur fengju kosningarétt.

Í meira en tvo áratugi hef ég gefið samkynhneigða saman í hjónaband þó svo að löggjafinn hafi ekki samþykkt það og þjóðkirkjan barist hart á móti.“

Sérstaða Fríkirkjunnar er meðal annars sú, að sögn Hjartar, að hún er ekki hverfiskirkja. „Við erum óháð landfræðilegum mörkum. Söfnuður okkar kemur frá öllu höfuðborgarsvæðinu og utan af landi. Þess vegna er til dæmis öðruvísi fermingarundirbúningur hjá okkur en í öðrum kirkjum. En ég hef þurft að vera gagnrýninn og hef reynt að berjast gegn því ranglæti sem felst í mismunun á ríkisstyrkjum til hinna ýmissa trúfélaga.“

### Frábært tónlistarlíf

Hjörtur segir að Fríkirkjan hafi breyst á undanförnum árum, sérstaklega ef tekið er tillit til fjölda sóknarbarna en þeim hefur fjölgað mikið. „Tónlist er gert hátt undir höfði og við erum heppin að hafa Gunnar Gunnarsson sem tónlistarstjóra. Hann er einstaklega hæfur organisti og píanisti og hefur meðal annars útsett hefðbundna trúarlega tónlist í djassstíl. Hann hefur laðað marga þekkta tónlistarmenn í kirkjuna. Þá erum við með frábæran barnakór sem hin einstaka Álfheiður Björgvinsdóttir leiðir. Tónlistin er ríkur þáttur í okkar starfi og litrík músík í messum,“ segir Hjörtur og leggur áherslu á að framtíðin sé spennandi viðfangsefni. „Mér finnst verðugt að kirkjan beiti sér í umhverfisbaráttu. Kirkjan getur gert það með jákvæðri sköpunarguðfræði.

Fríkirkjan er lifandi kirkja og alls konar fólk finnur sig velkomið þar,“ segir Ebba. „Frábærir tónlistarmenn koma fram í kirkjunni og starfið hefur gengið vel. Auk þess er hún falleg bygging á frábærum stað við Tjörnina í hjarta Reykjavíkur.“

# Prestar Fríkirkjunnar í Reykjavík

**Sr. Lárus Halldórsson** var fyrsti prestur Fríkirkjunnar og þjónaði henni þrjú fyrstu árin frá 1899-1902. Sr. Lárus var á sínum tíma einn harðasti baráttumaður gegn dönskum yfirráðum og barðist einarðlega fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju á Íslandi. Frá 1885-1899 hafði hann verið prestur fyrstu Fríkirkjunnar á Íslandi sem var á Reyðarfirði. Sr. Lárus var mikill eldhugi og hugsjónamaður og gaf út vandað guðfræðitímarit, Fríkirkjuna í þrjú og hálft ár. Hann var fæddur 10. janúar árið 1851 á Hofi í Vopnafirði, N-Múl., dáinn 24. júní 1908 í Reykjavík. Kona hans var Kirstín Katrín Pétursdóttir Guðjohnsen. Lárus hafði áður verið prófastur og alþingismaður. Einnig stýrði hann lengstum ásamt öðrum Aldarprentsmiðjunni.



Lárus Halldórsson.

**Sr. Ólafur Ólafsson** var annar prestur Fríkirkjunnar og þjónaði henni frá 1902-1922. Hann var áhrifamikill í starfi, litríkur predikari, vinsæll og í hans tíð fjölgaði svo mjög í Fríkirkjunni að talað var um að helmingur íbúa hafi tilheyrt Fríkirkjunni. Sr. Ólafur var fæddur 24. september 1855 í Viðey, dáinn 26. nóvember 1937 í Reykjavík. Kona hans var Guðríður Guðmundsdóttir. Ólafur hafði áður m.a. verið prestur í Arnarbæli í Ölfusi og margir fylgdu honum þaðan þegar þeir fluttu á Reykjavíkursvæðið. Hann var alþingismaður og beitti sér mjög fyrir alþýðufræðslu og réttindum kvenna. Sr. Ólafur barðist fyrir því að stúlkur fengju sama rétt og drengir til langskólanáms og að konur fengju kosningarétt. Á sínum tíma var hann sérstaklega heiðraður af Bríeti Bjarnhéðinsdóttur fyrir baráttu sína fyrir réttindum kvenna. Hann þjónaði einnig Fríkirkjunni í Hafnarfirði sem forstöðumaður og prestur frá stofnun hennar 1913-1930.



Ólafur Ólafsson.

**Sr. Árni Sigurðsson** var þriðji prestur Fríkirkjunnar og þjónaði henni frá 1922 og gegndi því starfi til æviloka 1949. Sr. Árni helgaði Fríkirkjunni alla sína starfskrafta og starfaði aldrei við aðra kirkju og var hann almennt mjög virtur og dáður í sínu vandaða starfi. Hæglátur, glæsilegur og yfirvegaður. Hann var fæddur 13. september 1893 í Gerðiskoti í Sandvíkurhr., Árn., dáinn 20. september 1949 í Reykjavík. Kona hans var Bryndís Þórarinsdóttir. Bryndís var lengi formaður kvenfélags Fríkirkjunnar sem er elsta kirkjukvenfélag á landinu stofnað árið 1906. Starfsemi þess var mjög öflug í hennar tíð.



Árni Sigurðsson.

**Sr. Þorsteinn Björnsson** var fjórði prestur Fríkirkjunnar og þjónaði henni farsællega frá 1950-1978 eða í 28 ár, lengst allra. Hann var einnig almennt mjög virtur og dáður í sínu starfi. Hann var fæddur 1. júlí 1909 í Miðhúsum í Gerðahr., Gullbr., dáinn 7. febrúar 1991 í Reykjavík. Kona hans var Sigurrós Torfadóttir. Sr. Þorsteinn hafði áður verið prestur í Árnesprestakalli og í Sandaprestakalli í Dýrafirði og margir fylgdu honum þaðan í Fríkirkjuna þegar þeir fluttu hingað suður á Reykjavíkursvæðið. Sr. Þorsteinn var hæglátur og hógvær maður en hann bjó að einstakri söngrödd sem heillaði landsmenn. Hann söng inn á hljómplötur og ródd hans hljómaði um land allt á RÚV í fjölmörgum tónlistarþáttum, t.d. varð „Ó, Jesú, bróðir besti“ eitt vinsælasta lag landsmanna á sínum tíma, í hans flutningi.



Þorsteinn Björnsson.

**Sr. Kristján Róbertsson** var fimmti prestur Fríkirkjunnar og þjónaði henni frá 1978-1982. Hann var fæddur 29. apríl 1925 á Hallgilsstöðum í Fnjóskadal, Hálshr., S-Þing. Fyrri kona hans var Margrét Ingólfsdóttir. Síðari kona hans var Auður Guðjónsdóttir. Sr. Kristján kenndi víða og þjónaði mörgum söfnuðum bæði hér á landi sem og vestanhafs. En árið 1968 var hann sæmdur heiðursmerki ríkisstjórnar Manitoba-fylkis í Kanada fyrir félagsmálaog menningarstörf. Kristján hafði mjög hljómþýða rödd og hann starfaði sem þulur við RÚV árin 1979-1982, samtímis sinni prestsþjónustu hjá Fríkirkjunni. Kristján lést árið 2008.



Kristján Róbertsson.

**Sr. Gunnar Björnsson** var sjötti prestur Fríkirkjunnar og þjónaði henni frá 1982-1989. Hann er fæddur 15. október 1944 í Reykjavík. Fyrri kona hans var Veronica Margaret Jarosz. Síðari kona hans er Ágústa Aðalheiður Ágústsdóttir. Sr. Gunnar var í áratug sellóleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands og heldur enn tónleika. Sr. Gunnar hafði áður verið prestur í Bolungarvík. Eftir störf sín í Fríkirkjunni starfaði sr. Gunnar sem sóknarprestur í Holti í Önundarfirði. Síðan starfaði hann sem sóknarprestur í Selfossprestakalli. Sr. Gunnar hefur ritað bækur, samið greinar, smásögur og ljóð auk þess að hafa þýtt fjölmargar bækur.



Gunnar Björnsson.

**Sr. Cecil Haraldsson** var sjöundi prestur Fríkirkjunnar og þjónaði henni frá 1988-1997. Hann er fæddur 2. maí 1943 í Stykkishólmi. Fyrri kona hans var Ólína Torfadóttir. Síðari kona hans er Kristín Guðveig Sigurðardóttir. Sr. Cecil tók snemma þátt í félagsstörfum jafnaðarmanna og hann hefur sinnt kennslu víða. Hann var vígður til prestþjónustu í Svíþjóð og þjónaði þar söfnuðinum í Burlöv um tíma auk þess að sinna afleysingaþjónustu þar ytra áður en hann tók við Fríkirkjunni. Eftir að þjónustu hans við Fríkirkjuna lauk þjónaði hann sem sóknarprestur í Seyðisfjarðarprestakalli í 15 ár. Á Seyðisfirði átti hann sæti í bæjarstjórn í 11 ár og var forseti bæjarstjórnar í fjögur ár.



Cecil Haraldsson.

**Sr. Hjörtur Magni Jóhannsson** er núverandi prestur Fríkirkjunnar og hefur þjónað henni í 21 ár, frá 1998. Hann er fæddur 18. apríl 1958 í Keflavík á Suðurnesjum. Fyrri kona hans var Guðlaug Þráinsdóttir. Eiginkona hans er Ebba Margrét Magnúsdóttir fæðinga- og kvensjúkdómalæknir og formaður læknaráðs Landspítalans. Með guðfræðinámi var hann í framhaldsnámi í Jerúsalem, í Biblíu- og trúarbragðafræðum, sem og í hebresku, í rúm tvö ár. Síðar var hann við framhaldsnám við Edinborgarháskóla í þrjú ár. Þegar guðfræðinámi lauk var hann kosinn til að þjóna Útskálaprestakalli á Suðurnesjum hátt í tíu ár. Í tíð sr. Hjartar Magna hjá Fríkirkjunni hefur fjöldi safnaðarfélaga aukist um rúman helming, úr tæpum fimm þúsund, upp í tæp ellefu þúsund. Sr. Hjörtur Magni hefur haldið í heiðri áherslur forvera sinna um umburðarlyndi, víðsýni og frjálslyndi. Sr. Hirti Magna hefur verið boðið að tala á alþjóðlegum ráðstefnum víða um heim, um samtal trúarbragðanna sem og málefni umhverfisverndar og mannréttinda svo sem í Asíu, Mið-Austurlöndum og Suður-Afríku þar sem mannréttindabaráttu Nelsons Mandela var minnst. Sr. Hjörtur Magni var fyrsti forstöðumaður trúfélaga á Íslandi til að tala opinberlega fyrir mannréttindum samkynhneigðra og hann beitti sér fyrir því af festu, að samkynhneigðir fengju að ganga í hjónaband jafnt sem gagnkynhneigðir.



Hjörtur Magni Jóhannsson.

# Fríkirkjan í Reykjavík 120 ára

**Fríkirkjan í Reykjavík fagnar nú 120 ára afmæli sínu. Af því tilefni er áhugavert að rifja upp aðdragandann að stofnun Fríkirkjusafnaðarins og hvað einkennir söfnuðinn í dag.**



Fríkirkjan í Reykjavík á messudegi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Svonefndar fríkirkjur komu fram á sjónarsviðið fljótlega eftir siðaskiptin. Um var að ræða kirkjudeildir sem stóðu utan ríkiskirkjunnar auk þess að standa hugmyndafræðilega utan hennar. Um var að ræða frjáls trúfélög og félagsmenn ákváðu sjálfir að vera meðlimir. Þessar kirkjudeildir urðu til bæði í Bandaríkjunum og Evrópu en áttu hins vegar lítið sameiginlegt með þeirri fríkirkju sem síðar var stofnuð á Íslandi um aldamótin 1900 og hér verður fjallað um. Þar var enginn ágreiningur um kirkjusiði, túlkanir á sakramentum eða Biblíunni en sá ágreiningur var til staðar í evrópskum og bandarískum fríkirkjudeildum.

## Aðdragandinn

Það voru erlend áhrif sem komu hreyfingu á stofnun frjálsra kirkjusafnaða á Íslandi. Fyrst við komu mormóna 1851 og síðar með stofnun kaþólsks safnaðar 1857 myndaðist rof í ríkiskirkjunni sem hér starfaði. Vera þessara söfnuða vakti upp spurningar um trúfrelsi og almenn mannréttindi en trúfrelsi sem kom í dönsku stjórnarskrána 1851 var ítrekað í stjórnarskrá Íslands frá 1874. Áherslan á mannréttindi jók kröfuna um sérstök lög sem viðurkenndu trúfrelsi og þar með stofnun kirkjudeilda og trúfélaga utan þjóðkirkjunnar. Annar stór þáttur í því ferli voru áhrif frjálsra fjölmiðla en útgáfa blaða og tímarita jókst á árabilinu 1870-1910 úr 6 í 34 eða nær sexfaldaðist.

Frjálslynd sjónarmið fóru að birtast en áhrifa bæði frá Englandi og Bandaríkjunum gætti talsvert. Hingað komu prestar úr Íslendingabyggðum í Vesturheimi og upplýstu um trúarlíf á þeim slóðum. Ekki var um trúarlegan ágreining að ræða heldur beindist gagnrýnin að yfirstjórn kirkjunnar sökum íhaldssemi og afskiptaleysis sem leiddi síðan til hnignunar í trúarlífi að mati þeirra sem gagnrýndu.

Krafan um aðskilnað ríkis og kirkju var einnig liður í auknu sjálfstæði frá Dönum, kirkjan yrði þá fyrst sönn þjóðkirkja. Við þetta bættust svo frjálslynd sjónarmið um að ríkisvaldið væri veraldlegt vald og að trú manna væri þeirra einkamál. Stofnun fríkirkjusafnaða bar því að skoða í ljósi þessa tíðaranda en stofnun þeirra var hluti af sjálfstæðisbaráttunni. Fríkirkjur voru stofnaðar sem eigin kirkja alþýðunnar gegn yfirstéttinni sem drottnaði yfir þjóðkirkjunni.

## Fríkirkjusöfnuðurinn stofnaður 1899

Í Reykjavík hóf söfnuður aðventista starfsemi 1897 og varð sú starfsemi hvatning til þess að tveim árum síðar var stofnaður Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík. Þá hafði verið uppi ágreiningur meðal verkamanna og iðnaðarmanna gagnvart yfirvöldum kirkjunnar og yfirstéttinni í bænum, sem talin var ganga all freklega fram varðandi val á presti og almennt um sætaskipan í kirkjunni og fleiri forréttindi sem endurspegluðu stéttaskiptingu samfélagsins, en ein kirkja, Dómkirkjan, var þá starfandi í bænum og rúmaði aðeins um einn tíunda hluta safnaðarins.

Um aldamótin 1900 hafði fjórðungur bæjarbúa skráð sig í söfnuðinn og 1903 var vígð kirkja við Tjörnina í Reykjavík, Fríkirkjan í Reykjavík var orðin að veruleika. Er talið að upphaf Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík sé einn merkilegasti atburður í kirkjusögu Íslands á 20. öldinni.



Árni Gunnarsson.

**„Í málflutningi safnaðarins hefur verið bent á þá ósanngirni sem ríkir gagnvart frjálsum trúfélögum þegar kemur að fjárveitingum til safnaða.**

Í söfnuðinn gengu bæði embættismenn og menntamenn auk iðnaðar- og verkamanna sem stóðu að stofnun hans, en þeir áttu sameiginlegt að vera á móti ríkjandi tengslum ríkis og kirkju. Andstaðan var einnig af pólitískum og félagslegum toga og sprottin af umræðu í samfélaginu um að Íslendingar fengju aukið sjálfræði í eigin málum. Hugsjónir um lýðræði, jafnræði og frelsi í samfélagslegu ljósi og víðsýni, umburðarlyndi og frjálslyndi í trúarlegu ljósi voru gildi stofnenda Fríkirkjunnar. Þessi gildi eru leiðarljós safnaðarins enn í dag. Markmið Fríkirkjunnar er að stuðla að lýðræðislegu jafnræðisfyrirkomulagi lífsskoðana og trúmála á Íslandi.

Enginn ágreiningur er gerður við þjóðkirkjuna um kirkjusiði og messuform, né um nein trúarleg atriði í trúboðun fríkirkjunnar, ágreiningurinn snýst um frelsi og jafnræði.

Fyrsti prestur safnaðarins í Reykjavík var sr. Lárus Halldórsson en hann hafði áður verið hjá söfnuðinum á Reyðarfirði. Sr. Lárus lagði jafnframt hugmyndafræðilegan grunn að starfi safnaðarins. Um samband ríkis og kirkju sagði sr. Lárus m.a. eftirfarandi árið 1899 þegar hann tók við embætti sóknarprests: „Þjóðfélagið og kristindómurinn eða ríki og kirkja eru tvær hinar stærstu hugsjónir mannkyns; þær eiga að standa hvor við hliðina á annarri og styðja hvor aðra og gjöra það best á þennan hátt að hvor um sig fái að þróast samkvæmt réttum eðlislögum sínum. En sé farið að tengja þær saman, t.a.m. með því að gjöra kristna trú að skilyrði fyrir borgaralegum réttindum þá liggja hinar skaðlegu afleiðingar af því í augum uppi og eru nógsamlega sannaðar af mannkynssögunni."

Sr. Lárus þjónaði við Fríkirkjuna í Reykjavík árin 1899-1902.

## Helstu áherslur í starfi Fríkirkjunnar

Fyrsta kirkjulega kvenfélag á Íslandi var stofnað 1906 af konum safnaðarins sem studdu mjög við byggingu kirkjunnar og við kaup á búnaði í hana. Félaginu var einnig ætlað að sinna líknarmálum og hlúa að bágstöddum og svo voru hitamál eins og kosningaréttur kvenna og menntun barna ofarlega á dagskrá.

Sr. Ólafur Ólafsson, annar prestur safnaðarins á árunum 1902-1922, barðist fyrir réttindum kvenna til náms og fyrir kosningarétti þeirra. Var hann sérstaklega heiðraður af Bríeti Bjarnhéðinsdóttur fyrir framlag sitt til kvenréttinda á Íslandi.

Tónlistarlíf hefur blómstrað í Fríkirkjunni frá upphafi þar sem ungir og ómótaðir tónlistarmenn jafnt sem færustu snillingar hafa flutt tónlist sína. Tónlistin í kirkjunni á að endurspegla viðhorf kirkjunnar og er því opin fyrir nýjum straumum og stefnum. Því er starf organista meira í takt við starf tónlistarstjóra. Fjölmargar aðrar kirkjur innan og utan þjóðkirkjunnar sinna tónlistararfinum einnig með miklum sóma.

Strax í upphafi markaði Fríkirkjusöfnuðurinn sér sérstöðu. Söfnuðurinn tók sér ákvörðunarvald í kirkjumálum og lét hvorki embættismenn, stjórnmálamenn né guðfræðinga ráðskast með það fyrir sína hönd.

Í málflutningi safnaðarins hefur verið bent á þá ósanngirni sem ríkir gagnvart frjálsum trúfélögum þegar kemur að fjárveitingum til safnaða. Kirkjur utan þjóðkirkjunnar geta t.d. ekki sótt um styrki vegna endurbóta og viðhalds úr sjóðum sem fjármagnaðir eru af öllum skattgreiðendum.

Bent er á að í stjórnarskrá lýðveldisins segir m.a.: „Hin evangelísk lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda." Fríkirkjan í Reykjavík skilgreinir sig sem evangelísk lútерska kirkja í sama hópi og þjóðkirkjan hvað ábyrgð ríkisvaldsins áhrærir. Söfnuðurinn ber hins vegar einn ábyrgð á öllum sínum rekstrarkostnaði.

## Þróun kristinnar trúar

Kristni og kristin trú á undir högg að sækja í nútímanum. Því er það skylda allra kristinna söfnuða að taka höndum saman til varnar kristinni trú. Bæta þarf samskipti þeirra á milli í samkirkjulegum anda. Áhugavert yrði ef tækist að skapa öllum kristnum söfnuðum í landinu jöfn skilyrði til vaxtar.

Fríkirkjan í Reykjavík hefur aðlagast vel nútímasamfélagi með því að vera trú sínum gildum um víðsýni, frjálslyndi og umburðarlyndi. Mannréttindi eru æðri öllum trúarkreddum og hefur þessi afstaða skapað söfnuðinum ákveðna sérstöðu í áranna rás.

## Áherslan á mannréttindi allra er í anda Jesú Krists sem talaði við alla

Mannréttindabarátta minnihlutahópa er sístæð og síbreytileg. Stefna Fríkirkjunnar í Reykjavík markast af víðsýni í málefnum ólíkra hópa en Fríkirkjan var fyrst til að bjóða samkynhneigða velkomna og félagi múslima hefur verið boðin afnot af safnaðarheimili kirkjunnar.

Bregðast þarf við vaxandi fjölhyggju sem fylgir nýjum íbúum og aðlaga þarf siði og hefðir kirkjunnar að nýju samfélagi en þessi stígur er vandrataður. Fjölbreyttara samfélag leiðir til endurmats, til skapandi spennu milli gamalla hugmynda og nýrra sem síðan leiðir til framfara og endurnýjunar.

Helstu baráttumál nánustu framtíðar eru umhverfismál og náttúruvernd. Kirkjan á að tala gegn rányrkju auðlinda og beita sköpunarguðfræðinni í röksemdum sínum. Hlýnun loftslags, mengun sjávar og hækkandi sjávarborð ógna tilveru milljóna manna. Við fáum jörðina lánaða frá börnunum okkar sem erfa hana og við þurfum því að skila henni af okkur með sóma. Kirkjan á þannig að skipta sér af pólitískum átakamálum samtímans á sinn hátt með því að benda á sköpun Guðs sem við höfum að láni.

## Framtíðin

Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík á sér bjarta framtíð og fagnar öllum sem óska að ganga í hans raðir og taka þar með undir þau gildi sem söfnuðurinn stendur fyrir. Ör vöxtur hin síðari ár hefur vakið athygli, en fjöldi safnaðarmeðlima árið 1998 var 4.852 manns en sá fjöldi er í dag um 10.000 og rétt tæp 11.000 að meðtöldum þeim sem búa erlendis og leita okkar þjónustu. Þessi ánægjulegi vöxtur á sér stað á sama tíma og kristni og kirkja eiga erfitt uppdráttar í Evrópu. Það er því bjart framundan.

*Árni Gunnarsson*
*Höfundur á sæti í safnaðarráði Fríkirkjunnar í Reykjavík*

# Langafi minn var eldsál

Ég stóð úti á lóð í Árbænum fimm ára gömul í krakkaskara, sem var að takast á í einhverjum leik. Þar var strákur sem reyndi að marka sér stöðu með því að segja þessa fræga setningu: „Pabbi minn er lögga!“ Áður en ég vissi af var ég búin að svara honum um hæl: „Langafi minn var prófessor í guðfræði!“ sem gerði hann alveg orðlausan, enda óvenjulegt útspil.

Langafi minn, sr. Haraldur Níelsson, fæddist 96 árum á undan mér og var dáinn 36 árum áður en ég fæddist en var þó svo ofarlega í huga mér frá barnæsku að ég taldi hann, eins og þarna sést, sem aðalmanninn í minni bakvarðarsveit.

Það var mynd af honum uppi á vegg á æskuheimili mínu. Hann horfir beint í vél þannig að augun hans fylgja manni hvert sem maður fer. Ég staðnæmdist oft við myndina og horfðist í augu við hann og í eitt skiptið hefði ég getað svarið að hann hreyfði höfuðið. Upp frá því fannst mér hann alltaf mjög nálægur og lifandi. Þegar ég varð stór eignaðist ég svo þessa sömu mynd, litla og snjáða og hef haft hana með mér á öllum lífsins ferðalögum til halds og trausts.

En hann var ekki bara nafn sem ég lærði eða mynd sem ég sá, heldur fylgdi með sagan af trúarsannfæringu hans og ást á Jesú. Löngun hans til að hugga og styrkja samferðafólk sitt. Vilji hans til að blása nemendum sínum í guðfræði eld í brjóst. Og kjarkur hans við að nota aðferðir síns tíma til að rannsaka sannleiksgildi ódauðleikakenningarinnar. Ekki af því að hann vantaði sjálfan trú heldur af því að hann var óhræddur við sannleikann og vonaðist til að sannanir á þessu sviði myndu auðvelda honum og öðrum prestum að hugga þá sem höfðu misst marga sína nánustu í spönsku veikinni.

Pabbi gaf mér Biblíu Haraldar Níelssonar í fermingargjöf, en hana þýddi hann úr frummálinu og þótti mikið afrek. Hann sagði mér að langafi hefði verið eldsál, sýndi mér predikanasafnið hans og lýsti fyrir mér hvernig fólk hafði streymt í Fríkirkjuna í Reykjavík til að hlusta á hann svo færri komust að en vildu. Hann dró upp fyrir mér sterkar myndir og sagði mér fallegar sögur af manni sem var farvegur fyrir ljós.

### Haraldur Níelsson

Sr. Haraldur Níelsson, prófessor í guðfræði, var mesti áhrifamaður í kristnisögu Íslands og trúarlífi þjóðarinnar á fyrri hluta síðustu aldar. Hann predikaði í Fríkirkjunni frá 1914-1928. Vegna þess að trúarlegur eldmóður guðfræðiprófessorsins var þjóðkirkjunni ekki þóknanlegur þá fann prófessor Haraldur að Fríkirkjan í Reykjavík var sá eini opni vettvangur þar sem hann gat predikað óhindrað. Sr. Haraldur predikaði af mikill andagift og hann hafði víða sýn á hin andlegu málefni. Aðsóknin var gífurleg og reyndar svo mjög að gefa varð út sérstaka aðgöngumiða að guðsþjónustunum því margir urðu frá að hverfa þó svo að kirkjan tæki mörg hundruð manns í sæti. Það er einsdæmi í íslenskri kirkjusögu.


María Ellingsen með mynd af langafa sínum í baksýn.

**„En hann var ekki bara nafn sem ég lærði eða mynd sem ég sá, heldur fylgdi með sagan af trúarsannfæringu hans og ást á Jesú. Löngun hans til að hugga og styrkja samferðafólk sitt.**



Einstakt í íslenskri kirkjusögu, þurfti að takmarka aðgöngu.

En hvaða máli skiptir þetta í dag? Er Haraldur ekki horfinn? Undanfarið hef ég verið að lesa það sem hann skrifaði, bæði predikanir og bréf og þá finn ég hvernig árin og víddirnar sem skilja okkur að hverfa og ég heyri röddina hans og finn fyrir sannfæringarkraftinum. Hann hvetur mig til að vera Jesú samferða í lífinu, hafa að leiðarljósi þá trú, von og kærleika sem hann boðaði og leitast við að þjóna mannkyninu í gegnum líf og starf.

*María Ellingsen*

# Ævinlega þakklátur Fríkirkjunni

Ég er þakklátur fyrir að hafa frá 6 ára aldri fengið að vera samferða pabba og mömmu til messu í Fríkirkjunni á hverjum sunnudegi. Þau sungu bæði með Fríkirkjukórnum. Við orgelið var mér kennt að það væri ekkert hallærislegt að opna sig og syngja. Óttinn við sönginn var þarna tekinn frá mér strax. Ef almættið hefur blessað þig með einhverri vöggugjöf, þá er best að láta þá gjöf vaxa og dafna með því að gefa hana áfram til annars fólks.

Sem fullorðinn söngvari átti ég eftir að fá að taka þátt í bæði gleði- og sorgarstundum fólks í Fríkirkjunni, við brúðkaup og skírnir sem og jarðarfarir og kveðjustundir. Þá gerði ég mér grein fyrir því hvað söngur og tónlist er í rauninni mikið þjónustustarf. Ég veit af fenginni reynslu að tónlist og textar geta verið magnað verkfæri sem aðstoðar fólk við að opna sig tilfinningalega fyrir gleði sinni jafnt sem sorgum. Tónlist virkar líka á fólk sem hélt að það gæti ekki grátið.

Ég verð ævinlega þakklátur Fríkirkjunni og séra Hirti Magna fyrir að hafa tekið skýra afstöðu með réttindabaráttu homma og lesbía, og síðar öllum hinum hópunum undir regnhlíf regnbogans, á þeim tímum þegar það var langt frá því að vera sjálfsagt. Sú afstaða Fríkirkjunnar varð til þess að ég átti ég eftir að spila inn jólin ásamt Moniku vinkonu minni og hörpuleikara í miðnæturmessu Fríkirkjunnar á aðfangadagskvöld, 24. desember frá árunum 2002 til 2015. Þetta gerðum við heil 14 ár í röð.

Ég fékk meira að segja að stíga í prédikunarstólinn og messa yfir liðinu. Ég nálgaðist þetta með því hugarfari að ég væri bara að fara að deila áfram því hvernig ég hef tekist á við erfiðustu áskoranir lífs míns, með aðstoð míns æðri máttar – en ég og hann erum bestu vinir. Ég deili minni upplifun af æðri mætti ekki með hverjum sem er. En um leið og ég finn að einhver mér nærri er opinn fyrir því, þá deili ég minni upplifun og vona að viðkomandi tengi.

Takk, Fríkirkjan í Reykjavík, fyrir dásamlega samfylgd síðan 1976. Hjartanlega til hamingju með 120 ára afmælið.

*Páll Óskar*


Á góðri stund í Fríkirkjunni þegar lög um hjúskap samkynhneigðra voru samþykkt.


Páll Óskar Hjálmtýsson.

**„Ég verð ævinlega þakklátur Fríkirkjunni og séra Hirti Magna fyrir að hafa tekið skýra afstöðu með réttindabaráttu homma og lesbía, og síðar öllum hinum hópunum undir regnhlíf regnbogans, á þeim tímum þegar það var langt frá því að vera sjálfsagt.**



Fjölskyldumessa í Fríkirkjunni í Reykjavík fyrir stuttu. Hjörtur Magni Jóhannsson prestur með barnakór kirkjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Falleg bygging við Tjörnina

Við Tjörnina í Reykjavík stendur eitt af helstu kennileitum borgarinnar, bygging Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík. Kirkjan, sem er tvílofta timburbygging, stendur við austanverða Reykjavíkurtjörn.

Skráð byggingarár kirkjunnar er 1903 en kirkjan var vígð 22. febrúar það ár. Söfnuðurinn keypti lóðina í apríl 1901 og byggingarleyfi var gefið út í maí sama ár. Leyfi var veitt til að reisa kirkju á lóðinni að stærð 20*31 alin ásamt forkirkju að stærð 6*8 álnir en lengd kirkjunnar í fyrsta áfanga var ekki nema 20 álnir. Sigvaldi Bjarnason trésmíðameistari reisti kirkjuna og er jafnframt hönnuður fyrsta áfanga hennar. Kirkjan var svo risin í nóvember 1902 en þá fór virðing hennar fram, sem í dag jafngildir fasteigna- og brunabótamati.

### Söfnuðurinn stækkaði ört á fyrstu árunum

Söfnuðurinn stækkaði ört á fyrstu árunum og var ákveðið á safnaðarfundi í desember 1904 að ráðast í lengingu kirkjunnar um 15 álnir. Rögnvaldur Ólafsson, sem var byggingaráðunautur heimastjórnarinnar og fyrsti húsameistarinn, teiknaði stækkunina og gerði breytingar inni í kirkjunni. Vinnan fór af stað strax um vorið 1905 og lauk um haustið sama ár. Næsta stækkun var svo sumarið 1924 þegar ráðist var í breytingar á lofti kirkjunnar, krosshvelfingar voru fjarlægðar, loftið hækkað og bogarnir í hvelfingunni fengu það yfirbragð sem þeir hafa enn í dag. Þetta sama sumar hófst bygging á kórnum sem er steinsteyptur og lokið var við bygginguna fyrir áramótin sama ár. Teikningar af kórnum gerði Einar Erlendsson sem var aðstoðarmaður Rögnvaldar. Steinsteypta kórbyggingin passar skemmtilega við þetta reisulega timburhús. Síðasta stækkun kirkjunnar var svo 1940 þegar sótt var um leyfi til að byggja tvær lágbyggingar sitthvorum megin við forkirkjuna. En í dag er í þessum lágbyggingum salernisaðstaða og undirbúningsherbergi fyrir prestinn.



Davíð Sigurður Snorrason

> Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík mun áfram leggja mikið kapp á að varðveita þessa fallegu kirkju svo hún geti áfram verið ferðamönnum myndefni og verið tákn um byggingararfleifð Íslendinga um langa framtíð.

### Ljóst er að bygging kirkjunnar var mikið afrek

Ljóst er að bygging kirkjunnar var mikið afrek á sínum tíma og hafa margir lagt á sig ómælda vinnu svo af kirkjubyggingunni mætti verða. Hér verða ekki taldir upp allir þeir sem lögðu lóð sitt á vogarskálarnar. En í 18. bindi af Kirkjum Íslands má finna ítarlegar upplýsingar um byggingarsögu kirkjunnar og t.d. hverjir sátu í byggingarnefndum mismunandi áfanga. Það er hinsvegar ljóst að kirkjan er byggð af almenningi í ört stækkandi Reykjavík um aldamótin 1900, iðnaðarmönnum, sjómönnum og verkafólki. En á sama tíma er að byggjast upp stétt iðnaðarmanna í Reykjavík. Um tíma var talið að tæpur helmingur Reykvíkinga tilheyrði Fríkirkjusöfnuðinum.

Kirkjan, sem er timburhús eins og fyrr segir, er í gotneskum stíl eins og sést á hvassbogamynduðum gluggum og hvelfingum. Þá höfðu áður verið reistar margar tvílofta kirkjur hér á landi og nokkrar kirkjur undir gotneskum áhrifum. Í bókinni Íslensk byggingararfleifð I eftir Hörð Ágústsson er fjallað um það, hvernig gotneski stíllinn er yfirfærður í bárujárnsklætt timburhús auk þess sem frumkvöðlum í kirkjubyggingum hér á landi eru gerð góð skil. Einn af þeim var Guðmundur Jakobsson sem skrifaði ritgerðina „Nýtt kirkjuform og fleira um kirkjur“ en talið er að Sigvaldi Bjarnason trésmíðameistari og frumhönnuður Fríkirkjunnar hafi verið undir áhrifum frá henni þegar hann gerði uppdráttinn að kirkjubyggingunni.

### Viðhald verulega kostnaðarsamt

Viðhald friðaðra mannvirkja eins og Fríkirkjunnar í Reykjavík er almennt kostnaðarsamt en ekki síður vandasamt. Það hefur verið leiðarljós safnaðarráða síðustu áratuga að einbeita sér að varðveislu kirkjunnar og passa að allar viðhaldsframkvæmdir skemmi ekki upprunalegan stíl og minjar sem þar eru. Safnaðarráðin hafa stuðst við sérfræðinga og fagfólk á sviði húsafriðunar í þeim verkefnum sem er lykillinn að góðum árangri. Farið var í stórt viðhaldsverkefni 1998-99 þar sem innra byrði kirkjunnar var fært betur í upprunalegt horf. Jafnframt hefur verið farið í mörg verkefni síðan þá bæði inni og úti þar sem verið er að laga það sem látið hefur á sjá eða liggur undir skemmdum. Eitt af því sem er kostnaðarsamt er t.d. málningarvinna á gluggum kirkjunnar en einfalt gler og veðurfar veldur því að málningin endist ekki lengi. Það eru miklar kvaðir sem fylgja því að vera með svona dýrgripi í höndunum og ekki væri verra ef hið opinbera kæmi sterkar að varðveislu friðaðra bygginga á Íslandi með því að efla Húsafriðunarsjóðinn sem Minjastofnun Íslands úthlutar úr til þeirra sem eru að lagfæra friðuð hús. En styrkirnir þurfa helst að vega upp á móti þeim aukakostnaði sem felst í viðhaldi friðaðra húsa. Allar þessar gömlu timburkirkjur eru mikilvægur hluti íslenskrar byggingararfleifðar og ber að varðveita.

> Kirkjan, sem er timburhús eins og fyrr segir, er í gotneskum stíl eins og sést á hvassbogamynduðum gluggum og hvelfingum.

### Fjölmargir dýrgripir

Í kirkjunni má finna fjölmarga dýrgripi sem erfitt er að meta til fjár. Má þar nefna orgelið sem nýlega hefur verið endurbætt, skírnarfontinn og altarisbúnað. Þeim sem þetta skrifar þykir hins vegar hvað vænst um málverk Eiríks K. Jónssonar húsamálara, eða það sem eftir er af því á kórboga þar sem gengið er inn í kór kirkjunnar. Myndin sýnir Krist birtast lærisveinum sínum eftir upprisuna. Búið var að mála yfir verkið en það var endurheimt að hluta við endurbætur 1998. Skiptar skoðanir hafa verið um verkið, þ.e. hvort mála eigi yfir það aftur eða reyna að endurmála það í sama stíl. Sumum þykir þetta hálfa verk lýti á kirkjunni á meðan öðrum þykir óendanlega vænt um það og þann anda sem verkið skapar þó það sé ekki í upprunalegri mynd.

### Notre Dame til viðvörunar!

Eftir stórbrunann sem varð í Notre Dame dómkirkjunni í París síðastliðið sumar fór af stað þörf umræða um varðveislu gamalla timburhúsa hér á landi. Dómkirkjan í Notre Dame skemmdist gríðarlega en er þó ekki ónýt og verður endurbyggð. En þak byggingarinnar hrundi að mestu auk turnspírunnar á miðju þakinu og einnig urðu skemmdir efst á veggjum og niðri í kirkjunni vegna hruns og reyks. Staðreyndin er sú að þegar svona hendir í gömlum timburbyggingum verður yfirleitt ekkert eftir nema grunnurinn og því ekki kostur á sambærilegri endurbyggingu eins og í París. Eina leiðin til að vernda stórar timburbyggingar eins og Fríkirkjuna í Reykjavík til langrar framtíðar er að setja vatnsúðakerfi í hana. Líkurnar eru í sjálfum sér ekki miklar en afleiðingarnar yrðu það afdrifaríkar að áhættan telst umtalsverð. Búið er að setja vatnsúðakerfi í margar friðaðar byggingar hér á landi, aðallega skólabyggingar, og hefur tekist ágætlega til þó alltaf megi sjá ummerki kerfisins, en varðveislupátturinn vegur einfaldlega meira. Stundum er rætt um hættuna á vatnsskemmdum sem fylgir vatnsúðakerfum en sú hætta er margfalt minni en hættan af leka af almennum vatnslögnum þar sem kröfur og utanumhald er umtalsvert meira en á venjulegum pípulögnum. Auk þess sem tjón af völdum vatns er oftast afturkræft en það sama er almennt ekki hægt að segja um brunatjón í gömlum timburbyggingum.

Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík mun áfram leggja mikið kapp á að varðveita þessa fallegu kirkju við Tjörnina svo hún geti áfram verið ferðamönnum myndefni og verið tákn um byggingararfleifð Íslendinga um langa framtíð.

*Davíð S. Snorrason, verkfræðingur og formaður safnaðarráðs*

# Tónlistin í Fríkirkjunni

Byggingarlega séð er Fríkirkjan í Reykjavík eins og dæmigerð íslensk sveitakirkja, nema bara miklu stærri. Í kirkju af þessu tagi getur í venjulegu helgihaldi verið galli að prestur standi einsamall fremst í kór kirkjunnar en nánasta samstarfsfólk hans, tónlistarfólkið, sé staðsett alveg í hinum enda hússins, uppi á kirkjulofti. Það er þó óneitanlega tignarlegt þegar kórsöngur og orgel hljóma af kirkjulofti, eins og af himnum ofan – en fjarlægðin, stafnanna á milli, getur orðið til að hefta flæðið. Einn af kostum Fríkirkjunnar sem tónlistarhúss er að fyrir framan fremstu bekkjarröðina er mikið rými og gólfpláss sem kemur sér vel fyrir allan tónlistarflutning, sérstaklega á tónleikum en líka við helgihaldið. Eftir að ég kom til starfa hjá Fríkirkjunni byrjuðum við allar messur uppi á kirkjuloftinu en eftir lestur guðspjalls fóru kór og organisti niður til þess að vera sýnilegri hluti af athöfninni og í betra sambandi við prestinn. Þá kom sér vel að hafa þetta rými fyrir framan þar sem flygillinn er staðsettur. Hljómur kirkjunnar er einstaklega hlýr en þó með hæfilegum eftirhljómi, einstaklega góður fyrir fjölbreytta tónlist. Eins og fram kemur í greininni um orgel Fríkirkjunnar er hægt að spila á það neðan af kirkjugólfi.



Gunnar Gunnarsson, tónlistarstjóri Fríkirkjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Tónlistarsamvinna trúarbragðanna; gyðingleg tákn, kristnir og múslimar.



Frá flutningi Jazz Mass. Ike Sturm, bassaleikari og djassskáld, Sara Grímsdóttir og Erik Qvick. Reglulega eru haldnir tónleikar í kirkjunni.

### Kórar kirkjunnar

Kór kirkjunnar sem stendur vaktina í öllum messum er um það bil 12 manna hópur. Upphaflega kallaði hann sig einfaldlega Sönghóp Fríkirkjunnar en þegar hann söng inn á plötuna Mannabörn með Tómasi R. Einarssyni og Sigríði Thorlacius var nafninu breytt og heitir hann síðan Sönghópurinn við Tjörnina. Það var líka gert til aðgreiningar frá þeim hópi sem syngur við útfarir í samvinnu við Fríkirkjuna í Hafnarfirði. Þótt kirkjutengingin sé sterk hefur hópurinn í auknum mæli tekið að sér verkefni utan kirkjunnar. Tvisvar hefur hann sungið jólatónleika með Pálma Gunnarssyni í Eldborg og um síðustu jól sungum við á Háfjallatónleikum með Agli Ólafssyni. Á Menningarnótt hefur verið fastur liður að Guðrún Gunnarsdóttir flytji tónlist og gamanmál. Kringum afmæli kirkjunnar 19. nóvember eru aðaltónleikar kórsins hvert ár.

Í fyrra buðum við kontrabassaleikaranum og djassskáldinu Ike Sturm að spila með okkur en hann er tónlistarstjóri í Saint Peter's Church á Manhattan. Við fluttum verk hans Jazz Mass, fyrir kór, einsöngvara, djasshljómsveit og strengjakvartett. Árið þar á undan fluttum við á kirkjuafmælinu verkið Eldmessu, í samvinnu við norska djasstrompetleikarann Arne Hiorth. Verkið fjallaði um Eldgosið í Laka, Móðuharðindin og Jón Steingrímsson eldklerk. Á vortónleikum okkar höfum við oftar en ekki flutt efni tengt djassi eða djasstónlistarfólki. Nú í september síðastliðnum tók sönghópurinn þátt í flutningi á vegum Al-qafila sem er fjölmenningarlegt verkefni um Leo Africanus undir stjórn Rebal Alkhodari.

Álfheiður Björgvinsdóttir er þungavigtarkona þegar kemur að barnakórum. Barnakórnum við Tjörnina er mikill fengur að hennar starfi við kirkjuna. Fríkirkjan hýsir einnig tónleikaröðina Á ljúfum nótum sem Lilja Eggertsdóttir sér um.

### Tónlist í helgihaldi

„Ég hef í langan tíma haft áhuga á að útsetja tónlist fyrir kóra og sönghópa. Þetta byrjaði smátt og hélst í hendur við tilraunir með kvöldmessur í Laugarneskirkju þar sem ég starfaði áður. Þá stóð til að byrja með svokallaðar Tómasarmessur með frjálsara formi og fjölbreyttari tónlist. Við hugsuðum okkur að taka þátt í þessu á þeim tíma en síðan varð einhver seinkun á að verkefnið færi í gang þannig að við þjófstörtuðum og fórum af stað með okkar eigin kvöldmessur með léttu sniði. Ég hef alltaf haft áhuga á djasstónlist og þess vegna lá beinast við fyrir mig að færa tónlistina í þá átt. Ég kallaði saman djasssveit; trommur, kontrabassa, blásara eða gítar eftir atvikum og svo auðvitað píanó. Það var skemmtileg áskorun að láta venjulegan kirkjukór syngja hljóma sem ekki er að finna í Sálmasöngsbókinni. Þetta ýtti mér út í að raddsetja hefðbundna sálma með djasslegri hljómanálgun. Messurnar festust í sessi og voru vinsælar. Eftir að ég kom í Fríkirkjuna gerðum við tilraunir með kvöldmessur en fórum síðan út í að hafa þennan hátt á í öllum messum.“

### Hljómsveitin Mantra

Úr röðum Sönghópsins við Tjörnina varð til lítið djassband sem spilar í flestöllum messum. Hljómsveitin, sem kallast Mantra, lifir líka sjálfstæðu lífi og við höldum tónleika á hverju ári en hana skipa Gísli Gamm, Aron Steinn Ásbjarnarson, Gunnar Gunnarsson og Örn Ýmir Arason. Tónlistin í helgihaldi Fríkirkjunnar er því bæði hefðbundin sálmatónlist með orgeli og djassskotnir sálmar með hljómsveit. Mér finnst þetta fara vel saman og tel að við höfum náð að festa í sessi fjölbreytilegan og sumpart óvenjulegan tónlistarflutning í kirkjustarfinu.

*Gunnar Gunnarsson, tónlistarstjóri Fríkirkjunnar*

---

# Falleg, einföld og hlýleg Fríkirkja

Fríkirkjan í Reykjavík er nágranni minn og hitti ég hana því fyrir á göngutúrum mínum nánast daglega. Þessi höfstillta kirkja sem berst ekki mikið á. Falleg, einföld, hlýleg og opin öllum – samt á sama tíma svo virðuleg og glæsileg.

> **„Starfið innan veggja kirkjunnar er í anda við húsið sjálft.**

Starfið innan veggja er svo í takt við húsið sjálft. Manneskjulegt og elskulegt – en alltaf vandað og glæsilegt.

Mér þykir ákaflega vænt um þennan nágranna minn.

*Sigríður Thorlacius*



Sigríður Thorlacius.

# Sálin við Tjörnina

Söngurinn ómagnaður komst ekki gegnum lokaðar dyrnar eða gluggana en fallegu lögin flugu til himins gegnum háan turn Fríkirkjunnar og náðu beinni tengingu við guðdóminn. Hljómur orgelsins undirstrikar helgi tónlistarinnar en tilbrigði trommunnar, klingjandi vindbjöllur og kontrabassi leggja grunninn að flutningi þar sem hátíðlegur söngur kórsins fær alveg nýtt yfirbragð – endurnærandi.

Að hafa frelsi til að semja tónlist og spinna út frá henni er gott fyrir kirkjuna. Samvinna hljómsveitar og sönghóps færir flutninginn í hæðir, í þágu listar og tilfinninga en ekki vegna djasstónlistarinnar sjálfrar eða til að ganga einhverri einni tónlistarstefnu á hönd.

Eitt helsta einkenni sálmaflutningsins í Fríkirkjunni er samspil bassa og slagverks sem myndar hljómsveitina auk píanós. Orgelið er notað á hefðbundinn hátt en jafnvel með því er bassinn plokkaður og slagverkið leikur frjálslega með. Sálmar eru sungnir á örlítið annan hátt en venja er vegna djasssveitarinnar. Laglínur, taktur og hljómræn framvinda eru ekki fastar stærðir heldur háðar tíma og rúmi og er stjórnað frá píanóinu. Þetta snýst um að fanga augnablikið og spila inn í þær aðstæður sem eru hverju sinni. Þannig er tónlistin lifandi og veitir söfnuðinum innblástur.



Dr. Huimin Qi tónlistarfræðingur og forstöðukona Konfúsíusarstofnunarinnar.

Forspil að messunni er leikið af fingrum fram og tekur jafnvel mið af duttlungum veðurs og vinda en eftirspil er jafnan framlenging af lokasálmi. Stundum er þó hvort tveggja sótt í smiðjur þekktra djassskálda.

Frá upphafi hefur Fríkirkjan haft mannréttindi, bræðralag og kærleika að leiðarljósi. Tónlist kirkjunnar tekur mið af þessum málum og leggur sitt af mörkum að styðja við þau í ljóðum og lögum.

Svanirnir rölta um, mávarnir dansa og endurnar elta hver aðra um vatnið. Þetta skapar hið heillandi umhverfi Tjarnarinnar, en það er hins vegar hin tignarlega og fallega Fríkirkja sem er sálin í þessu fallega landi.

*Huimin Qi, doktor í tónlist og kínverskur forstöðumaður Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa.*

# Kirkja Frímannsins er Fríkirkjan



Jakob Frímann Magnússon fermdist í Fríkirkjunni í Reykjavík aðeins tólf ára. Prestur Fríkirkjunnar setti ekki aldurinn fyrir sig. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Það fylgdu því ýmsir kostir að vera „spyrnt upp“ um bekk í barnaskóla og fá þar með að stunda nám samhliða þeim sem fremri manni virtust, a.m.k. árinu eldri. Ókostirnir fólust hins vegar í tálmunum af ýmsum toga, m.a. er leið að fermingum árgangsins.

Sá er þetta ritar var þá einungis 12 vetra og ótækur talinn til fermingar að mati helstu kirkjunnar manna í höfuðborginni. Maður knúði á hjá fjölmörgum kirkjum, háfættur og borubrattur, var iðulega vel tekið, þar til í ljós kom hinn raunverulegi lífaldur.

„Tólf ára börn getum við ekki fermt, við verðum því miður að varna þeim þeirrar þjónustu,“ var einatt viðkvæðið, þar til knúið var dyra í Fríkirkjunni. Þar blasti við manni holdgervingur mildi og kristilegs kærleika, séra Þorsteinn Björnsson, sá hljómprúði Fríkirkjuprestur er sungið hafði með fegurra móti en áður hafði þekkst lagið „Ó, Jesú, bróðir besti“.

Svo vel hafði til tekist að sjálft Ríkisútvarpið hafði sett sálminn á spilunarlista þess tíma, þannig að reglulega mátti heyra þennan himneska flutning Fríkirkjuprestins á öldum ljósvakans.

Séra Þorsteinn skildi vel vanda hins unga og viljuga fermingarbarns og lýsti sig reiðubúinn til að veita undanþágu frá þeirri meginreglu að börn skyldu hafa náð a.m.k. 13 ára aldri með tilheyrandi andlegum þroska áður en til fermingar gæti komið. Fermingunni er jú ætlað að vera staðfesting (Confirmation) hins þroskaða, fullveðja einstaklings á sjálfri skírninni.

Nú var ýmsum létt, því tilhugsunin um að sitja einn eftir ófermdur í 2. bekk Hlíðaskóla hafði satt að segja plagað mann heilmikið. Maður hugsaði strax með sér að Fríkirkjan mundi að líkindum frá þessum tíma best hæfa þeim Frímanni sem svo hafði verið skírður 12 árum áður og leitaði nú staðfestingar þeirrar skírnar.

Ekki spillti fyrir að fermingin, sem var innblásin, falleg og eftirminnileg, reyndist einnig afar gjöful í veraldlegum skilningi.

Auk góðra gjafa helltist yfir fermingarbarnið reiðufé er dugði vel til kaupa á rauðu Farfisa rafmagnsorgeli – kjörgrip er nýttur skyldi til yndisauka og frekari tekjuöflunar á vettvangi fyrirsjáanlegrar hljómsveitarmennsku.

Hlýhugur minn í garð Fríkirkjunnar allar götur síðan hefur m.a. speglast í athöfnum þar á borð við skírn, fermingu og giftingu auk þess sem fjölskyldan er öll skráð í þessa góðu alþýðukirkju sem svo listilega var hönnuð og reist á fegursta stað Reykjavíkur.

Sóknarpresturinn, séra Hjörtur Magni Jóhannsson, er einhver allra besti, alþýðlegasti og frjálslyndasti prestur sem við höfum eignast og maklegur þess að feta í fótspor séra Þorsteins. Auk þess hefur hann og söfnuðurinn borið gæfu til að laða að kirkjunni einn fremsta tónlistarmann landsins, hinn fjölhæfa afburðamann Gunnar Gunnarsson, organista og söngstjóra.

Í sameiningu hafa þeir gert Fríkirkjuna að eftirsóttum tónleikastað sem skartar fyrsta flokks hljómgæðum, hljóðfærum, söngvurum og hljóðfæraleikurum.

Það kann að felast ákveðin þversögn í því að telja það til forréttinda að tilheyra kirkju sem stofnuð var af þeim sem ekki töldu sig njóta sannmælis, hvað þá forréttinda við upphaf 20. aldarinnar í Reykjavík.

Það er engu að síður svo að Fríkirkjan er kirkjan mín og verður til hinsta dags. Það hvílir blessun yfir þessu góða og fallega Guðs húsi í hjarta Reykjavíkur.

Megi það svo áfram verða um ár og aldir.

*Jakob Frímann Magnússon*

# Fann fólkið mitt í Fríkirkjunni

Á menntaskólaárunum varð mér alltaf ljósara og ljósara að ég átti enga samleið með þjóðkirkjunni. Þessi sýn mín fólst þá helst í því hvernig kirkjan og biskupinn ræddu mannréttindi samkynhneigðra, en í sömu andrá tók Fríkirkjan í Reykjavík fagnandi á móti öllum, að því að ég best fékk séð fordómalaust. Ég fann mitt fólk hér, og er þakklát fyrir þá mannlegu stefnu og virðingu fyrir öllum sem einkennir Fríkirkjuna.

*Elín Björk Jónasdóttir*



Elín Björk Jónasdóttir.



Séra Hjörtur Magni talar á tímamótum réttindabaráttu samkynhneigðra.

# Kveðja frá Ike Sturm

Þegar ég kom í Fríkirkjuna í Reykjavík fyrir ári var mér heilsað með brosandi andlitum, hlýju faðmlagi og englaröddum. Það voru forréttindi mín og blessun að geta unnið með Gunnari Gunnarssyni og þessum einstaka kór og hljóðfæraleikurum að flutningi djassmessunnar okkar, The Jazz Mass. Innilegar hamingjuóskir með afmælið frá mér til þessa einstaka safnaðar og megi Guð halda áfram að blessa þjónustu ykkar og rými.“



Ike Sturm kontrabassaleikari, djassskáld og tónlistarstjóri St. Peter's Church á Manhattan.

# Minningar- og þakkarstund HIV samtakanna

Minningarguðsþjónustur vegna þeirra sem látist hafa úr alnæmi hér á landi hafa verið haldnar árlega í Fríkirkjunni í Reykjavík í meira en aldarfjórðung. Kveikt er á kertum til að minnast þeirra er látist hafa, einu kerti fyrir hvern einstakling sem við minnumst. Minningarstund þessi er alþjóðleg og heitir á ensku Candlelight Memorial Day.

Árlega mætir Margrét J. Pálmadóttir með sína fögru söngfugla og söngkonuna Berglindi Björk Jónasdóttur. Organisti í athöfninni er venjulega Gunnar Gunnarsson. Baba og félagar flytja yfirleitt magnaða Afríkutrommutónlist og að vanda er boðið upp á veitingar í Safnaðarheimili Fríkirkjunnar að lokinni messu.



Einar Þór Jónsson.

Minningarstundin okkar hefur þróast í að verða notaleg samverustund fyrir alla fjölskylduna þar sem ungir og gamlir geta notið hlýlegs andrúmslofts og frábærrar tónlistar. Auk þess að minnast þeirra sem látnir eru fögnum við lífinu og þeim tækifærum sem HIV-jákvæðir hafa til eðlilegs lífs í dag.

Vill stjórn HIV Ísland þakka Fríkirkjunni, séra Hirti Magna og öllu starfsfólki hennar sem hefur gefið vinnu sína og gert okkur mögulegt að njóta þessarar stundar með félagsfólki HIV samtakanna, gera okkur sýnilegri og stuðlað að nánd og samstöðu.

*Einar Þór Jónsson, framkvæmdastjóri HIV Ísland*

# Um orgel Fríkirkjunnar

**Í maíbyrjun árið 1926 komu til landsins með Lagarfossi 42 kassar frá Þýskalandi. Farmurinn sem vó 11 tonn innihélt nýtt orgel fyrir Fríkirkjuna í Reykjavík. Með í för var orgelsmiðurinn Kramer.**

Með í för var orgelsmiðurinn Kramer frá Sauer-verksmiðjunum í Frankfurt við ána Oder. Hann setti upp orgelið ásamt Ísólfi Pálssyni, hljóðfærasmið og uppfinningamanni, föður Páls Ísólfssonar tónskálds og organista, og Pálmari syni hans. Hluti orgelhússins var smíðaður hér á staðnum. Uppsett kostaði hljóðfærið 41.500 krónur, sem nam andvirði tveggja einbýlishúsa, og var langstærsta hljóðfæri landsins.

Það var við hæfi þar sem Fríkirkjan var stærsta samkomuhús á landinu á þeim tíma. Um þær mundir voru Sauer-verksmiðjurnar komnar í eigu Walcker-fyrirtækisins en tengsl Walckers og Sauers voru í stuttu máli þau að Paul Walcker (1846-1928) gekk til liðs við Wilhelm Sauer 1892 og varð framkvæmdastjóri fyrirtækisins og síðan eigandi þess árið 1910. Talað hefur verið um þennan tíma sem hápunkt á blómaskeiði Sauer-orgelanna. Sauer andaðist 1916, en ári síðar lét Paul Walcker reksturinn í hendur frænda síns, Oscars Walcker (1869-1948). Sá stjórnaði þá bæði Walcker- og Sauerfyrirtækinu þótt rekstur þeirra væri aðskilinn. Orgelverksmiðja W. Sauer starfaði sjálfstætt með Walcker sem eiganda, fyrst Paul og svo Oscar, eins og fram kemur á skilti fyrsta spilaborðs Fríkirkjuorgelsins.

Orgelið var það sem kallað er pneumatískt, en þá fara boð frá nótnaborði að vindhlöðu í gegnum blýrör með loftþrýstingi. Svörun í slíkum hljóðfærum er jafnan sein en í þessu tilviki var hún líklega óvenju sein því að þegar orgel Hafnarfjarðarkirkju var sett upp 1955 voru orgelsmiðirnir beðnir að kíkja niður í Fríkirkju og freista þess að stytta svörunartímann. Það mun ekki hafa tekist, en eitt af því sem organistarnir kvörtuðu jafnan yfir var að ómögulegt væri að spila staccato.

Páll Ísólfsson hóf störf við Fríkirkjuna haustið 1926 og var orgelið keypt „svo viðunandi orgel til afnota fyrir hr. Pál væri í kirkjunni“, segir í bréfi nokkurra aðila í Reykjavík sem tóku sig saman ásamt stjórn safnaðarins og öfluðu fjár til orgelkaupanna. Árið 1939 gerðist Páll organisti við Dómkirkjuna. Við stöðunni í Fríkirkjunni tók þá Sigurður Ísólfsson, bróðir Páls og jafnframt nemandi. Sigurður var lærður úrsmiður og var hann natinn við að halda hljóðfærinu við, en pneumatísk orgel eru viðkvæm og þarfnast töluverðrar alúðar. Pálmar, bróðir Sigurðar, tók orgelið tvisvar í gegn, seinna skiptið 1957, en að sögn Sigurðar var það aðeins hreinsað lauslega frá þeim tíma alveg fram til 1985. Þá var ástandið orðið frekar bágborið og ákvað safnaðarstjórn kirkjunnar að undirlagi Pavels Smid, nýráðins organista og eftirmanns Sigurðar, að fara í gagngerar breytingar á orgelinu. Klippt var á blýrörin frá spilaborðinu, því hent í burtu og sett nýtt rafspilaborð. Orgelið var stækkað um 5 raddir til að ná meiri snerpu í hinn rómantíska og symfóníska hljóm. Nýja spilaborðið var afar nýtískulegt í útliti, ósamhverft með plexígler í nótnastatífi. Það flýtti svörun orgelsins til muna og hafði mikla minnisrýmd fyrir raddir.



Orgelið í Fríkirkjunni er einstaklega glæsilegt.

> **Safnaðarráð ákvað í tilefni af 90 ára afmæli orgelsins að kaupa nýtt spilaborð sem væri meira í takt við hið gamla hljóðfæri. Það gekk eftir og 2017 kom nýtt borð sem Björgvin Tómasson orgelsmiður og Margrét Erlingsdóttir rafvirki tengdu.**

Ef til vill var flóknara að panta svona hluti eins og spilaborð í þá daga og vera í samskiptum við erlend fyrirtæki. Að minnsta kosti þótti mörgum spilaborðið ekki vel heppnað og fannst það ekki vera í stíl við þetta gamla hljóðfæri. Margir gagnrýndu þann óafturkræfa gjörning að henda pneumatíkinni og bentu á að hér væri enn eitt slysið í orgelsögu Íslands. Breytingin var þó í anda ákveðinnar stefnu sem viðgekkst víða þar sem gömlum orgelum af þessari gerð var fargað eða breytt á sama hátt og í Fríkirkjunni. Þetta gerðist bara aðeins seinna hér á Íslandi því þegar um miðjan 9. áratuginn var komin fram öflug hreyfing í Evrópu um að bjarga og endurbyggja gömlu rómantísku orgelin í upprunalegum stíl. Hvað sem þessu leið eltist spilaborðið illa bæði í útliti og endingu.

Þegar undirritaður kom til starfa 2012 var kominn draugagangur í borðið. Ef til vill voru bræðurnir Páll, Sigurður og Pálmar Ísólfssynir að mótmæla þessum gjörningi úr öðrum heimi. Sumar nótur voru farnar að kúplast upp fyrir sig þannig að rödd úr I. borði kom á undarlegan hátt sterk inn á II. borði. Spilaborðið var einfaldlega ekki nógu vandað til að það borgaði sig að senda það utan og láta endurnýja rafkerfið.

Safnaðarráð ákvað í tilefni af 90 ára afmæli orgelsins að kaupa nýtt spilaborð sem væri meira í takt við hið gamla hljóðfæri. Það gekk eftir og 2017 kom nýtt borð sem Björgvin Tómasson orgelsmiður og Margrét Erlingsdóttir rafvirki tengdu. Borðið var fært til eldra útlits með tökkum úr handmáluðu postulíni og í pastellitum; hvítt, bleikt, blátt og grænt – en þannig voru litirnir á upprunalega spilaborðinu – arfur frá Walcker. Bætt var við áttundakúplingum á öll borð en upphaflega voru þær bara tengdar III. borði (en hægt að kúpla niður í II.). Mikill gleðigjafi og aukið notagildi var að fá MIDI í spilaborðið en það er eins og margir þekkja samskiptastaðall sem gerir mögulegt að taka upp rafrænt og stýra borðinu frá hvaða rafhljómborði eða tölvu sem er. Einnig er hægt að nota orgelið sem stjórnborð fyrir önnur rafhljóðfæri. Orgelið er (síðan 1985) elektro-pneumatískt, 41 rödd sem skiptist á 3 borð og pedal. Það hefur tvö swellverk og general crescendo.

Orgel Fríkirkjunnar er elsta pípuorgel landsins sem enn er í notkun. Það er smíðað í rómantískum stíl og hefur einstaklega mjúkan hljóm.

*Gunnar Gunnarsson, tónlistarstjóri Fríkirkjunnar*

# Barnakórinn við Tjörnina

Hvað er fallegra en syngjandi börn? Það var á aðventu árið 2012 að spurning kom frá Gunnari Gunnarssyni, organista Fríkirkjunnar í Reykjavík, hvort ég hefði nokkur börn á mínum snærum sem gætu komið og sungið á aðventukvöldi kirkjunnar.

Ég hóaði saman í lítinn englahóp sem söng inn jólin ásamt fríðu föruneyti Sönghópsins við Tjörnina. Barnakórastarf í Fríkirkjunni hafði þá legið í dvala um langt skeið en þessi stund bjó til lítinn draum hjá mér að stofna Barnakórinn við Tjörnina. Fríkirkjan er dásamlegur staður og vildi ég skapa tækifæri fyrir börn að koma í fallegu kirkjuna okkar og eiga góðar stundir í söng og leik. Draumurinn varð mjög fljótt að veruleika og með hjálp Gunnars og Hjartar Magna auk velvildar safnaðarráðs var fyrsta æfing haldin í mars 2013.

Tíu hressir krakkar mættu til leiks og sungu saman fram á sumar. Tilraunin um að opna kirkjuna fyrir söngelskum börnum tókst og var lagt kapp á að efla hópinn og starfið. Góðir hlutir gerast hægt og hefur litli barnakórinn við Tjörnina fengið að vaxa og dafna síðustu árin. Syngjandi börn í kórnum eru nú þrjátíu og fimm talsins á aldrinum 6-11 ára. Á hverjum þriðjudegi fyllist kirkjan af kátum krökkum og húsið iðar af lífi. Foreldrar og systkini njóta þess að fylgjast með og einn og einn ferðamaður lítur inn. Allir fara heim með gleði í hjarta.



Barnakórinn syngur hér við barnamessu í Fríkirkjunni undir stjórn Álfheiðar Björgvinsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Barnakórinn við Tjörnina tekur virkan þátt í safnaðarstarfi Fríkirkjunnar og syngur í fjölskylduguðsþjónustum einu sinni í mánuði yfir vetrartímann. Eins tekur kórinn þátt í aðventukvöldi og sýnir jólaleikþátt á jólatrésskemmtun kirkjunnar. Helgihald á páskum er einnig mikilvægur punktur í okkar starfi. Samstarf við aðra barnakóra hefur verið farsælt. Kórinn hefur tekið þátt í sameiginlegum tónleikum og tekið þátt í frumflutningi á nýrri barnakóratónlist eftir Ásbjörgu Jónsdóttur. Verkefnin eru margvísleg og fjölbreytt. Í lagavali leitast ég við að flytja lög við hæfi barnanna auk þess að kynna fyrir þeim fjölbreytta sálmatónlist.



Álfheiður Björgvinsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Góðir hlutir gerast hægt og hefur litli barnakórinn við Tjörnina fengið að vaxa og dafna síðustu árin. Syngjandi börn í kórnum eru nú 35 talsins á aldrinum 6-11 ára.**

Fjölskylduguðsþjónusturnar í Fríkirkjunni gefa börnunum tækifæri til að koma fram og uppskera sína vinnu. Þar kynnast þau helgihaldinu, prestinum, organistanum og því dásamlega fólki sem starfar í kirkjunni. Börnunum fylgja mjög gjarnan fjölskyldur sem mæta til kirkju og er aldrei þéttar setið í kirkjunni en þegar fermingarungmenni og barnakórinn koma saman. Fyrstu söngvarar í kórnum góða eru nú orðnir unglingar. Það er gaman að hitta þá og kórforeldra á förnum vegi og finna fyrir þakklæti gagnvart starfinu í kirkjunni. Þarna er takmarkinu náð.

Ég má til með að þakka fyrir farsælt samstarf mitt við Gunnar organista og hljómsveitina Möntru. Það eru forréttindi að fá að syngja við undirleik fagmanna og barnsraddirnar skína þá enn skærar. Við erum svo sannarlega heppin að fá að starfa saman undir græna þakinu við Tjörnina.

*Álfheiður Björgvinsdóttir, kórstýra við Tjörnina*

# Fríkirkja á þremur öldum

Fríkirkjan fagnar 120 ára tímamótum, nú þegar hún hefur starfað rúman fjórðung þess tíma sem liðinn er frá siðaskiptum hér á landi. Mörg krefjandi verkefni bíða kirkjunnar í framtíðinni.

### 45% Rýrnun – Þróun reiknaðra og greiddra sóknargjalda 1997–2020




### Opinber framlög til þjóðkirkjunnar 2020*

| | |
|---|---|
| Launagreiðslur | 2.374.700.000 |
| Rekstrarkostnaður o.fl. | 368.400.000 |
| Framlag til sjóða | 711.400.000 |
| **Samtals** | **3.454.500.000 **** |

*Sóknargjöld sem innheimt eru með tekjuskatti ekki meðtalin.
** Tölur eru áætlaðar skv. viðbótarsamningi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar, dagsettum. 6. september 2019 sem er með fyrirvara um samþykkt Alþingis.
Tölur eru á verðlagi ársins 2018.

### Milljarða mismunun – Framlög til 17 frjálsra kristinna söfnuða ***

| | |
|---|---|
| Launagreiðslur | 0 |
| Rekstrarkostnaður o.fl. | 0 |
| Framlag til sjóða | 0 |
| **Samtals** | **0** |

***41.000 einstaklingar eru skráðir í þessa söfnuði.
Um sl. áramót stóðu 124.400 manns utan þjóðkirkjunnar.

Fríkirkjan var stofnuð rétt í lok 19. aldar en jarðvegurinn var frjór og grundvöllurinn var lagður löngu, löngu fyrr. Í raun má rekja stofnun Fríkirkjunnar alla leið aftur til Nýja testamentisins og tíma frumkirkjunnar sbr. orð sr. Lárusar Halldórssonar, fyrsta prests Fríkirkjunnar: „Þeir söfnuðir, sem guði hafa verið þóknanlegastir, hafa án efa verið hinir fyrstu kristnu söfnuðir á postula og píslavættistímanum. En þeir voru allir fríkirkjusöfnuðir.“

## Siðbreyting

Rúm 500 ár eru nú liðin frá því að Marteinn Lúter festi 95 greinar sínar á hurð Hallarkirkjunnar í Wittenberg og hóf þar með siðbreytinguna. Siðbreytingin hér á landi kom síðar og fól margt neikvætt í sér en hið jákvæða vó þó þyngra. Með mótmælum sínum tengdi Lúter kristna trú aftur við samfélagslegt réttlæti, frelsi, lýðræði og jafnræði. Hann mótmælti kröftuglega þegar kirkjustofnunin var farin að upphefja og dýrka sjálfa sig í stað þess að framganga í hógværum anda Jesú frá Nasaret. Í þeim lúterska jarðvegi á Fríkirkjan sínar rætur.

## Upplýsing og mannréttindi

Rekja má forsendur Fríkirkjunnar aftur til upplýsingarinnar á seinni hluta 18. aldar, til sjálfstæðisyfirlýsingar Bandaríkjanna árið 1776 og mannréttindayfirlýsingar Frakka frá 1789. Þessir atburðir endurspegluðu umskipti í hugarfari; endalok eldri heimsmyndar og stjórnarhátta og upphaf nútímalegra, vestrænna viðhorfa í stjórnmálum og í málefnum trúar og kirkju. Þeir fólu í sér afnám einvaldsins, konungsvalds, lénsveldisskipulagsins, forréttinda aðalsmanna, klerkastéttar og þrúgandi kirkjuvalds. Þeir fólu í sér aukin réttindi hinna almennu borgara, vaxandi miðstéttar þar sem mannréttindi voru í fyrirrúmi.

## Grasrótarhreyfing

Við Íslendingar fengum trúfrelsi afhent frá Dönum með stjórnarskránni árið 1874. Fyrstu árin áttuðu menn sig ekki á þessu nýfengna frelsi. En síðan fóru hlutir að gerast. Í byrjun níunda áratugar 19. aldar var fríkirkja stofnuð í Reyðarfjarðarhreppi hinum forna. Sr. Lárus Halldórsson varð þar fyrsti fríkirkjuprestur hér á landi. Hann var síðar kosinn fyrsti prestur Fríkirkjunnar í Reykjavík. Sterk áhrif komu einnig frá Íslendingabyggðum í Kanada og Norður-Ameríku þar sem menn höfðu góða reynslu af aðskilnaði ríkis og kirkju.

Fríkirkjan var því grasrótarhreyfing og nýtt lýðræðisafl í ferskum anda nýfengins trúfrelsis. Hún var stofnuð af íslenskri alþýðu en ekki goðum, höfðingjum, konungum eða öðrum valds- eða embættismönnum. Fríkirkjan gegndi síðan mikilvægu hlutverki í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga.

## Tuttugasta öldin

Kirkjubyggingin reis í sinni fyrstu mynd við Tjörnina árið 1903. Ári síðar var ákveðið að stækka hana um helming og enn aftur var hún stækkuð árið 1925. Þeir sem reistu og stóðu að baki voru íslenskir iðnaðarmenn, barnmargar verkamannafjölskyldur, fjölskyldur sjómanna og bænda sem voru að flytja til Reykjavíkur á þeim tíma. Um 200 fjölskyldur gengu í Fríkirkjusöfnuðinn við stofnun hans. Þær fundu sig ekki heima í hinni dönsku dómkirkju þar sem danskir fyrirmenn og íslenskir embættismenn þeirra áttu allra bestu og fremstu bekkina sem lokaðir voru af með hlerum. Íslensk alþýða mátti ekki óhreinka sætin með því að setjast í þau og varð því að vera aftast, eða úti.


Fríkirkjan við Tjörnina í fallegri morgunskímu í miðbæ Reykjavíkur.

## Danskt stjórnsýsluapparat

Þjóðkirkjufyrirkomulagið með sínum landfræðilegu sóknarmörkum var og er enn í vissum skilningi leifar af dönsku stjórnunarfyrirkomulagi, hannað til að halda landanum í skefjum. En á fyrrihluta aldarinnar tilheyrði rúmur þriðjungur ef ekki hátt í helmingur allra íbúa Reykjavíkur Fríkirkjusöfnuðinum hér við Tjörnina. Á 100 ára afmæli Fríkirkjunnar í Reykjavík þann 21. nóvember 1999 flutti þáverandi forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, eftirfarandi orð í Fríkirkjunni:

„Hér hafa þúsundir Reykvíkinga komið saman í bæn og þakkargjörð, leitað huggunar og líknar í sorg og efa, fagnað skírn og fermingu, játast guði og frelsaranum á þann hátt sem best hæfir trúarþörf hvers og eins. Hér eignuðust Íslendingar lifandi minnisvarða um þá framsækni sem einkenndi bjartsýna þjóð í árdaga aldarinnar: kirkju sem snemma varð hugljúft kennileiti ungrar höfuðborgar; turninn og spegilmynd hans í Tjörninni: tákn um samspil fegurðar og framfaravilja, kennimark þeirrar kynslóðar sem færði Íslandi fullveldi og sjálfstæðan sess í samfélagi þjóðanna. Fríkirkjan í Reykjavík hefur verið samferða öldinni og varðveitir í sögu sinni enduróm og minningu þeirra viðburða, umróts og hugsunar sem hægt og bítandi gerðu Íslendingum kleift að vera á eigin forsendum þjóð meðal þjóða.“

## Hindranir í ytri umgjörð

Árið 1966 var lítil reglugerð sett til höfuðs Fríkirkjunni. Hún var unnin í samvinnu fjármála- og kirkjumálaráðuneyta og fór frekar leynt en olli verulegum straumhvörfum í trúfélagaskráningu landsmanna. Starfsemi Fríkirkjunnar var takmörkuð við ákveðin afmörkuð landsvæði og fólk var sjálfkrafa skráð úr Fríkirkjunni við það eitt að það færði lögheimili sitt á milli svæða. Ef fólk flutti til útlanda, t.d. til að fara í framhaldsnám í örfá ár, en kom síðan aftur heim í sama húsnæðið þá var sjálfkrafa búið að skipta um trúfélag, óumbeðið. Mikið var um að fjölskyldur flyttu og skiptu um lögheimili á þessum tíma.

## Mannréttindi brotin á fríkirkjufólki

Afar fáir tóku eftir auglýsingunni á sínum tíma en áhrif hennar voru gífurleg. Vegna hennar voru þúsundir félaga teknar af félagaskrá Fríkirkjunnar og skráðar í þjóðkirkjuna án vitundar eða samþykkis. Nú eru afkomendur þessa fólks orðnir margfalt fleiri og hafa þeir óafvitað greitt trúfélagsgjöld sín til þjóðkirkjunnar í fjölmörg ár án þess að ætla sér það. Ef svona nokkuð viðgengist í dag væri það talið mannréttindabrot.

## Sjálfvirk skráning úr fríkirkjum í þjóðkirkjuna

Reglugerðin fékkst ekki afnumin fyrr en rúmum aldarfjórðungi síðar, þ.e. árið 1992 eftir langa baráttu fríkirkjufólks. Ætla mætti að opinberir talsmenn ríkiskirkjunnar hefðu fagnað því að evangelískir lúterskir fríkirkjusöfnuðir væru loks leystir úr búsetuhömlum hins opinbera. En það fór fjarri. Talað var niður til Fríkirkjunnar og þáverandi biskup Íslands, Ólafur Skúlason, sagði að úr þessu hefðu fríkirkjusöfnuðir sömu stöðu og sértrúarsöfnuðir og gat ekki samglaðst fríkirkjufólki er það náði fram sínum réttindum.

Þrátt fyrir búsetuhömlur og sjálfvirka úrskráningu í meira en aldarfjórðung og þau miklu forréttindi sem þjóðkirkjan hefur notið umfram önnur trúfélög þá náði Fríkirkjan að halda sínum kúrs og meira en það, safnaðarmeðlimum fór að fjölga aftur.

## Tuttugasta og fyrsta öldin

Á þeim tæpu tveim áratugum sem liðnir eru af þessari öld hefur meðlimafjöldi Fríkirkjunnar tvöfaldast.

Þann 6. september sl. gerði ríkið milljarða framtíðarsamning við það trúfélag sem mestra forréttinda nýtur og allra mest fækkar í. Í síðustu 2-3 áratugina hefur fækkað meira í þjóðkirkjunni en í nokkru öðru trúfélagi. En nú virðist samningur gerður án þess að nokkurt tillit sé tekið til fækkunarinnar hvorki í fortíð né nútíð og því mun hlutur þjóð/ríkiskirkjunnar enn vaxa hlutfallslega þar sem allar líkur eru á enn frekari fækkun. Á meðan eru trúfélags/sóknargjöld hinna frjálsu trúfélaga stöðugt að lækka þrátt fyrir jafna og stöðuga fjölgun félaga. Sóknargjöld hafa rýrnað að verðgildi sínu um 45% frá 2009. Mismununin mun því aukast verulega.

## Bara hugmynd

Hugmyndin sem liggur að baki kirkjujarðasamkomulaginu milli ríkis og ríkis/þjóðkirkjunnar er bæði gölluð og skaðleg. Kirkjujarðasamkomulagið er bara léleg hugmynd sem sett hefur verið í lagalegt pappírsform. Hugmyndin skaðar báða aðila sem að koma. Öllum hugmyndum má breyta, það er okkar henda út þeim gölluðu og skaðlegu og móta nýjar, til framtíðar fyrir almannaheill og framtíð þjóðar.

Núverandi fyrirkomulag trúmála í okkar lýðræðissamfélagi þjónar fyrst og fremst einu trúfélagi, einni ríkistrúarstofnun umfram öll önnur frjáls trúfélög, lútersk sem og önnur. Fyrirkomulagið hefur valdið firringu og flótta þjóðarinnar frá öllu því sem telst trúarlegt.

## Turnarnir tveir

Í tölum þjóðskrár um trúfélagsaðild landsmanna er að finna tvo risaturna. Fyrri stóri turninn á grafinu, vísar beint niður á við, er í mínus og vitnar um úrsagnir úr þjóðkirkjunni; þrír á dag. Hinn turninn vísar hátt upp í loft, er í plús og vitnar um alla þá sem hafa fengið nóg og vilja halda sig utan allra trúfélaga. Óorði hefur verið komið á trú og trúfélög með núverandi fyrirkomulagi, þjóðin er á flótta undan þessum ótrúverðugleika og ábyrgðin liggur hjá þjóðkirkjustofnuninni og ríki.

Við höfum öll fengið nóg af trúfélagabrasi. Fríkirkjan við Tjörnina má vel leysast upp í sínar frumeindir þegar hún hefur komið góðu til leiðar og stuðlað að jafnræði trúfélaga og lífsskoðunarfélaga. En við höfum enn verk að vinna.

## Fram undan

Áskoranir tuttugustu og fyrstu aldarinnar eru fjölmargar. Víða í heimi og all víða nærri okkur, er þrengt að þeim mannréttindum sem margir á undan okkur hafa barist fyrir með blóði, svita og tárum. Mannréttindi sem við höfum talið svo sjálfsögð. En öllu því er nú ógnað. Víða er sjálft lýðræðið haft að háði, leikið með það, til að skapa sundurleitni og óstöðugleika, fyrir sterka menninn. Við þurfum að standa vörð.

## Græn og grasrótarvæn

21. öldin er ekki okkar hinna miðaldra, hún er afkomenda okkar. Við höfum ekki erft jörðina frá forfeðrum okkar til að gera hvað sem er, heldur höfum við fengið hana að láni frá komandi kynslóðum og við skilum ekki góðu búi. „Húsið okkar brennur“ heitir baráttusaga hinnar 16 ára Gretu Thunberg. Skyldi Fríkirkjan við Tjörnina og Kvosin vera komin undir sjó eftir einhverja áratugi? Krefjandi verkefni bíða trúfélaga, lífsskoðunarfélaga og trúarbragðanna allra á sviði umhverfis- og náttúruverndar. Þar hafa þau öll í fjölbreytileika sínum mikilvægu hlutverki að gegna.

*Séra Hjörtur Magni Jóhannsson*

# Að fermast í Fríkirkjunni

Haustið 2014 ákvað ég ásamt vinkonu minni og vini að hefja fermingarfræðslu í Fríkirkjunni í Reykjavík. Mig langaði að prófa eitthvað nýtt og eitthvað annað en allir aðrir. Eftir rosalega stuttar samræður við foreldra mína ákvað ég að Fríkirkjan væri það sem ég var að leita að. Ég var frekar stressaður þegar ég mætti fyrsta daginn en það hjálpaði mér mjög mikið að ég vissi að ég myndi þekkja einhverja.

Fermingarhópurinn hittist fyrst í ágúst sem er frekar óvenjulegt og við tókum viku saman í fræðslu rétt áður en skólinn byrjaði. Þegar ég mætti var stressið voða fljótt að hverfa. Við byrjuðum á að fara í skemmtilega leiki og vorum alls ekki lengi að kynnast. Svona hélt vikan áfram, skemmtilegir leikir í bland við fræðslu. Ég man að ég hlakkaði til að mæta á hverjum degi þessa viku. Vikan kláraðist og næst á dagskrá var ferð í Vatnaskóg þar sem við gistum í eina nótt. Það var frábær ferð og ég held að hver einn og einasti hafi skemmt sér rosalega vel.

Fermingarfræðslan var einu sinni í mánuði fram á vor og alltaf fylgdi messa á eftir. Einn laugardaginn hittumst við meira að segja öll í kirkjunni um kvöldið, horfðum á mynd og gistum fram á sunnudag. Allan veturinn var ég spenntur fyrir því að mæta og hitta krakkana. Ég var duglegur að fara í kvöldmessur yfir veturinn sem mér þóttu sérstaklega skemmtilegar, kertaljós og djasstónlist. Fermingin sjálf fór rosalega vel fram að mínu mati. Ég fékk að velja dag og ákvað að vera alveg einn. Þannig bjó ég til frekar óvenjulega en rosalega eftirminnilega stemningu þegar kemur að fermingu og dagurinn sjálfur var frábær í alla staði. Ég mæli algjörlega með Fríkirkjunni, þar er frábær andi og skemmtilegt starfsfólk. Í kirkjunni er mikið talað um mannréttindi sem höfðar mjög mikið til mín, það eiga jú allir að vera jafnir í þessu samfélagi.

*Aron Heimisson – fermingardrengur 2015*



**Séra Hjörtur Magni og Aron Heimisson fermingardrengur árið 2015.**

## Ljúfar samverustundir

Sonur okkar ákvað eftir að hafa sótt nokkrar messur í Fríkirkjunni í Reykjavík að hefja þar fermingarfræðslu að hausti 2014. Þegar maður er tæplega 14 ára gamall er alls ekki sjálfgefið að taka sig út úr hópnum í hverfinu og sækja fræðslu í allt öðru hverfi, í allt annarri kirkju en allir vinirnir. Hann var ákveðinn og vinkona og vinur fylgdu honum. Fermingarfræðslan hófst með viku í ágúst fyrir skólabyrjun, drengurinn kom alsæll heim eftir hvern dag, allt ótrúlega skemmtilegt að hans sögn. Skemmtilegir krakkar úr öðrum hverfum á höfuðborgarsvæðinu sem hann kynntist. Frábær prestur og aðrir leiðbeinendur einnig.

Eftir því sem á leið veturinn var fræðsla um það bil einu sinni í mánuði og svo messa í kjölfarið. Við vorum auk þess dugleg að sækja kvöldmessur, við kertaljós og yndislega tónlist að hætti Hjartar Magna prests og Gunnars Gunnarssonar organista – ljúfar samverustundir sem við kunnum að meta og nutum til hins ýtrasta. Við fundum að í Fríkirkjunni er mikil áhersla á mannréttindi – allir eru jafnir og allir velkomnir. Þar er áhersla á ljósið innra með okkur – eða fyrir utan. Frelsi og jafnræði sem hentar okkur fullkomlega. Persónulegt og afslappað andrúmsloft.

Þegar kom að fermingunni sjálfri höfðum við engar áhyggjur, ekkert stress á tíma, bóka athöfn, sal eða annað. Börnin eru miklu færri en venjulega og athafnir geta því dreifst á lengri tíma. Við þurftum sem sagt ekki að bóka tíma í fermingu eða sal með árs fyrirvara eins og virðist tíðkast í flestum kirkjum.



**Sædís og Aron.**

Þegar leið á varð niðurstaðan svo sú að sonurinn hafði hug á að fermast einn, hafa sína eigin athöfn og bjóða sínu fólki til kirkju í athöfnina sjálfa, þar á eftir að rölta með gestum yfir í safnaðarheimili kirkjunnar til veislu.

Þetta gekk allt eftir, Hjörtur Magni tók vel í bón hans. Dagurinn var fullkominn í alla staði, drengurinn og fjölskylda alsæl. Við hefðum ekki getað hugsað okkur betra umhverfi í þessu tilfelli en í Fríkirkjunni. Öll samskipti við prestinn og annað starfsfólk var til fyrirmyndar. Nú stefnir í að yngri sonur okkar velji sér sama farveg næsta vor – byrjunin lofar góðu – allir afslappaðir ennþá, hvorki búið að velja dag né sal. Við mælum heilshugar með Fríkirkjunni – hún er fyrir alla – alltaf.

*Sædís Guðmundsdóttir – móðir fermingarbarns 2015*



**Arne Hiorth djasstrompetleikari, tónskáld, stjórnandi og upptökustjóri.**

# Bygging með sál

Fríkirkjan í Reykjavík er merkilegur og einstakur vettvangur. Hún er ekki byggingardjásn á sama hátt og Harpa en sálin er stórkostleg. Eftir að hafa starfað í 20 ár í Suður-Afríku hef ég kynnst sál þeirrar fallegu þjóðar, sem einnig er skrifað í skjaldarmerki hennar: „Eining í fjölbreytileika“. Þetta gætu einmitt mjög vel verið einkunnarorð Fríkirkjunnar.

Tónlistarmenn úr ólíkum áttum, óháð tónlistarstíl, menningararfleifð og tjáningu, geta auðveldlega fundið sig heima og velkomna í þessari kirkju.

Við Helge Nysted upplifðum þetta strax þegar við unnum okkar fyrsta SNØ-verkefni hér með Gunnari og Sönghópnum við Tjörnina í desember 2014. Gunnar Gunnarsson er lítillátur, fjölhæfur og glöggur tónlistarmaður, ætíð skapandi og fús til að prófa nýtt efni. Og kórinn er sjaldgæf náma af hæfileikaríkum atvinnusöngvurum. Verkefni okkar Eldmessa árið 2017 með tveimur íslenskum tónlistarmönnum og tveimur norskum, ásamt Gunnari og sönghópnum, voru fyrir mér tímamót hvað varðar nýja tjáningu í kirkjutónlist. Ég óska Fríkirkjunni alls hins besta um ókomin ár og vonast til að halda áfram okkar frábæru samvinnu.

*Arne Hiorth tónlistarmaður*

# Kvenfélag Fríkirkjunnar

Kvenfélag Fríkirkjunnar í Reykjavík er elsta kirkjukvenfélag landsins, stofnað 6. mars 1906.

Á stofnfundinum var samþykkt skipulagsskrá með því markmiði að efla safnaðarlíf, styrkja málefni safnaðarins og líkna sjúkum og bágstöddum í söfnuðinum.

Einnig létu þær landsmálin sig varða og styrktu byggingu Landspítala og Vífilsstaðaspítala. Einn höfuðþáttur í starfseminni var hirðing og skreyting kirkjunnar og útvegun vandaðra kirkjugripa. Allt frá árinu 1907 hefur kirkjan notið gjafa kvenfélagsins, altarisbúnaðar, altaristöflu, messuklæða, og margs er að gagni hefur komið. Árið 1929 gaf kvenfélagið skírnarfont.

Skömmu eftir stofnun safnaðarins 1899 var stofnað kvenfélag áhugasamra kvenna um byggingu kirkju fyrir söfnuðinn. Kristín Pétursdóttir, kona séra Lárusar Halldórssonar, var formaður félagsins. Þessar konur lögðu fyrsta fjárframlagið til kirkjubyggingarinnar.

Þegar séra Lárus lét af þjónustu við söfnuðinn lagðist félagið niður og ekkert kvenfélag var starfandi við söfnuðinn í tæp fjögur ár, þar til núverandi kvenfélag var stofnað undir forystu Guðríðar Guðmundsdóttur, eiginkonu séra Ólafs Ólafssonar safnaðarprests, sem sinnti formennsku í aldarfjórðung.

Of langt yrði að telja allar þær félagskonur sem hafa af áhuga unnið fyrir félagið og söfnuðinn öll þessi ár. En áfram halda þær í hefðirnar og hefur skipulagsskráin verið í heiðri höfð þótt lögin hafi verið löguð að breyttum tímum.



**Kvenfélagskonur eftir vel heppnaða verslunarferð. Formaðurinn, Ágústa Sigurjónsdóttir, sem og fyrrverandi formaður, Ebba Margrét Magnúsdóttir, Hrefna Einarsdóttir og Þóra Guðmundsdóttir glaðar í bragði.**

Í lok síðustu aldar gaf kvenfélagið til kirkjunnar altarisbúnað, þrjá hökla og stólur, sem Hólmfríður Árnadóttir listhönnuður hannaði.

Á 100 ára afmæli félagsins var kirkjunni færður standur fyrir bænakerti, unninn af Steinunni Þórarinsdóttur myndlistarmanni, og garðurinn norðan megin kirkjunnar endurgerður.

Undanfarið hefur verið unnið að því að blása lífi í félagið og eru félagskonur um 40 talsins. Haldnir eru sex fundir yfir árið þar sem félagskonur hittast og njóta félagsskapar ásamt því að fá til sín fræðslu og aðra skemmtun.

Það verður að segja að kirkjukvenfélög hafa oft mátt róa lífróður og var kvenfélag Fríkirkjunnar þar engin undantekning. Starfsemi félagsins var um tíma orðin lítil en nú hafa félagskonur blásið lífi í félagsskapinn og láta á reyna hvort ekki megi hvetja fleiri konur til að koma til liðs við okkur og vinna að málefnum líðandi stundar af auknum krafti.

Á 25 ára afmæli kvenfélagsins orti félagskona:

*Það félag sem bæta vill*
*framtíðarmál*
*og fúslega að marki því styður*
*að gleðja hið fagra í göfugri sál,*
*svo geymist þar eining og friður.*



Snorri Sigfús Birgisson, píanóleikari og tónskáld.

# Eðlileg heimkynni tónlistarinnar

Að fara á tónleika í Fríkirkjunni er alltaf tilhlökkunarefni. Þar er gott að hlusta og þar er líka gott að spila og syngja. Hvað veldur? Er það hljómburðurinn góði? Eða allar þær háleitu hugsanir sem tengjast kirkjunni og allir tónarnir sem hafa hljómað þar frá fyrstu tíð. Ef til vill er það meðvitundin um söguna og um kynslóðirnar sem setið hafa á kirkjubekkjunum á undan okkur eða er það kannski bjart og látlaust yfirbragð kirkjunnar og staðsetning hennar á besta stað í Reykjavík?

**Nálægðin við Tjörnina?**

Líklegast er það ekkert eitt sem veldur, kannski fremur margt sem í sameiningu heillar okkur. Það er eins og Fríkirkjan sé svo eðlileg heimkynni tónlistar að við hugsum ekki um það neitt sérstaklega hvernig á því stendur að við hlökkum til að fara þangað á tónleika.

Frá því tónlist heyrðist fyrst í kirkjunni hefur heimurinn sannarlega tekið stakkaskiptum og án vafa mun umhverfi okkar halda áfram að breytast, jafnvel enn hraðar en okkur getur nú órað fyrir. Vonandi mun samt Fríkirkjan halda áfram að hýsa alls kyns tónlist um ókomna tíð, hvernig sem allt veltist.

*Snorri Sigfús Birgisson*

# Heillandi hljómburður

Ég hef notið þess heiðurs og þeirrar ánægju um margra ára bil, að taka þátt í tónlistarflutningi í Fríkirkjunni við Tjörnina. Margar ljúfar minningar koma upp í hugann, samspil við frábæra organista kirkjunnar og aðra góða samstarfsmenn, við guðsþjónustur og aðrar athafnir, í gleði og sorg, en einnig tónleikar af margvíslegum toga.

Fríkirkjan er það hús í Reykjavík sem mér þykir einna vænst um, og hljómburðurinn hvað mest heillandi. Upplifuninni að spila á fiðluna mína í þessu fallega húsi er hægt að líkja við að vera inni í sjálfu hljóðfærinu. Þegar ég finn hjá mér þörf fyrir að leika tónlist, þá hugsa ég oft: „Mikið væri gaman að fá að spila þetta í Fríkirkjunni við Tjörnina“.

*Hjörleifur Valsson*



Hjörleifur Valsson fiðluleikari.

## Vettvangur menningar

Tónlistarmaðurinn Svavar Knútur sendir kveðju í tilefni afmælisins. „Fríkirkjan er ekki bara dásamlegt hús og ómetanlegur hluti af menningar- og byggingasögu Reykjavíkur. Hún er líka skapandi og gefandi þátttakandi í nútímanum, leiðtogi í réttindabaráttu og lifandi menningarhús, vettvangur svo margra frábærra menningar- og listviðburða.“



Svavar Knútur tónlistarmaður.

# Staðið af sér marga storma

Mér þykir afar vænt um Fríkirkjuna við Tjörnina í Reykjavík og söfnuð hennar sem stofnaður var árið 1899 eða fyrir 120 árum. Fyrir 30 árum þáði ég boð þáverandi fríkirkjuprests, Cecils Haraldssonar, um að flytja predikun dagsins í Fríkirkjunni við útvarpsguðsþjónustu, þá ungur maður, 25 ára gamall, starfandi sem framkvæmdastjóri Gídeonfélagsins á Íslandi. En alþjóðasamtök þeirra voru einmitt einnig stofnuð árið 1899. Þá má til gamans geta að 10 árum síðar starfaði ég svo sem framkvæmdastjóri KFUM og KFUK sem eru frjáls félagasamtök, ekki kirkja eða söfnuður, sem einnig voru stofnuð á Íslandi árið 1899. Greinilega merkilegt ár.

Ekki grunaði mig þá að tæpum einum og hálfum áratug síðar væri ég farinn að leysa af hinn ágæta safnaðarprest Fríkirkjunnar, að hans beiðni, Hjört Magna Jóhannsson, við sunnudagsguðsþjónustur safnaðarins með því að leiða stundirnar, predika og flytja bænir dagsins og blessunarorð. En þannig hefur háttað nokkuð reglulega síðastliðin sjö ár.

Hefur það í senn verið afar ánægjulegt og gefandi enda tónlistin sem leidd er af Gunnari Gunnarssyni, organista og tónlistarstjóra kirkjunnar, auk hljómsveitarinnar Möntru og sönghópsins Við Tjörnina bæði afar vönduð, notaleg og sérlega blessunarrík. Þakka ég þeim hlýtt og gott samstarf og þeim fjölmörgu fyrir komuna sem hafa lagt leið sína í Fríkirkjuna þegar ég hef þjónað þar, jafnt safnaðarmeðlimum sem og öllum hinum sem sannarlega eru ekki færri. Vegir Guðs eru sannarlega órannsakanlegir og ekki veit maður hvað lífið á eftir að færa manni í fang eða hvað næsti dagur á eftir að bera í skauti sér.

Það er mér því bæði heiður og mikil ánægja, afar ljúft og skylt sem ég af þakklæti og hlýju samgleðst vinum mínum í söfnuði Fríkirkjunnar við Tjörnina í Reykjavík og óska þeim söguríka söfnuði til hamingju með 120 ára afmælið. Því hafa aðrir söfnuðir eða kirkjur ekki náð hér á landi fyrir utan kaþólska söfnuðinn og þjóðkirkjuna. Þess má geta að Fríkirkjan er elsta kirkja í Reykjavík að Dómkirkjunni frátalinni.

Fríkirkjan stendur náttúrulega á einstökum stað við Tjörnina í miðborg Reykjavíkur. Þar er magnað að standa við altarið, líta yfir söfnuðinn og horfa út yfir Tjörnina á leiðinni út eftir guðsþjónustu.

Fríkirkjan var strax og hefur allt fram á þennan dag verið skýr og trúverðugur valkostur fyrir þá sem einhverra hluta vegna finna sig ekki í því að tilheyra þjóðkirkjunni en vilja engu að síður ekki sleppa taki á himnakaðli kærleika Jesú Krists sem umvefur, heyrir bænir, skilur, gefur frið og von. Og velur að fá að tilheyra frjálsum söfnuði á lúterskum grunni. Enda kirkjurnar báðar kenndar við lúterska kenningu og arfleifð. Nú og svo hafa náttúrulega heilu fjölskyldurnar kynslóð eftir kynslóð valið að tilheyra Fríkirkjunni enda hefðin sterk og mörgum mjög kær.

Fríkirkjan hefur staðið af sér margvíslega storma í 120 ár. Farið sínar leiðir og átt farsæla samleið með þjóðinni í öll þessi ár og hefur löngu sannað sig sem dýrmæt menningar verðmæti og trúarmiðstöð í íslenskri arfleifð sem á djúpar rætur í íslenskri þjóðarsál. Hún hefur ávallt haldið sínu og gott betur enda farið ört vaxandi hvað fjölda skráðra meðlima snertir á þessari öld. Þangað er afar heimilislegt og notalegt að koma. Móttökur eru áreynslulausar og kærleiksandi Jesú Krists umvefjandi og allt umlykjandi.

*Með þakklæti, kærleiks- og friðarkveðju.*
*Lifi lífið!*
*Sigurbjörn Þorkelsson, ljóðskáld og rithöfundur og aðdáandi lífsins*



Sigurbjörn Þorkelsson.



Lilja Eggertsdóttir segir að tónlistarflytjendur hafi oft orð á því hvað gott sé að flytja tónlist í Fríkirkjunni.

# Á ljúfum nótum

Tónleikaröðin Á ljúfum nótum var stofnuð árið 2012 af Lilju Eggertsdóttur. Haustið 2015 færði röðin sig um set og hóf starfsemi sína í Fríkirkjunni við Tjörnina í Reykjavík. Hefur samstarfið við Fríkirkjufólk gengið afskaplega vel.

Tónlistarflytjendur hafa oft orð á því hvað gott sé að flytja tónlist í Fríkirkjunni, og er hún uppáhaldsstaður margra.

Upphafleg hugmynd að tónleikaröðinni var sú að bjóða upp á möguleika fyrir allt tónlistarfólk til að koma fram með sín verkefni, meðal annars þar sem húsnæði væri frítt og miðsvæðis. Umsjónarmaður hafði sérstaklega í huga það fólk sem kemur heim úr námi og fær ekki fasta vinnu sem tónlistarmenn, þar sem aðalvinna tónlistarmanna hér á landi felst í tónlistarkennslu. Það er að bjóða upp á mjög aðgengilega aðstöðu fyrir tónlistarmenn, bæði til að flytja verkefni sín og að halda sér í formi.

Annað markmið er að bjóða upp á tónleikaröð þar sem tónlistarmenn koma úr flestum stéttum tónlistar og flytja ólíka tónlist eins og t.d. djass og klassík. Þriðja markmiðið er að efla þá menningu að sækja hádegistónleika. Að sú hefð skapist að fólk geti leyft sér að njóta tónlistar í hádeginu í stutta stund, þar sem ekki allir hafa tök á því að komast út á kvöldin eða á öðrum tímum dagsins eða vikunnar.

Árlega eru haldnir jólatónleikar í hádeginu til styrktar Landspítala. Þar koma fram um fimmtíu flytjendur, einsöngvarar, kór og hljómsveit. Það er gott að enda tónlistarárið hátíðlega, gefa af sér og styrkja gott málefni, í notalegu umhverfi, á góðum stað.

*Lilja Eggertsdóttir*

## Svipmyndir úr starfi Fríkirkjunnar


Hjörtur Magni og Ebba fagna hér ásamt tveimur börnum sínum gleðigöngunni í Reykjavík.


Brúðkaup í Fríkirkjunni.


Barnastarfið er mikilvægt í kirkjustarfinu.


Fermingarbarn dansar fyrir gesti sína í Fríkirkjunni.


Séra Hjörtur Magni messar hér yfir kirkjugestum.

# Hús dugandi dygða

*Skyldi vera til hús*
*umburðarlyndis og víðsýni,*
*þar sem mannréttindi*
*eru sett ofar*
*máttlitlum kreddum og*
*dyggri trú á*
*bókstaf og bábilju?*

*Skyldi vera til hús*
*þar sem er hugur, vilji og geta*
*til að samsama sig á vettvangi*
*fyrir allar trúariðkanir,*
*og sömuleiðis þá sem ekki trúa?*
*Þar sem fagnað er til jafns;*
*efahyggju, húmanisma?*

*Skyldi vera til hús*
*opið hverjum þeim sem*
*hneigist til*
*samkyns, gagnkyns eða er*
*kynjaður á enn annan*
*hátt í fjölbreyttri*
*flóru mannlífs?*

*Skyldi vera til hús*
*sem hefur og hafði hugrekki og*
*kærleika að vígja til sambúðar*
*samkynhneigða til jafns við*
*gagnkynhneigða og hverja*
*þá sem vilja*
*láta blessa yfirlýsingu um*
*sambúð sín í milli?*

*Skyldi vera til hús*
*haganlega byggt úr timbri –*
*fagurt að utan sem innan,*
*með góðan ómtíma – sem heldur*
*vel utan um söng og*
*hljóðfæraleik*
*sem og talað orð? Býður upp á*
*gott pípu-orgel sem*
*hljómað getur*
*jafn vel í allt að þúsund viðstödd-*
*um eyrum – hvar sem þau eru*
*staðsett í kirkjuskipinu?*

Ég svara því til að fenginni reynslu; já, þetta hús er til.

Það er Fríkirkjan í Reykjavík og þetta samfélag er til, sem er söfnuður Fríkirkjunnar í Reykjavík. Þetta er hús dugandi dygða.

Kjarval sagði margt merkilegt og göfugt. Í litlu kveri, „Grjót“ sem hann skrifaði og gaf út 1930, segir; „Því enginn sem ekki er fær um að gera eitthvað fyrir hið ósannanlega er algildur borgari.“

Það má vera að við séum í dag orðin viðskila við hugtök eins og „algildur borgari“. En hitt hefur ekki breyst, sem er innbyggð viðleitni allra; að vilja leggja sitt af mörkum til samfélags, til lífsins og gera eitthvað fyrir hið „ósannanlega“. Það er, með öðrum orðum, að duga með hugrekki, hógværð, kærleika, gjafmildi, þolinmæði, veglyndi, tryggð og réttlæti.

Og þó samfélag okkar hampi oft á tíðum þeim sem gera aðför að öllu því „ósannanlega“ í félögum sem vilja helst elta ólar við að miljónfalda hagsæld til útdeilingar fyrir fáeina útvalda, er þeim mun mikilvægara að lögð sé rækt við öll hús og samfélög sem vilja upphefja hið „ósannanlega“. Þar er að finna raunverulega farsæld og veg sem betrar manninn og styrkir og býr jafnframt til stólpa að máttugra samfélagi.

Í anda hins fríþenkjandi, skrifa ég þessi orð, ég geri það í auðmýkt og þakklæti við fólkið sem ég ann, samfélag sem upplýsir mig og ekki síður í þakkarskuld við tunguna og hjartað, sem stundum ræður för og himininn sem vitnar flest ef ekki allt.

Á okkar tímum er fengur að Fríkirkjunni í Reykjavík – þar sem hrein viðleitni og ábyggilegur vilji er til að vinna markvisst í þágu hins ósannanlega. Á tímamótum óska ég Fríkirkjunni í Reykjavík til hamingju með 120 ára afmælið. Ég vona jafnframt að safnaðarstarfið í kirkjunni verði áfram um formerki víðsýni og réttlætis og að í því húsi hefji sérhver sig ævinlega yfir dalverpi bókstafs og kreddu.

*Egill Ólafsson (Reykjavík, á gormánuði, 2019)*


Egill Ólafsson tónlistarmaður setti saman ljóð í tilefni afmælisins.

FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK

## *Dagskrá til áramóta*



| | |
|---|---|
| 17. nóv. sun. kl. 11:00 | **Hátíðarguðsþjónusta í tilefni 120 ára afmælis Fríkirkjunnar**<br>Forseti Íslands hr. Guðni Th. Jóhannesson mun ávarpa samkomuna. Hjörtur Magni Jóhannsson fríkirkjuprestur leiðir samveruna og flytur hugleiðingu. Safnaðarfólk flytur ritningarlestra. Fjölbreytt tónlist undir stjórn Gunnars Gunnarssonar Sönghópurinn við Tjörnina, Hjómsveitin Mantra, djasstrompetleikarinn Arne Hiorth, strengjakvartett kirkjunnar.<br>Barnakórinn við Tjörnina syngur undir stjórn Álfheiðar Björgvinsdóttur. |
| 17. nóv. sun. kl. 16:00 | **Hátíðartónleikar í tilefni 120 ára afmælis Fríkirkjunnar**<br>Sönghópurinn við Tjörnina ásamt strengjakvartett kirkjunnar og djasshljómsveit.<br>Einnig koma fram með kórnum Egill Ólafsson, Sara Grímsdóttir og Arne Hiorth. |
| 24. nóv. sun. kl. 14:00 | **Fjölskyldumessa**<br>Séra Hjörtur Magni Jóhannsson leiðir stundina.<br>Barnakórinn við Tjörnina syngur undir stjórn Álfheiðar Björgvinsdóttur<br>Hljómsveitin Mantra og Sönghópurinn við Tjörnina leiða tónlistina ásamt Gunnari Gunnarssyni organista. |
| 1. des. sun. kl. 14:00 | **Aðventuguðsþjónusta, fyrsti í Aðventu.**<br>Séra Hjörtur Magni Jóhannsson leiðir stundina.<br>Hljómsveitin Mantra og Sönghópurinn við Tjörnina leiða tónlistina ásamt Gunnari Gunnarssyni, organista. |
| 5. des. fim. kl. 12:00 | **Jól í bæ, jólatónleikar til styrktar Kvenlækningadeild 21A.**<br>**Flytjendur:** Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir, sópran. Sigríður Ósk Kristjánsdóttir, mezzosópran. Egill Árni Pálsson, tenór.<br>Lilja Eggertsdóttir, píanóleikari og stjórnandi. Kvennakórinn Concordia.<br>**Hljómsveit:** Lilja Eggertsdóttir, píanó. Chrissie Guðmundsdóttir, fiðla. Íris Dögg Gísladóttir, fiðla. Vigdís Másdóttir, víóla.<br>Kristín Lárusdóttir, selló. Þorgrímur Jónsson, kontrabassi. Pamela De Sensi, þverflauta. |
| 8. des. sun. kl. 14:00 | **Aðventuguðsþjónusta, annar í Aðventu.**<br>Séra Hjörtur Magni Jóhannsson leiðir stundina.<br>Hljómsveitin Mantra og Sönghópurinn við Tjörnina leiða tónlistina ásamt Gunnari Gunnarssyni, organista. |
| 11. des. mið. kl. 20:00 | **Aðventukvöld, fjölbreytt og glæsilegt tónlistarkvöld.**<br>Rithöfundurinn Andri Snær Magnason er ræðumaður kvöldsins og les úr bók sinni Um tímann og vatnið.<br>**Fram koma:** Sönghópurinn við Tjörnina, hljómsveitin Mantra ásamt Gunnari Gunnarssyni og barnakór Fríkirkjunnar undir stjórn Álfheiðar Björgvinsdóttur. Sr.Hjörtur Magni leiðir stundina. |
| 12. des. fim. kl. 20:00 | **Tónleikar, Kristín Stefánsdóttir** |
| 15. des. sun. kl. 14:00 | **Jólatrésskemmtun Fríkirkjunnar í Reykjavík.**<br>Stundin hefst með samveru í kirkjunni. Síðan verður haldið upp í safnaðarheimili þar sem verður sungið og dansað í kringum jólatréð með jólasveininum.<br>Kaffi og meðlæti fyrir alla. |
| 16. des. mán. kl. 20:00 | **Æskujól, jólatónleikar**<br>þar sem fram koma Karólína Sif, Ari Ólafs og Pétur Ernir. Sérstakur gestur Högni Egilsson. |
| 21. des. lau. kl. 20:00 & 22:30 | **Eitthvað fallegt, jólatónleikar Svavars Knúts, Kristjönu Stefánsóttur og Ragnheiðar Gröndal.** |
| 22. des. sun. kl. 14:00 | **Heilunarguðsþjónusta á vegum Sálarrannsóknarfélags Íslands, Fríkirkjunnar og Kærleikssetursins.** |
| 24. des. þri. kl. 18:00 | **Aftansöngur á aðfangadagskvöldi.**<br>Þóra Einarsdóttir sópran syngur einsöng.<br>Sönghópurinn við Tjörnina ásamt strengjakvartett kirkjunnar syngur jólin inn og leiðir safnaðarsöng undir stjórn Gunnars Gunnarssonar. Sr. Hjörtur Magni leiðir stundina. |
| 25. des. mið. kl. 14:00 | **Hátíðarguðsþjónusta á jóladag. Ljósanna hátíð fagnað með rísandi sól.**<br>Egill Ólafsson söngvari syngur og spjallar um tónlistarval sitt.<br>Sr. Hjörtur Magni, Sönghópurinn við Tjörnina ásamt Gunnari Gunnarssyni. |
| 27. des. fös. kl. 21:00 | **Hátíðartónleikar Árstíða** |
| 31. des. þri. kl. 16:00 | **Aftansöngur á gamlársdag.**<br>Hljómsveitin Eva ásamt Sönghópnum við Tjörnina leiða safnaðarsöng ásamt Gunnari Gunnarssyni.<br>Sr. Hjörtur Magni leiðir stundina |

# KJÓLAVEISLA Í BÓEL

## 25% AFSLÁTTUR

14. til 20. nóvember

Glæný sending af kjólum frá meistara **RUNDHOLZ**



Tækifæri að krækja sér í uppáhalds- eða jólakjólinn frá **RUNDHOLZ**, **STUDIOB3** eða **YAYA**

Bóel

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 22, 101 REYKJAVÍK
Sími 8341809 BOEL boelisland
www.boel.is

# Vörur undir nafni Billie Eilish

**Söngkonan Billie Eilish hefur náð mjög langt á stuttum ferli, en hún hefur líka fengið mikla athygli fyrir óhefðbundinn fatastíl sinn. Hún var að setja á markað vörur í samstarfi við Urban Outfitters.**

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Billie Eilish hlýtur eiginlega að vera nýliði ársins í poppheiminum. Hún gaf út fyrstu breiðskífuna sína í mars og síðan þá hefur hún skotist upp á stjörnuhimininn á ógnarhraða og er strax orðin ein frægasta poppstjarna heims.

Hún hefur ekki bara vakið athygli með tónlist sinni, heldur líka með heillandi persónuleika og sérstökum fatastíl. Þessi stíll hefur að sjálfsögðu áhrif og margir aðdáendur vilja klæða sig eins og hún. Í vikunni varð mun auðveldara að sýna aðdáun sína á Eilish með fatavalinu því Eilish var að setja á markað varning sem er merktur henni í samstarfi við tískumerkið Urban Outfitters.

### Í Eilish-stílnum

Varningurinn er kominn í sölu á vef Urban Outfitters og alls eru sextán flíkur í boði. Það fer ekkert á milli mála að þær eru svo sannarlega allar í Eilish-stílnum. Það er boðið upp stuttermaboli, húfur, hatta, grímur, hettupeysur, stuttbuxur, lambhúshettu og síðerma peysur og boli og allar flíkurnar eru merktar Billie Eilish á skrautlegan hátt.

Peysurnar og bolirnir eru frekar hefðbundin, en það er óalgengt að hattar, andlitsgrímur og lambhúshettur séu seld sem varningur tónlistarmanna.

Litirnir eru líka í Eilish-stílnum og fötin fást í hvítum, svörtum, gráum, ljósbrúnum og neon litum. Merkingarnar eru í ýmsum blæbrigðum, en Eilish er sjálf dugleg að klæðast fötum með alls kyns skrautlegum merkingum.

### Vann með Calvin Klein

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Eilish starfar með tískumerki. Í maí á þessu ári vann hún með Calvin Klein og í júlí var hún andlit haustlínu lúxusvörumerkisins MCM.

Annars er það að frétta af Eilish að í þessari viku kemur út nýtt lag frá henni, sem nefnist Everything I Wanted.



Þessar neongrænu stuttbuxur eru svo sannarlega í Eilish-stílnum.

Flíkurnar eru merktar Eilish á skrautlegan og fjölbreyttan hátt.

Línan inniheldur líka þessar buxur sem líta út fyrir að vera mjúkar og þægilegar.

Það eru ekki margir tónlistarmenn sem selja sínar eigin lambhúshettur og grímur.

Meðal þess sem er í boði eru síðerma bolir og peysur. MYND/URBAN-OUTFITTERS.COM

Poppstjarnan Billie Eilish byrjaði að gefa út tónlist árið 2015 og gaf út fyrstu plötuna sína í vor. Hún er nú orðin ein frægasta poppstjarna heims. NORDICPHOTOS/GETTY


## JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

**Kemur út þriðjudaginn 26. nóvember.**

Skemmtilegt blað sem kemur inn á allar hliðar jólaundirbúningsins.
Uppflettirit sem lesendur leita í aftur og aftur.

**Vilt þú auglýsa í mest lesna jólablaði landsins?**

**Hafðu þá samband við auglýsingadeild Fréttablaðsins.
Sími 550 5077 – serblod@frettabladid.is**





FYRIR UNGA FÓLKIÐ
LYKTAR EKKI
100% MERINO ULL
Stingur ekki
HLÝRRI
Oasis Crewe barna
6.990 kr.
Oasis Leggings barna
6.990 kr.
Tech bolur barna
7.590 kr.
Tech leggings barna
7.590 kr.
Tech lite herra
9.990 kr.
Tech lite dömu
10.990 kr.
Tech lite dömu
9.990 kr.
Tech lite dömu
9.990 kr.
icebreaker® MERINO
Icebreaker Merino ull - fyrir alla þá sem vilja hlýjan ullarfatnað
sem stingur ekki og dregur ekki í sig lykt.
Oasis Crewe herra
13.990 kr.
Hanskar með vindvörn
7.490 kr.
Stingur ekki
Dregur ekki í sig lykt
Saumar sem koma í veg fyrir núning
Náttúruleg vörn gegn bakteríum
Fljótt að þorna
Hnökrar lítið sem ekkert
Þarf ekki ullarþvott, má þvo á 40°
Oasis hálfrennd herra
14.990 kr.
Lumista Hybrid peysa herra
42.990 kr.
100% Merino ull
Bolir, leggings, pils, jakkar, úlpur, sokkar, vettlingar, nærföt, skyrtur og húfur.
Fjölbreytt úrval lita og mismunandi þykktir
Oasis hálfrennd dömu
15.990 kr.
Oasis Crewe herra verð frá 13.990 kr.
Helix vesti herra
26.990 kr.
Helix pils dömu
14.990 kr.
Sport Bra long
9.990 kr.
Anatomica Zone Boxers herra
6.590 kr.
Oasis Leggings dömu
12.990 kr.
Vertex hálfrennd dömu
18.990 kr.
Vertex leggings dömu
15.990 kr.
Helix Jakki herra
34.990 kr.
Zone hálfrennd dömu
18.990 kr.
Tech hálfrennd dömu
15.990 kr.
Oasis Crewe dömu
14.990 kr.
Tech Trainer leggings dömu
23.990 kr.
Everyday Crewe dömu
11.990 kr.
Everyday hálfrennd herra
12.990 kr.
Helix Jakki dömu
34.990 kr.
Smiðjuvegur 8,
Græn gata
200 Kópavogi,
sími: 571 1020
www.ggsport.is
GG·sport
GG·sport
BYKO
Fylgstu með okkur á Facebook og á Instagram

# Heimagerður kaffiskrúbbur

Það er ekki gaman að henda því sem hægt er að nýta en ef það er eitthvað sem til er nóg af er það kaffikorgur, enda er kaffi einn vinsælasti drykkur veraldar og ómissandi að mati margra. Korginn er hægt að nota í heimagerðan líkamsskrúbb sem gerir húðina silkimjúka og því um að gera að geyma hann og prófa sig áfram í gerð líkamsskrúbbs. Kaffiskrúbbar eru taldir auka blóðflæði, draga úr bólgum og þrota ásamt því að fjarlægja dauðar húðfrumur og jafnvel draga úr sýnileika appelsínuhúðar.

**Einn bolli kaffikorgur**
**Hálfur bolli olía (t.d. lárperu-, ólífu- eða möndluolía)**
**Örfáir dropar af ilmkjarnaolíu (t.d. piparmynta)**

Þá er hægt að bæta við ýmsu í skrúbbinn eins og til dæmis sykri.



**Heimagerður kaffiskrúbbur kostar lítið en virkar vel.**



**Stella McCartney notar ekki leður í hönnun sína.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Sjálfbær Stella

Meðvitund um umhverfisáhrif og sjálfbærni hefur aukist í tískuheiminum enda er það þekkt að kolefnisspor iðnaðarins á heimsvísu er gríðarlegt. Stella McCartney hefur verið með fatalínu undir eigin nafni síðan árið 2001. Hún hefur næmt auga fyrir sterkum sniðum og gæðaflíkum sem geta gengið fyrir hvaða árstíð sem er. Eins og flestir vita er hún grænmetisæta og notar því ekki leður í hönnun sinni. Til að stuðla að sjálfbærni notar hún lífræna bómull, þræði sem stuðla ekki að eyðingu skóga, endurunnið pólýester og endurnýtta kasmírull í þau föt sem hún hannar.



**Laverne Cox hefur ekkert að fela.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Nær nakin meðal engla

Bandaríska leikkonan Laverne Cox mætti nánast allsnakin á frumsýningu kvikmyndarinnar Charlie's Angels í Los Angeles á mánudag. Þar sýndi hún glæstan vöxtinn undir svörtum gegnsæjum netkjól sem skartaði þó síðri en efnislítilli flauelssvuntu til að hylja það allra heilagasta.

Laverne er 47 ára og hvað þekktust fyrir hlutverk Sophiu Burset í sjónvarpsþáttunum Orange Is the New Black. Hún er fyrsta transkonan sem hefur verið tilnefnd til Emmy-verðlauna í flokki sjónvarpsþátta en áður var hún fyrsta transkonan til að vinna Daytime Emmy-verðlaunin sem framleiðandi heimildamyndarinnar Laverne Cox Presents; The T Word árið 2015. Hún er líka fyrsta transmanneskjan til að prýða forsíðu tímaritsins Time, árið 2014, og hefur setið fyrir á forsíðu suðurafríska Cosmopolitan. Laverne er líka fyrsta transmanneskjan sem á sér vaxmynd á Madame Tussaud-vaxmyndasafninu.








Við getum ekki komið í veg fyrir að þú breytist í foreldra þína ...

**En við getum tryggt að þú vitir hvað er að frétta!**

FRETTABLADID.IS

# Smáauglýsingar

**550 5055**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR EHF.**
Alhliða málningarþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna löggilltra fagmanna. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Viðgerðir

**VERKTAKAÞJÓNUSTA ÍSLANDS**
Glerjun og gluggaviðgerðir. Allt viðhald á einum stað S: 766-0656 eða verktakais@gmail.com

## Heimilið

### Barnavörur



**SYSTKINA VAGN/KERRA**
Verð frá 165.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

## Keypt & Selt

### Til sölu




Kassagitarar í úrvali Gitarinn ehf Kassagitarar á tilboði Rafmagnsgitarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

mýranaut

Gæða ungnautakjöt í 10 ár beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

### Vélar og verkfæri

**VERKFÆRI TIL SÖLU**
Esab argon rafsuðuvél 180. Gírkassatjakkur, Hjólatjakkur. Lítil loftpressa. Naglabyssa fyrir timbur 75 mm. Ýmis loftverkfæri. Olíuþrýstimælasett, glóríudæla o.fl. Uppl. í s: 893-3475

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500


Er verið að leita að þér?

Viðskiptavinir Ráðum fela ráðgjöfum okkar oft að finna starfsmenn án þess að auglýsa stöðuna og með stuttum fyrirvara.

Skráðu þig í gagnagrunninn okkar til að tryggja að við finnum þig þegar rétta starfið býðst.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS


# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055



















Alla fimmtudaga og laugardaga

gudruninga@frettabladid.is

## Kambsvegur 16
104 Reykjavík



**Falleg og vel skipulögð íbúð á 2 hæð**

- Stærð 84 fm, 3ja herbergja
- Nýlega búið að endurmúra og mála húsið
- Góð staðsetning þar sem stutt er í skóla og alla helstu þjónustu

Verð: **41,9 millj.**

Nánari upplýsingar:
**Gunnar S. Jónsson,** lögg. fasteignasali
gunnar@miklaborg.is **sími:** 899 5856

**MIKLABORG** **569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar






**STAKFELL**
FASTEIGNASALA | 1984
535-1000


## SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ

**BREYTING Á AÐALSKIPULAGI GARÐABÆJAR 2016-2030 OG DEILISKIPULAGSBREYTING ÁSAR OG GRUNDIR.**

Bæjarstjórn samþykkti tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga, sbr. 36. gr. sömu laga, tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016 - 2030 vegna svæðis á Grundum. Samhliða skal auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda samkvæmt 2. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í aðalskipulagstillögunni er m.a. afmarkað nýtt svæði fyrir samfélagsþjónustu (2.19 S) í tengslum við skólasvæði Sjálandsskóla. Opið svæði við Hraunsholtslæk er minnkað og mörkum aðliggjandi íbúðarsvæðis er breytt lítillega. Í deiliskipulagstillögunni er áformað að reisa á svæðinu skólabyggingu fyrir Alþjóðaskólann auk lítillar stækkunar á íbúðarsvæði Grunda. Að öðru leyti er vísað í kynnt gögn.

Húsakönnun og fornleifaskráning eru einnig lagðar fram til kynningar.

Tillögurnar liggja frammi á bæjarskrifstofu Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 14. nóvember 2019 til og með 6. janúar 2020. Einnig eru þær aðgengileg á vef Garðabæjar. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn athugasemdir við tillögurnar.

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út mánudaginn 6. janúar 2020.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofu Garðabæjar eða **skipulag@gardabaer.is** og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar.

Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • **GARDABAER.IS**

EFLA VERKFRÆÐISTOFA — VEGAGERÐIN

**Umhverfismat fyrir breikkun Vesturlandsvegar**

Vegagerðin, í samvinnu við Reykjavíkurborg og Mosfellsbæ, hefur undanfarið unnið að undirbúningi vegna breikkunar Suðurlandsvegar. Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og hefur verkfræðistofunni EFLU verið falið að vinna umhverfismatið.

Drög að tillögu að matsáætlun hafa nú verið lögð fram til kynningar á heimasíðu verkfræðistofunnar EFLU; www.efla.is, Vegagerðarinnar; www.vegagerdin.is, Reykjavíkurborgar; www.reykjavik.is og Mosfellsbæjar; www.mos.is Allir geta kynnt sér drögin og lagt fram athugasemdir.

**Athugasemdafrestur er frá 14.-28. nóvember 2019**

Athugasemdir skal merkja „Breikkun Suðurlandsvegar" og senda með tölvupósti á netfangið ragnhildur.gunnarsdottir@efla.is eða með bréfpósti á:

EFLA Verkfræðistofa
B.t. Ragnhildar Gunnarsdóttur
Lyngháls 4, 110 Reykjavík

FISKISTOFA

### Auglýsing eftir umsóknum um aflaheimildir fyrir opinber sjóstangaveiðimót, skv. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða

Auglýst er eftir umsóknum um vilyrði vegna aflaskráningar á opinberum sjóstangaveiðimótum sem áætlað er að halda á yfirstandandi fiskveiðiári, sbr. reglugerð nr. 295/2018 um skráningu afla á opinberum sjóstangaveiðimótum.

Skilyrði þess að afli sem veiðist á opinberu sjóstangaveiðimóti skráist ekki til aflamarks eða krókaaflamarks skips er að vilyrði Fiskistofu vegna aflaskráningar hafi verið aflað.

**Umsóknarfrestur er til og með 1. desember nk.**

Umsóknir ásamt fylgiskjölum skulu berast Fiskistofu, Dalshrauni 1, 220 Hafnarfirði eða á netfangið fiskistofa@fiskistofa.is. Umsóknareyðublaðið má finna á heimasíðu Fiskistofu http://www.fiskistofa.is/.





Snyrti & Nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 - 210 Garðabæ

- **Andlitsbað, litun og plokkun**
- **Tilboð 9.500.-**
- **Meðferð tekur 60 mín**



Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

**89%**

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.




**Beinn sími: 550 5625**

**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is




*Fréttablaðið og Morgunblaðið

Heimild: Prentmæling Gallup. jan. - jún. 2019. Lesendur dagblaða á Höfuðborgarsvæðið á aldrinum18-49 ára.

# Samstarf í þágu útflutningshagsmuna



**Guðlaugur Þór Þórðarson**
utanríkisráðherra

Farsæl utanríkisviðskipti eru forsenda þess að lífskjör Íslendinga haldist áfram góð. Sem utanríkisráðherra hef ég því lagt ríka áherslu á að tryggja íslenskum fyrirtækjum bestu mögulegu viðskiptakjör og sem greiðastan aðgang að alþjóðamörkuðum. Þar sem Ísland er lítið opið hagkerfi, skiptir aðgengi að erlendum mörkuðum okkur höfuðmáli. Góð samvinna atvinnulífs og stjórnvalda er grundvallarforsenda þess að tryggja að íslensk fyrirtæki njóti ætíð bestu mögulegu viðskiptakjara. Eitt af skilgreindum hlutverkum utanríkisþjónustunnar er að gæta hagsmuna íslensks viðskiptalífs og við kappkostum að vera öflugur bakhjarl í samskiptum íslenskra fyrirtækja við útlönd. Starfsfólk utanríkisþjónustunnar er til þjónustu reiðubúið, bæði hér á landi og á sendiskrifstofum Íslands erlendis. Við höfum sérstaka viðskiptafulltrúa við störf á ellefu sendiskrifstofum í Evrópu, Asíu og N-Ameríku sem hafa það hlutverk að kynna Ísland, íslensk vörumerki, vörur og þjónustu, auk þess sem þeir veita viðskiptaþjónustu og ráðgjöf til fyrirtækja. Utanríkisþjónustan aðstoðar þannig við að opna dyr fyrir íslensk fyrirtæki og við sókn á nýja markaði.

Íslandsstofa gegnir hér sömuleiðis lykilhlutverki. Markmið mitt með þeim breytingum á Íslandsstofu, sem Alþingi samþykkti í fyrra, var að efla Íslandsstofu og samstarf atvinnulífs og stjórnvalda. Með þeim var stefnt að auknu samstarfi við markaðsstarf á erlendum mörkuðum, aukinni samþættingu og samstarfi þeirra aðila sem koma að þessum verkefnum. Þannig var búinn til vettvangur þar sem atvinnulífið og stjórnvöld geta stillt saman strengi og náð saman um stefnumótun.

Við viljum heyra það frá fyrstu hendi hvað gengur vel og hvað má betur fara; hvort og þá hvernig stjórnvöld geta aðstoðað við að leysa flækjur í viðskiptaumhverfi íslenskra fyrirtækja. Á þeim nótum býð ég, ásamt Íslandsstofu, til samtalsfundar um allt land um samstarf og þjónustu við íslenskar útflutningsgreinar. Fyrsti fundurinn var haldinn á Egilsstöðum þar sem við áttum samtal við útflytjendur á Austurlandi, í gær áttum við góðan fund með útflytjendum á Norðurlandi í höfuðstaðnum, Akureyri, og fleiri fundir eru á teikniborðinu.

## Hver er ábyrgð okkar?



**Jón Gunnar Jónsson**
forstjóri Samgöngustofu

Á sunnudaginn er alþjóðlegur minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa. Því boða Samgöngustofa, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Slysavarnafélagið Landsbjörg til athafnar þann dag klukkan 14.00 við þyrlupall bráðamóttökunnar við Landspítalann í Fossvogi. Sambærilegar athafnir verða haldnar víða um land á vegum Landsbjargar. Hér á landi hefur skapast sú hefð að heiðra viðbragðsaðila á þessum degi og færa þeim þakkir fyrir óeigingjarnt og fórnfúst starf við aðhlynningu og björgun mannslífa – oft við mjög erfiðar aðstæður.

Slys í umferðinni eru þjóðfélaginu öllu afar dýrkeypt og hleypur áætlaður kostnaður þeirra á tugum milljarða. Þar vegur þungt tjón vegna alvarlegra slysa sem oft og tíðum er óafturkræft. Sú fjárhagslega sóun segir hins vegar lítið um persónulegan skaða þeirra sem í slysunum lenda eða eftir standa. Við eigum ekki að sætta okkur við umferðarslys sem fórnarkostnað fyrir samgöngukerfið og fækkun þeirra á að vera forgangsmál samfélagsins alls.

Margt hefur færst í rétta átt. Öryggi vega og ökutækja eru tvær mikilvægar stoðir þess að auka umferðaröryggi. Gerðar eru mun meiri kröfur um öryggi skráðra ökutækja en áður var. Með því er öryggisbúnaður orðinn betri sem dregur úr líkum á alvarlegum afleiðingum af yfirsjónum ökumanna. Við hönnun og endurbætur vega er megináherslan á að vegurinn þyrmi þeim sem um hann ferðast ef eitthvað fer úrskeiðis.

Þriðja stoðin og jafnframt sú mikilvægasta er hegðun okkar sjálfra – vegfarendanna. Flest slysin má rekja til vanmats okkar á aðstæðum og ofmats á eigin hæfni. Hvað sem líður réttmætri kröfu um öryggi umferðarmannvirkja og ökutækja þá er óumdeilanlegt að ábyrgðin er mest okkar sjálfra. Öflugt fræðslustarf í þágu almennings hefur skilað breyttu viðhorfi til hátternis í umferðinni svo það sem áður þótti dirfska er nú álitið áhættuhegðun.

Að lokum vil ég biðja þig að hugsa til þeirra sem eiga um sárt að binda vegna umferðarslysa og leiða hugann að þeirri ábyrgð sem við berum sem þátttakendur í umferðinni. Þökkum því fólki sem við heiðrum á sunnudaginn með ábyrgri hegðun því þannig tryggjum við best öryggi okkar allra.



# Sjö milljarða uppbygging á íþróttamannvirkjum

**Akureyrarbær ætlar að ráðast í gríðarlega uppbyggingu á íþróttamannvirkjum bæjarins fyrir hartnær sjö milljarða króna á næstu árum. Akureyrarvöllur verður skipulagður undir aðra starfsemi enda völlurinn langlélegasti völlur efstu deildar og þó víðar væri leitað.**










Deildir innan ÍBA eru 24 og er heildarfjöldi iðkenda á Akureyri 6.623.

**ÍÞRÓTTIR** Í dag verður tekin til umfjöllunar í bæjarráði Akureyrar skýrsla starfshóps um nýframkvæmdir íþróttamannvirkja Akureyrarbæjar næstu 15 árin.

Félögin fengu að senda inn sinn óskalista sem hefur verið forgangsraðað í 11 verkefni þar sem kostnaður hefur verið metinn á um sjö milljarða króna. Í tillögu KA kemur fram að félagið vilji hafa alla sína starfsemi við Dalsbraut, félagið fái gervigrasvöll þar ásamt stúku og Akureyrarvöllur verði skipulagður undir aðra starfsemi. Mikil viðhaldsþörf er komin á Akureyrarvöll og er hann langversti fótboltavöllur efstu deildar.

KA þarf einnig stærri félagsaðstöðu en núverandi aðstaða er of lítil og álagið er orðið of mikið á íþróttahúsið enda hefur iðkendum í handbolta fjölgað mikið á undanförnum árum.

Sævar Pétursson, framkvæmdastjóri KA, segir að hann voni að skýrslan verði nýtt fyrir pólitíkina sem ræður næstu skrefum. „Þeir sem eru í meirihlutanum taka ákvörðun um hvað skal ráðast í. En fyrir okkar hönd þá fagna ég því að það sé búið að opna á samtal við bæinn um uppbyggingu á svæðinu. Við vorum með í okkar draumsýn þrennt: Gervigrasvöll, félagsaðstöðu og annað íþróttahús. Með þessari skýrslu er hægt að setjast niður með bænum og velta því fyrir sér hvað er hægt að gera. Við fögnum því.“

Sævar bendir á að ekki sé verið að fara að taka skóflustungu að öllum þessum verkefnum í dag heldur er þetta áætlun til 15 ára og margt geti gerst í millitíðinni. „Það getur margt breyst í pólitík á 15 árum og það getur þess vegna verið kominn nýr listi eftir átta ár. En ég held að það sé mikil ánægja hér í íþróttahreyfingunni með að það sé komið eitthvert plagg sem hægt er að vinna eftir. Að það sé ekki verið að vinna í umræðuhópum. Það er komið eitthvað á borðið sem hægt er að renna yfir og taka ákvarðanir um. Örugglega eru einhver félög hér á Akureyri eitthvað ósátt og vilja fá endurskoðun og það gæti alveg gerst hjá pólitíkusunum.“

KA æfir og keppir á sjö stöðum á Akureyri en í félaginu eru samkvæmt skýrslunni 1.369 iðkendur og er það fjölmennasta félag bæjarins. Þórsarar eru með 1.114 og fimleikarnir laða að sér 761 iðkanda. „Við erum víða enda með víðtækt starf. Fótbolti er æfður á þremur stöðum og handbolti í fjórum húsum ef ég man þetta rétt. En þó þetta sé svona verður að hrósa bænum því ég held að hvergi í svona bæjarfélagi sé jafn mikið af íþróttamannvirkjum. Við erum með sex íþróttahús, Hlíðarfjall, Skautahöllina, Bogann og fleira og fleira. Það er vel í lagt hér fyrir norðan og ber að þakka fyrir það.“

benediktboas@frettabladid.is

## Forgangslisti með ellefu verkefnum á Akureyri

**Uppbygging á félagssvæði Nökkva við Höpnersbryggju**

Núverandi aðstaða félagsins er ekki góð og telur starfshópurinn brýnt að bæta úr hið fyrsta.

Kostnaður um
**150 m.kr.**

**Félags- og æfingaaðstaða í Skautahöll Akureyrar**

Núverandi aðstaða er ekki til fyrirmyndar, hvorki fyrir iðkendur né almenning.

Kostnaður um
**150 m.kr.**

**KA – gervigras og stúka**

Mikil viðhaldsþörf er komin á Akureyrarvöll og því er brýnt að annaðhvort verði ráðast í það viðhald eða hafin uppbygging annars staðar í bænum. Því leggur hópurinn til að útbúinn verði löglegur keppnisvöllur á svæði KA samkvæmt leyfiskerfi KSÍ . Hópurinn leggur til að ráðist verði í ofangreindar framkvæmdir og svæðið sem þá losnar á Akureyrarvelli verði skipulagt undir aðra starfsemi.

Kostnaður um
**1.000 m.kr.**

*Viðræður um utanaðkomandi fjármögnun hafa komið fram í samtölum við KA-menn.*

**KA – félagsaðstaða**

Núverandi félagsaðstaða er of lítil fyrir daglega starfsemi félagsins enda hefur félagið stækkað á undanförnum árum og iðkendum fjölgað.

Kostnaður um
**500 m.kr.**

*Viðræður um utanaðkomandi fjármögnun hafa komið fram í samtölum við KA-menn*

**KA – íþróttahús**

KA æfir nú á nokkrum stöðum í bænum en félagið hefur horft til þess að geta boðið öllum sínum iðkendum að æfa á félagssvæðinu.

Kostnaður um
**1.000 m.kr.**

**Hlíðarfjall þjónustuhús**

Núverandi skíðahótel er barn síns tíma og sú aðstaða er úr sér gengin en nú eru nokkrir gámar á svæðinu til bráðabirgða.

Kostnaður um
**450 m.kr.**

**Golf – vetraraðstaða**

Með þessu móti mætti færa alla starfsemi GA á einn stað og losa þannig aðstöðu í kjallara Íþróttahallarinnar sem þá er hægt að úthluta til annarra íþróttagreina/félaga.

Kostnaður um
**100 m.kr.**

**Innisundlaug**

Hvað: Byggja 50 metra innisundlaug fyrir kennslu, æfingar og keppni.
Rökstuðningur: Núverandi æfinga- og keppnisaðstaða sundfélagsins er ekki góð en nú æfir félagið í 25 m útisundlaug sem einnig er ætluð almenningi. Möguleikar á mótahaldi yrðu mun meiri með tilheyrandi jákvæðum áhrifum fyrir fyrirtæki í bænum.

Kostnaður um
**1.500 m.kr.**

**Þór – vestan við Bogann**

Brýnt að koma upp geymslu fyrir þann búnað sem tilheyrir Boganum auk þess sem salernisaðstaða er ekki góð.

Kostnaður um
**600 m.kr.**

**Þór – íþróttahús**

Stærðarhagkvæmni þess myndi gera kleift að hýsa helmingi fleiri æfingahópa en annars gerist í öðrum íþróttahúsum sem félagið notar og einnig yrðu samlegðaráhrif af nýtingu starfsfólks og annarrar aðstöðu á félagssvæðinu.

Kostnaður um
**1.000 m.kr.**

**Þór – gervigras á æfingasvæði**

Rökstuðningur: Gervigrasvöllur sem gæti nýst vel við æfingar og keppni yngri flokka. Gert er ráð fyrir að meistaraflokkar leiki áfram á náttúrulegu grasi.

Kostnaður um
**300 m.kr.**

**Af óskalista íþróttafélaganna**

**Bílaklúbbur Akureyrar** óskaði eftir að byggja varanlegar brautir til keppnishalds í spyrnukeppnum, brautarakstri (hringakstur) go-kart og drift. **Golfklúbbur Akureyrar** vill 400 fm inniaðstöðu fyrir 3-4 golfherma og 27 holu púttvöll. **Hestamannafélagið Léttir** vill nýtt gólfefni meðal annars. **Hjólreiðafélag Akureyrar** vill þúsund fermetra innanhúss- skatepark en einnig svæði utandyra. **Þórsarar** vilja 50 metra sundlaug við Glerárskóla, þak á stúkubygginguna á Þórsvelli og gervigras á Ásinn. **Karatefélag Akureyrar** hefur enga sturtuaðstöðu í og **Sundfélagið Óðinn** getur ekki fjölgað iðkendum miðað við núverandi stöðu. Þörfin fyrir sérstakri æfinga- og keppnislaug er orðin aðkallandi.



Landsliðið á flugvellinum í Istanbúl.

## Tyrkir gleyma ekki Íslandsför

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið leikur næstsíðasta leik sinn í undankeppni fyrir Evrópumótið 2020 við Tyrki í dag. Liðið ferðaðist til Istanbúl undir vökulu auga tyrknesku lögreglunnar. Samkvæmt frétt fótbotolti.net mynduðu lögreglumenn göng á flugvellinum þar sem íslensku leikmennirnir gengu í gegn, óáreittir.

Ljóst er að Tyrkirnir eru langt frá því að vera búnir að gleyma hvernig leikmenn þeirra þurftu að bíða í meira en klukkustund við vegabréfaeftirlit og þá er enn í fersku minni að belgískur ferðamaður reyndi að taka viðtal við Emre með uppþvottabursta. Það setti tyrkneskt samfélag nánast á hliðina og fjöldi Íslendinga fékk morðhótanir í kjölfarið frá stuðningsmönnum tyrkneska liðsins.

Fyrsta spurning til Eriks Hamrén landsliðsþjálfara á blaðamannafundi var frá tyrkneskum blaðamanni en Elvar Geir Magnússon, ritstjóri fótbolti.net, þýddi hana á íslensku. „Velkominn til fallega landsins okkar. Ég veit að í Antalya og Istanbúl var tekið vel á móti ykkur en því miður lenti tyrkneska liðið í miklum vandræðum við komuna til Íslands. Hvað viltu segja um þetta?“

> **Ég veit að í Antalya og Istanbúl var tekið vel á móti ykkur en því miður lenti tyrkneska liðið í miklum vandræðum við komuna til Íslands.**
>
> Tyrkneskur blaðamaður

Hamrén gerði lítið úr umræðunni og vildi ekki tala um það atvik. Reyndar hefur ekki mátt tala um óþægileg atvik í ferðinni því fjölmiðlar máttu ekki spyrja Kolbein Sigþórsson út í handtökuna og ekki heldur út í fjarveru Rúriks Gíslasonar sem spókaði sig í GQ partíi með Sharon Stone og fleirum í Þýskalandi.

Allir leikmenn eru heilir fyrir komandi átök sem Englendingurinn Anthony Taylor, sem Íslendingar ættu að þekkja úr ensku úrvalsdeildinni, dæmir. Taylor dæmdi nágrannaslag Úlfanna og Aston Villa í síðustu umferð.

Líklega lætur Hamrén spila leikkerfið 4-5-1 þar sem leikið verður upp á föst leikatriði enda hefur Tyrkland aðeins fengið á sig þrjú mörk, öll úr föstum leikatriðum. Kolbeinn mun leiða framlínuna og Ari Freyr Skúlason mun trúlega aðstoða Hörð Björgvin Magnússon vinstra megin. Jón Daði Böðvarsson verður trúlega í holunni og Guðlaugur Victor í hægri bakverðinum. Aðrar stöður eru eins og undanfarin ár. – bb



NÓI SÍRÍUS
SUÐUSÚKKULAÐI
Síðan 1933
Síríus súkkulaði er úrvals suðusúkkulaði sem framleitt er úr völdum kakóbaunum. Það er nærandi, auðmeltanlegt, bragðgott og drjúgt til suðu. Síríus suðusúkkulaði hefur verið eftirlætis nesti íslensku þjóðarinnar síðan 1933.
SÍRÍUS
SUÐUSÚKKULAÐI
...sem Íslendingar hafa
stolist í síðan 1933
cocoa HORIZONS



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Vilhelmína Sofía Sveinsdóttir**

Þangbakka 10,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli miðvikudaginn 6. nóvember. Útförin fer fram frá Breiðholtskirkju mánudaginn 18. nóvember kl. 13.

**Sveinn Jónas Þorsteinsson Brynhildur Agnarsdóttir**
**Ásgeir Þorsteinsson Magnea Rannveig Hansdóttir**
**Ragnheiður Guðrún Þorsteinsdóttir Gunnar Ólafur Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Elskulegur faðir okkar, afi, tengdafaðir og Maggi minn,

**Magnús F. Jónsson**

skipasmiður,
Garðaflöt 8, Stykkishólmi,

lést á dvalarheimilinu í Stykkishólmi laugardaginn 9. nóvember. Útför fer fram í Stykkishólmskirkju föstudaginn 22. nóvember kl. 14.00.

**Patricia Ann Heggie**
**Laufey Guðmundsdóttir Þórarinn Jónsson**
**Guðrún Magnea Magnúsdóttir Snæbjörn Aðalsteinsson**
**Jón Magnússon Anna Margrét Gunnarsdóttir**
**og barnabörn.**



†

Elskuleg eiginkona mín, systir, mágkona og tengdadóttir,

**Hildur Davíðsdóttir**

Háteigsvegi 6, Reykjavík,

sem lést 1. nóvember, verður jarðsungin frá Langholtskirkju mánudaginn 18. nóvember kl. 13.00. Blóm vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ás styrktarfélag.

**Hreinn Hafliðason**
**Valborg Davíðsdóttir Ragnar Breiðfjörð Ragnarsson**
**Kristrún Davíðsdóttir Ásgeir Eiríksson**
**Jenný Davíðsdóttir Ólafur Einarsson**
**Elsa María Davíðsdóttir Daníel Sveinsson**
**Jónína B. Sigurðardóttir Hafliði Hjartarson**
**Hjörtur Hafliðason Anna Bára Baldvinsdóttir**
**og systkinabörn.**



†

Okkar ástkæra

**Gerður Guðmundsdóttir**

Bergen, Noregi,

lést á heimili sínu í Ulset, Noregi, þann 5. nóvember. Útför fer fram 15. nóvember frá Lille kapell, Møllendal. Minningarathöfn fer fram á Íslandi, sem kynnt verður síðar.

**Einar Guðmundsson Ingibjörg Hafliðadóttir**
**Ágúst Guðmundsson Erna K. Þorkelsdóttir**
**Jóhann Þ. Guðmundsson Elín Helga Jónsdóttir**
**Hákon B. Sigurjónsson Hanna Sampsted**
**Þorsteinn Guðmundsson Þórunn Ósk Jónsdóttir**
**Gunnhildur M. Eymarsdóttir Steinar Einarsson**
**Linda Nielsen**



†

Innilegar þakkir fyrir samúð, hlýju og stuðning vegna andláts og útfarar okkar elskulega

**Valdimars Bjarnasonar**

Þorlákshöfn.

**Þorbjörg Jónína Magnúsdóttir**
**Bjarni Már Valdimarsson Eva María Hilmarsdóttir**
**Bryndís Ósk Valdimarsdóttir**
**Magnús Þór Valdimarsson Lilja Margrét Sigurðardóttir**
**Salka Liljan Bjarnadóttir**
**Bjarni Valdimarsson Guðfinna Karlsdóttir**
**Magnús Snorrason Friðgerður Pétursdóttir**
**Þóra, Emma og Sandra Bjarnadætur og fjölskyldur**
**Pétur, Jón, Arnþór og Fjóla Rós Magnúsarbörn**
**og fjölskyldur.**




Garaham Poul sendiherra vottaði frönsku sjómönnunum í kirkjugarðinum virðingu sína.

# Franskra sjómanna minnst í Hólavallakirkjugarði

**Vopnahlésdagsins, 11.11., er jafnan minnst klukkan 11 í Frakklandi við gröf óþekkta hermannsins eða minnismerki um fallna hermenn. Hér hefur franska sendiráðið athöfn við minnismerki um franska sjómenn í Hólavallagarði.**

Klukkan ellefu, ellefta dag, ellefta mánaðar ársins 1918 var samið um að ljúka afar mannskæðu stríði sem geisað hafði í Evrópu í rúm fjögur ár. Því er sá mánaðardagur jafnan haldinn hátíðlegur í Frakklandi, við gröf óþekkta hermannsins eða við minnismerki um fallna hermenn.

Hér á landi háðu franskir sjómenn orrustur við íslensk náttúruöfl og biðu stundum lægri hlut, þeir hvíla í nafnlausum gröfum víða um land. Í Hólavallakirkjugarði eru nokkrir tugir þeirra, flestir frá Bretagne í Frakklandi. Árið 1953 var settur þar upp stór steindrangur með áletrun. Sú fallega hefð hefur skapast að franska sendiráðið standi fyrir minningarstund í kirkjugarðinum klukkan 11 þann 11.11. við dranginn og sú hefð var haldin í heiðri þetta árið, að sögn Pálma Jóhannessonar, upplýsingafulltrúa sendiráðsins. „Þessi athöfn hefur verið nokkurn veginn árleg, þó hefur komið fyrir að hún hafi fallið niður,“ segir hann. „En þetta finnst mér mjög góð hugmynd því hér á landi er enginn hermannagrafreitur franskur, enda engir fallnir hermenn hér af völdum stríðs en þessir látnu sjómenn eru ígildi þeirra.“

> **Þetta finnst mér mjög góð hugmynd því hér á landi er enginn hermannagrafreitur franskur, enda engir fallnir hermenn hér af völdum stríðs en þessir látnu sjómenn eru ígildi þeirra.**

Pálmi segir allnokkurn hóp fólks hafa verið við athöfnina á mánudaginn. „Hún fór þannig fram að Graham Paul, sendiherra Frakklands, flutti ræðu, tveir starfsmenn sendiráðsins fóru með ljóð, annað íslenskt, hitt franskt, og síðan lagði sendiherrann blómsveig að minnismerkinu. Að því loknu var gestum boðin hressing í bústað sendiherrans,“ lýsir Pálmi.

### Marin français

8. og síðasta erindið

*Ofan tek ég í auðmýkt,*
*ósjálfrátt beygi kné.*
*Angelus álengdar hljómar.*
*Adieu, Marin français.*

Guðmundur Guðmundsson

Spurður nánar út í kvæðin segir hann þau vera Marin français eftir Guðmund Guðmundsson skólaskáld og Oceano Vox eftir Victor Hugo. Í gamla kirkjugarðinum var látlaus kross settur á leiði sjómannanna en þau voru nafnlaus. Þar stóð bara Marin français sem þýðir franskur sjómaður. Kvæðið hans Guðmundar er á íslensku að öðru leyti en því að lausleg þýðing Pálma á textanum á frönsku fylgdi.

**gun@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 14. NÓVEMBER 1985

## Hófí hlaut titilinn ungfrú heimur

Fegurðardísin og fóstran Hólmfríður Karlsdóttir var krýnd alheimsfegurðardrottning þennan mánaðardag 1985. Keppnin fór fram í London á Englandi og þar kepptu sjötíu og átta stúlkur til úrslita.

Hólmfríður, sem jafnan hefur verið kölluð Hófí, var tuttugu og tveggja ára gömul þegar henni hlotnaðist þessi tign.

Keppnin var ekki sýnd í sjónvarpi á Íslandi fyrr en daginn eftir að úrslitin voru kynnt en yfir hundrað milljónir manna víðs vegar um heiminn fylgdust með í beinni útsendingu þar sem Hólmfríður var krýnd fegursta kona í heimi.

Hún fékk í verðlaun 1,8 milljónir króna en inni í þeirri fjárhæð var meðal annars greiðsla fyrir fyrirsætustörf. Í kjölfar sigursins ferðaðist hún víða um heiminn.



BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Réttur mánaðarins

**3stk.**

**Fullelduð**
Bolognese kjötsósa

**1kg**

**Samtals 1.555 kr.**

**Bónus Bolognese Kjötsósa**, 1 kg, 998 kr.
**Hatting Hvítlauksbrauð**, 3 stk., 298 kr.
**Barilla Spaghetti**, 1 kg, 259 kr.

**200kr** afsláttur

**Fulleldað**
Aðeins að hita

**679 kr./800 g**

**Bónus Buffaló Leggir**
Fulleldaðir, 800 g, 2 teg. - Verð áður 879 kr.

**1kg**

**898 kr./1 kg**

**SG Grísahakk**
Ferskt, 1 kg

**2l**

ÍSLENSK framleiðsla

**195 kr./2 l**

**Pepsi og Pepsi Max**
2 lítrar

**1.198 kr./1 kg**

**Bónus Plokkfiskur**
Fulleldað, 1 kg

**Robin Klementínur**

**2,3kg**

**79 kr./330 ml**

**Egils Appelsín**
venjulegt og sykurlaust, 330 ml

**795 kr./ks.**

**Robin Klementínur**
2,3 kg

BÓNUS

EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
**Smáratorg og Skeifan:** Mán-Lau; 10:00-19:00 • Sun; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **17. nóvember** eða meðan birgðir endast.

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

| Staður | Hiti |
|---|---|
| Reykjavík | 1 °C, 4 |
| Ísafjörður | -4 °C, 3 |
| Akureyri | -1 °C, 1 |
| Egilsstaðir | 0 °C, 3 |
| Kirkjubæjarkl | 0 °C, 5 |
| Hveravellir | -7 °C, 6 |

Suðaustlæg átt, víða 5-13 m/s, en dregur úr vindi á Norður- og Austurlandi þegar kemur fram á daginn. Skúrir eða slydduél sunnan- og vestanlands, stöku él við austurströndina, en annars þurrt. Hiti 1 til 5 stig, en 1 til 5 stiga frost í innsveitum norðaustanlands. Norðlægari á morgun, 3-13 m/s, hvassast austan Öræfa. Él norðaustan til, en annars yfirleitt léttskýjað. Frost 0 til 6 stig.

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti |
|---|---|
| Reykjavík | -1 °C, 2 |
| Ísafjörður | -4 °C, 1 |
| Akureyri | -2 °C, 2 |
| Egilsstaðir | -2 °C, 0 |
| Kirkjubæjarkl | -1 °C, 4 |
| Hveravellir | -7 °C, 2 |

## Föstudagur

| Staður | Hiti |
|---|---|
| Reykjavík | 5 °C, 8 |
| Ísafjörður | 2 °C, 5 |
| Akureyri | -2 °C, 1 |
| Egilsstaðir | 0 °C, 4 |
| Kirkjubæjarkl | 3 °C, 5 |
| Hveravellir | -1 °C, 15 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | 7 | 6 | | 2 | | 4 | |
| 6 | | | | | 5 | | 2 | |
| 9 | 5 | | | 4 | 8 | | | 1 |
| | 2 | | | 6 | | 1 | 9 | |
| | 4 | | | 5 | | 2 | | 8 |
| 3 | | | | | 7 | 5 | | |
| | | | 1 | | 4 | 7 | | |
| | | 9 | | 8 | | | | |
| 8 | 1 | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | 6 | 2 | | | 7 | | |
| 5 | 7 | 8 | | | | 1 | | |
| 9 | 1 | | | | | 8 | | 4 |
| | 6 | | | | | 2 | | |
| | 5 | | 8 | | | | 6 | 3 |
| | | 3 | 4 | 5 | 6 | | | 8 |
| | 8 | | 6 | 4 | 5 | | 9 | |
| | | | 1 | 8 | 9 | | 4 | |
| | | | | 3 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 7 | | | 6 |
| | | 5 | | | | 4 | | 9 |
| | 2 | | | | | | | |
| | | | | 2 | | 9 | 7 | 8 |
| 9 | 5 | | | | 8 | | | 3 |
| | | | 7 | | | | 5 | |
| 1 | 3 | 4 | | | 2 | | | 7 |
| | | | | | | | | |
| 6 | 7 | 2 | | 5 | 9 | 3 | | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 4 | 7 | 9 | 2 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 6 | 8 | 1 | 7 | 3 | 4 | 9 | 2 | 5 |
| 9 | 2 | 3 | 5 | 6 | 1 | 4 | 7 | 8 |
| 7 | 9 | 4 | 1 | 8 | 2 | 5 | 3 | 6 |
| 2 | 1 | 5 | 3 | 9 | 6 | 7 | 8 | 4 |
| 3 | 6 | 8 | 4 | 5 | 7 | 2 | 1 | 9 |
| 8 | 7 | 2 | 6 | 4 | 5 | 1 | 9 | 3 |
| 1 | 5 | 9 | 8 | 7 | 3 | 6 | 4 | 2 |
| 4 | 3 | 6 | 2 | 1 | 9 | 8 | 5 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 1 | 3 | 7 | 2 | 4 | 8 | 9 |
| 4 | 3 | 7 | 5 | 8 | 9 | 2 | 6 | 1 |
| 8 | 9 | 2 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 5 |
| 6 | 4 | 3 | 7 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 |
| 9 | 7 | 8 | 4 | 2 | 1 | 5 | 3 | 6 |
| 1 | 2 | 5 | 6 | 3 | 8 | 7 | 9 | 4 |
| 2 | 1 | 9 | 8 | 4 | 3 | 6 | 5 | 7 |
| 7 | 8 | 4 | 9 | 5 | 6 | 1 | 2 | 3 |
| 3 | 5 | 6 | 2 | 1 | 7 | 9 | 4 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 2 | 7 | 5 | 4 | 3 | 8 | 9 |
| 3 | 4 | 5 | 9 | 6 | 8 | 2 | 1 | 7 |
| 7 | 8 | 9 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| 1 | 9 | 4 | 5 | 3 | 7 | 6 | 2 | 8 |
| 2 | 6 | 3 | 4 | 8 | 9 | 5 | 7 | 1 |
| 8 | 5 | 7 | 2 | 1 | 6 | 9 | 3 | 4 |
| 9 | 2 | 8 | 3 | 4 | 1 | 7 | 6 | 5 |
| 4 | 3 | 1 | 6 | 7 | 5 | 8 | 9 | 2 |
| 5 | 7 | 6 | 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 rispa
5 í viðbót
6 íþróttafélag
8 hæða
10 átt
11 ískur
12 snöggur
13 eind
15 sköpun
17 plata

**LÓÐRÉTT**
1 hrannast
2 gusta
3 klafa
4 hamla
7 samstilla
9 reglubróðir
12 kaup-mennska
14 málmur
16 tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 skora, 5 auk, 6 fh, 8 flimta, 10 na, 11 urg, 12 snar, 13 stak, 15 tilurð, 17 narra.
**LÓÐRÉTT:** 1 safnast, 2 kula, 3 oki, 4 aftra, 7 hag-ræða, 9 munkur, 12 sala, 14 tin, 16 rr.

## Skák Gunnar Björnsson

Lapiken átti leik gen Res-hevsky á Löngu ströndum árið 1955.

**1. Bc4! Dxc4+ 2. b3 1-0.** Alþjóðlegu meistararnir Áskell Örn Kárason og Sævar Bjarnason sitja þessa dagana að tafli á HM öldunga (+65) sem fram fer í Búkarest í Rúmeníu. Í gær fór fram fjórða umferð EM taflfélaga í Svartfjallalandi.

**www.skak.is:** EM taflfélaga.

**Hvítur á leik**




# Tannlækningar í Ungverjalandi
**Sparaðu allt að 50-70%!**




**Hafðu samband:**
**+ 36 70 942 9573**
info@fedaszdental.hu
www.tannlaeknathjonusta.is



# HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.




Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# 14. NÓVEMBER
## ALÞJÓÐADAGUR SYKURSÝKI

## 425 MILLJÓNIR
MANNA Í HEIMINUM ERU MEÐ SYKURSÝKI

**Sykursýki er alvarlegur sjúkdómur sem snertir flestar fjölskyldur.**
Sykursýki er algengasta orsök blindu, aflimana, hjarta- og æðasjúkdóma, nýrnabilunar og ótímabærs dauða.

**Með 8 sekúndna** millibili deyr einhver af völdum sykursýki




Sykursýki tegund 1 og tegund 2 hafa mismunandi orsakir, en einkenni, afleiðingar og fylgikvillar eru þau sömu.

**Þú getur minnkað verulega hættuna á að þú fáir sykursýki tegund 2 með hollu mataræði, reglulegri hreyfingu og með því að gæta að líkamsþyngdinni.**

Fáðu nánari upplýsingar
www.diabetes.is
ww.lsh.is/sykursyki

International Diabetes Federation
world diabetes day 14 November
Samtök sykursjúkra

# Fjórða kynslóð Skoda Octavia frumsýnd

Kemur til landsins í september 2020 og verður þá strax fáanleg sem tengiltvinnbíll en líka í öðrum útgáfum.

Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Fjórða kynslóð Skoda Octavia var frumsýnd á mánudagskvöld full af nýrri tækni auk þess að vera nú fáanleg sem tengiltvinnbíll. Skoda Octavia er miðpunkturinn í sölukerfi Skoda enda hefur bíllinn selst í meira en sex milljón eintökum síðan hann var frumsýndur árið 1996. Á Íslandi hefur Octavia verið einn mest seldi bíll landsins í mörg ár og vann meðal annars titilinn bíll ársins árið 2014.

Jón Kristófer S. Jónsson er nýr vörustjóri Skoda-merkisins og að sögn hans verður öll Octavia-línan kynnt hér á landi í september á næsta ári. „Við erum því miður ekki komnir með verð ennþá en þau ættu að vera ljós upp úr áramótum svo að áhugasamir kaupendur geta þá farið að gera pantanir í bíla,“ segir Jón Kristófer. „Þess má geta að við fáum bílinn strax í tengiltvinnútfærslu og verðum eitt af fyrstu löndum Evrópu til að fá hann þannig. Einnig verður öll línan strax fáanleg, bæði sem langbakur (Combi) og í lengri útgáfu (Limo),“ segir Jón Kristófer einnig.

Útlitið er nú orðið keimlíkt Superb og Scala og er bíllinn búinn díóðuljósum að framan sem staðalbúnaði. Þrátt fyrir að bíllinn sé lægri en áður er hann rúmbetri að sögn tæknimanna Skoda. Hann er 4.690 mm að lengd, bæði sem hlaðbakur og langbakur sem er 19 mm lengra en fyrri kynslóð. Auk þess er hann 15 mm breiðari sem þýðir að farangursrými er nú 30 lítrum stærra. Tveir 10,25 tommu skjáir eru í bílnum og framrúðuskjár í sumum útgáfum. Bíllinn er nettengdur og í fyrsta skipti er þrískipt miðstöð eins og í Superb.

Bíllinn er byggður á sama undirvagni og ný kynslóð Golf sem þýðir að hann verður fáanlegur einnig með mildri tvinntækni auk tengiltvinnútgáfu. Tengiltvinnútgáfan verður með 1,4 lítra bensínvél og 101 hestafls rafmótor. Sjálfskiptingin við þá útfærslu er sex þrepa og hestöflin 201 talsins og rafhlaðan með 55 km drægni.

Minnsta fáanlega vélin er eins lítra bensínvél með forþjöppu sem skilar 108 hestöflum, en einnig er 1,5 lítra bensínvél fáanleg, einnig með forþjöppu sem skilar 148 hestöflum. Stærsta bensínvélin er tveggja lítra TSI-vél sem skilar 187 hestöflum sem kemur þá með fjórhjóladrifi og sjö þrepa DSG-sjálfskiptingu. Aðeins ein tveggja lítra dísilvél er í boði en hún kemur í þremur aflútfærslum. Sú aflminnsta er 114 hestöfl, svo kemur 148 hestafla útfærsla og loks 197 hestafla með fjórhjóladrifi og sjálfskiptingu. Sú útfærsla kemur bílnum í hundraðið á aðeins 7,1 sekúndu.



Ný Octavía er mun líkari nýjum Scala og Superb með samvöxnum díóðuljósum í stað aðskilinna áður.



Stafrænt mælaborð er mun fullkomnara og á upplýsingaskjá fyrir miðju má sjá í rauntíma ýmsar upplýsingar í þrívídd, eins og aðvífandi umferð.

**TENGILTVINNÚTGÁFAN VERÐUR MEÐ 1,4 LÍTRA BENSÍNVÉL OG 101 HESTAFLA RAFMÓTOR. SJÁLFSKIPTINGIN VIÐ ÞÁ ÚTFÆRSLU ER SEX ÞREPA OG HESTÖFLIN 201 TALSINS OG RAFHLAÐAN MEÐ 55 KM DRÆGNI.**

**Þess má geta að við fáum bílinn strax í tengiltvinnútfærslu og verðum eitt af fyrstu löndum Evrópu til að fá hann þannig.**

Jón Kristófer S. Jónsson, vörustjóri Skoda





Ford Mach E er eins og nafnið gefur til kynna hannaður eftir fyrirmynd Mustang og verður hann frumsýndur í Los Angeles í næstu viku.

# Bílasýningin í Los Angeles hefst í næstu viku

Fyrsti kynningardagur Bílasýningarinnar í Los Angeles er 18. nóvember í næstu viku og þar verða fjölmargar blaðamannakynningar á bílum sem einnig eru væntanlegir á Evrópumarkað. Sýningin er meira en hundrað ára gömul og þar hafa margir frægir bílar verið frumsýndir og árið í ár er engin undantekning. Fréttablaðið mun birta umfjöllun á bílasíðu blaðsins komandi fimmtudag og hér er forsmekkur þess sem vænta má á sýningunni, sem opin verður almenningi frá 22. nóvember til 1. desember.

Audi mun frumsýna framleiðslugerð e-Tron Sportback rafbílsins sem verður með 402 hestafla rafmótor og 400 km drægni. Bollinger er nýr framleiðandi rafbíla sem ætlar að nota sýninguna til að kynna B1 og B2 jeppann og pallbílinn. Að sögn framleiðandans verða þeir „afkastamestu sportjeppar veraldarinnar“ hvað sem það nú þýðir en líklega fáum við að vita meira þegar þeir verða kynntir. BMW ætlar að kynna fjóra bíla, 2-línu Gran Coupe, M8 Gran Coupe og X5 og X6 í M-útfærslum. M8 bílnum er att til kapps við Porsche Panamera og er hans beðið með nokkurri eftirvæntingu, en hann verður með 616 hestafla, 4,4 lítra V8 vél með tveimur forþjöppum. Ford hefur tilkynnt að merkið muni frumsýna Mach E jepplinginn sem er byggður á útliti Mustang sportbílsins. Sá bíll fer í sölu strax á næsta ári og verður með allt að 600 km drægni að sögn framleiðandans. Auk þess mun Mini frumsýna 302 hestafla GP útgáfu, Porsche kynna Taycan 4S, VW nýja ID. Space Vizzion hugmyndabílinn og Toyota tengiltvinnútgáfu RAV4 jepplingsins svo af ýmsu er að taka.

# Alfa Romeo hættir við tvo sportbíla og leggur áherslu á jepplinga í staðinn

Ítalski sportbílaframleiðandinn Alfa Romeo er að endurskipuleggja sig í þá veru að færa áherslu sína á sportbíla meira yfir á það sem allir vilja kaupa í dag, sportjeppa og jepplinga. Alfa Romeo hefur því lagt áform um framleiðslu 8C ofurbílsins og GTV sportbílsins á hilluna og hyggst framleiða tvær gerðir jepplinga í staðinn. Tonale er nýr jepplingur frá Alfa Romeo sem er nýkominn fram á sjónarsviðið og tilheyrir svokölluðum C-stærðarflokki en auk hans er von á nýjum jepplingi í B-stærðarflokki sem er númeri minni. Þegar hefur verið hætt við 4C sportbílinn og stutt í að hætt verði framleiðslu á Giulietta hlaðbaknum sem þýðir að aðeins fjórir bílar verða á dagskrá hjá Alfa Romeo árið 2022.

Ástæða þess að hætt er við 8C og GTV núna er að spara þróunar- og framleiðslukostnað svo hægt sé að einbeita sér að bílum sem vænlegri eru til sölu. Tilkynnt hefur verið að Tonale verði strax fáanlegur sem tengiltvinnbíll og nýr jepplingur í B-flokki mun einnig verða fáanlegur sem 100% rafbíll sem verður sá fyrsti slíki í sögu merkisins. Mikil samkeppni ríkir á þessum markaði jepplinga og spurningin er hvort breyttar áherslur hins fornfræga sportbílaframleiðanda verði til hins betra eða verra.

Eitt er víst að eftirsjá verður að sportbílunum sem nú hefur verið hætt við. Alfa Romeo 8C hefði verið byggður með einrýmisformaðri grind úr koltrefjum. Vélin átti að vera V6 með tveimur forþjöppum sem sent hefði 700 hestöfl í afturdekkin. Framöxull hefði fengið rafmótor og þess vegna hefði þessi bíll keppt við bíla eins og Audi R8 og McLaren 570S. GTV sportbíllinn hefði verið tveggja dyra kúpubakur með fjórum sætum og átti að keppa við BMW 4-línu. Öflugasta útfærsla hans hefði fengið 600 hestöfl og fjórhjóladrif í Quadrifoglio útgáfu sinni.



Alfa Romeo Tonale jepplingurinn var frumsýndur í vor. NORDICPHOTOS/GETTY

**EITT ER VÍST AÐ EFTIRSJÁ VERÐUR AÐ SPORTBÍLUNUM SEM NÚ HEFUR VERIÐ HÆTT VIÐ, ALFA ROMEO 8C OG GTV.**

# ALLT FYRIR VETURINN OG ÆFINGUNA

Valdar vörur á **25% afslætti** helgina 14. - 18. nóvember í Útilíf*



# Vildi gera veg Íslands sem mestan

**Í Hafnarborg er yfirlitssýning um Guðjón Samúelsson, húsameistara ríkisins. Pétur H. Ármannsson arkitekt segir hann hafa verið mikilvægan geranda í nútímavæðingu íslensks samfélags.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is





**„Það má læra mikið af áherslu hans á fagurfræðilega hugsun," segir Pétur um Guðjón Samúelsson.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Yfirlitssýning um Guðjón Samúelsson, húsameistara ríkisins, stendur nú yfir í Hafnarborg. Þar eru til sýnis frumrit teikninga, ljósmyndir og líkön af byggingum Guðjóns. Hlýða má á einu varðveittu upptökuna með rödd hans og sjá einstakt myndskeið frá árinu 1943 þar sem Guðjóni bregður fyrir. Sýningarstjórar eru Ágústa Kristófersdóttir, forstöðumaður Hafnarborgar, og Pétur H. Ármannsson arkitekt sem vinnur að bók um Guðjón sem væntanleg er á næsta ári.

### Tækifæri til áhrifa

„Guðjón er sá arkitekt sem flestir Íslendingar kannast við og helstu byggingar hans eru alþekkt tákn fyrir staði og stofnanir í íslensku samfélagi. Þegar við hugsum um Akureyri sjáum við fyrir okkur kirkjuna og tröppurnar sem tengja hana við miðbæinn. Sama á við um Þingvallabæinn, skólahúsin í Reykholti og á Laugarvatni. Form sem hann mótaði eru auðkenni fyrir Háskóla Íslands, Landspítala, Listasafn Íslands, Landsbanka og Þjóðleikhús. Á seinustu árum er turn Hallgrímskirkju orðinn alþjóðlegt vörumerki Reykjavíkur," segir Pétur.

„Guðjóns er oftast minnst fyrir tilraunir sínar til að móta sérþjóðlegan, íslenskan byggingarstíl. Hann var þó ekki síður brautryðjandi nýrra alþjóðlegra hugmynda í húsagerð og borgarskipulagi hér á landi. Hann heillaðist snemma af hugmyndum garðbæjahreyfingarinnar um fagurfræðilegt borgarskipulag þar sem húsagerð og bæjarskipulag mynda heilsteypt listaverk. Þetta var ein af þeim stefnum sem mótuðu Guðjón á námsárunum í Kaupmannahöfn milli 1909 og 1915. Staða Guðjóns sem húsameistara ríkisins gaf honum einstakt tækifæri til áhrifa sem fáum arkitektum hefur hlotnast. En verk hans voru líka umdeild á sinni tíð og fáir listamenn hafa mátt sæta óvægnari gagnrýni."

### Mikilvægur gerandi

Einkunnarorð sýningarinnar eru tilvitnun í Guðjón: Það er ekki hægt að ala upp góða menn nema í fallegu umhverfi. Um þessi orð segir Pétur: „Þau segja mikið um manninn og kynslóðina sem hann var hluti af. Menn trúðu því að efla mætti andlega og líkamlega heilsu fólks með því að skapa fallegt og heilsusamlegt umhverfi. Þessi hugsjón bjó að baki flestu því sem Guðjón gerði. Hann beitti sér fyrir ýmsum framfaramálum, sat í fyrstu skipulagsnefnd ríkisins og skrifaði árið 1912 fyrstu fræðiritgerðina á íslensku um borgarskipulag. Skipulag bæjanna var hjartans mál Guðjóns ekki síður en húsagerðin. Sem skipulagshöfundur var hann mikilvægur gerandi í nútímavæðingu íslensks samfélags. Hann sá uppbyggingu bæjanna sem mikilvægasta verkefni sinnar kynslóðar og leitaðist við að innleiða evrópska þéttbýlismenningu í land sem verið hafði einangrað og dreifbýlt bændasamfélag.

**VIÐ MÆTTUM TAKA MIÐ AF ÞEIRRI HUGMYND OG FALLEGU HUGSJÓN AÐ UMHVERFIÐ EIGI AÐ VERA LISTAVERK OG AÐ MANNÚÐAR- OG MANNBÆTANDI SJÓNARMIÐ EIGI AÐ VERA Í FORGANGI VIÐ HÖNNUN OG HÚSAGERÐ.**

Hann var líka alltaf að tala um bæina og borgirnar sem listaverk. Við eigum honum staðsetningu Landakotskirkju að þakka. Hann bjó til þessa áhrifamiklu mynd af Skólavörðustíg með kirkjuna fyrir endanum. Hann lagði grunninn að fyrsta heildarskipulagi Reykjavíkur innan Hringbrautar og margar af fallegustu götum Reykjavíkur: Mímisvegur, Fjölnisvegur, Sjafnargata, Sólvallagata, Ásvallagata og Hringbrautin með verkamannabústöðunum eru afrakstur hugmynda hans. Þetta er að mínu mati eitt besta dæmi um það hvernig hægt er að byggja manneskjulega, þétta byggð á norðlægri breiddargráðu með gróðri og fallegum göturýmum þar sem tekið er ríkt tillit til skjólmyndunar og sólarljóss."

### Fagurfræðileg hugsun

Spurður hvað læra megi af Guðjóni í dag segir Pétur: „Það má mikið læra af áherslu hans á fagurfræðilega hugsun inn í mótun byggðar. Því miður á listræn heildarsýn undir högg að sækja í mótun umhverfis í samtímanum. Ég er ekki að tala um að menn eigi að gera eftirlíkingar af verkum Guðjóns. En við mættum taka mið af þeirri hugmynd og fallegu hugsjón að umhverfið eigi að vera listaverk og að mannúðar- og mannbætandi sjónarmið eigi að vera í forgangi við hönnun og húsagerð."

Á sýningunni er að finna ýmsar tillögur Guðjóns sem ekki urðu að veruleika. Þar á meðal er skipulagstillaga sem hann gerði að Bolungarvík. „Hann teiknaði þar fyrirmyndar sjávarþorp í anda breskra garðbæja og gaf hverri byggingu form svo úr varð fagurfræðileg heild. Ef við ættum slíkan bæ væri hann einstakt listaverk," segir Pétur.

Pétur segir Guðjón með verkum sínum hafa lagt grunn að innviðum íslensks samfélags á ýmsum sviðum. „Hann teiknaði þjóðleikhús, sund- og íþróttahallir, háskóla, kirkjur, verkamannabústaði, skólahús af ýmsu tagi og alls konar byggingar. Hann hafði mikinn metnað fyrir hönd þjóðarinnar í þessu tilliti og vildi gera veg Íslands sem mestan með verkum sínum."

## Hvað kom fyrir Nesbø?

**BÆKUR**

**Hnífur**

★☆☆☆☆

**Jo Nesbø**

**Þýðandi:** Bjarni Gunnarsson
**Útgefandi:** JPV útgáfa
**Fjöldi síðna:** 570




Vinsældir norska glæpasagnahöfundarins Jo Nesbø eru engin tilviljun. Lesendur hans hafa lengi gengið að því sem vísu að hann muni sjá þeim fyrir spennu í bókum þar sem er að finna hrollvekjandi morð, áhugaverðar persónur og óvæntar fléttur. Allra síðustu árin er þó eins og þreytu sé farið að gæta hjá höfundinum. Morðin hafa orðið óhugnanlegri og illmennin ýktari um leið og söguþráðurinn verður æ ótrúverðugri. Það sem helst hefur haldið sögunum uppi er lögreglumaðurinn Harry Hole, alkóhólisti sem oftar en ekki er versti óvinur sjálfs sín.

Nýjasta bókin um Harry Hole er Hnífur, löng og ruglingsleg glæpasaga. Strax á blaðsíðu 60 gerist atburður sem hlýtur að vekja uppnám í hugum aðdáenda Hole. Ekki er gott að sjá af hverju Nesbø fór þá leið sem hann þarna velur. Kannski vildi hann sjokkera og það tekst honum rækilega. Meinið er að þegar líða fer á söguna verður hún æ kjánalegri. Persónur, sem lesandinn þekkir úr fyrri bókum um Hole, fara að sýna á sér áður óþekktar hliðar og þær ógeðfelldar. Um sögusviðið þvælist svo raðnauðgari af allra verstu sort, nauðgar konum og þvingar þær til að eignast barnið. Afhjúpunin á morðingjanum undir lokin er að sönnu óvænt en stenst um leið enga skoðun. Eftir situr lesandinn og veltir því fyrir sér hvað hafi orðið um þann Nesbø sem hann eitt sinn þekkti og sá honum alltaf fyrir svo góðri afþreyingu.

Kannski er Nesbø orðinn of ríkur og frægur og meðvitaður um að hann kemst upp með næstum hvað sem er. Kannski er enginn lengur til að lesa yfir handrit hans og gefa honum tiltal þegar hann fer út af sporinu eins og hann gerir hér. Eða kannski finnst Nesbø þetta bara afskaplega gott hjá sér.

Í lok Hnífsins er Harry Hole að taka ákvörðun um hvert leið hans skuli liggja. Líklegt er að fjölmörgum lesendum standi algjörlega á sama og bíði næstu bókar ekki með eftirvæntingu. Hnífur er ekki bara slæm glæpasaga, hún er fáránlega vond. Það er afar leitt að sjá jafn hæfileikaríkan höfund og Nesbø fara jafn illilega út af sporinu.

**Kolbrún Bergþórsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Arfavond og kjánaleg glæpasaga þar sem eiginlega ekkert gengur upp.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 14. NÓVEMBER 2019

### Myndlist

**Hvað?** Opnun nýrra sýninga
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Listasafn Reykjanesbæjar í Duus Safnahúsum
Einnig verður afhending menningarverðlauna og uppistand Dóra DNA.



**Mynd eftir Ingunni Jensdóttur á sýningu Grósku á Garðatorgi í Garðabæ sem verður opnuð í kvöld.**

**Hvað?** Flækjur – Haustsýning Grósku 2019
**Hvenær?** 20.00 -23.00
**Hvar?** 2. hæð á Garðatorgi, Garðabæ

### Orðsins list

**Hvað?** „berrössuð stelpa“ eða „síðbrjósta kelling“
**Hvenær?** 12.00-13.00
**Hvar?** Þjóðminjasafn Íslands
Bergljót Soffía Kristjánsdóttir heldur erindi um elli og öldrun og afstöðu skáldmæltra kvenna til slíkra efna.

**Hvað?** Opið hús
**Hvenær?** 13.00-14.30
**Hvar?** Safnaðarheimili Dómkirkjunnar, Lækjargötu 14a
Guðrún Eggertsdóttir mun segja frá afa sínum, Jónasi frá Hriflu. Veislukaffi og góð samvera. Verið velkomin og takið með ykkur gesti.



**Guðrún Nordal er meðal þeirra sem taka til máls á Þorsteinsvöku í Landnámssetrinu í kvöld.**

**Hvað?** Tilfinningar sem tungan vekur
**Hvenær?** 17.00-18.30
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Grófinni
Rithöfundarnir Elena Ilkova, Ewa Marcinek og Mazen Maarouf lesa úr eigin verkum. Allir velkomnir og þátttaka ókeypis.

**Hvað?** Kína og málefni norðurslóða
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Hús Vigdísar að Brynjólfsgötu.
Egill Þór Níelsson greinir frá þátttöku í leiðangri ísbrjótsins Snædrekans frá Kína til Íslands í gegnum N-Íshafið. Veitingar. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir.

**Hvað?** Opinn spjallfundur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Grófin, Hafnarstræti 95
ADHD Norðurland stendur fyrir opnum spjallfundi á Akureyri, um ADHD og systkini.

**Hvað?** Þorsteinsvaka
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Söguloft Landnámssetursins í Borgarnesi
Nýtt félag, Arfur Þorsteins frá Hamri, stendur fyrir stuttu ávörp verða flutt og lesin valin ljóð skáldsins. Aðgangur er ókeypis.



**Jón Jónsson ætlar að syngja til ágóða fyrir BUGL í Grafarvogskirkju í kvöld.**

### Tónlist

**Hvað?** Saga, ljóð og lag
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg 10
Hjónin Jóhanna Fjóla Ólafsdóttir og Þorsteinn Eggertsson segja sögu sína og syngja lög við texta Þorsteins, ásamt því að frumflytja nokkur lög og texta.

**Hvað?** Stórtónleikar til styrktar BUGL
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Grafarvogskirkja
Margir af þekktustu listamönnum þjóðarinnar koma fram og gefa allir vinnu sína. Ágóðinn rennur til styrktar BUGL og líknarsjóði Fjörgynjar, Lionsklúbbs.






Allt í einu er Danni litli orðinn stór en draugar fortíðar elta hann enn með kunnuglegum orðaleik.

# Lúlli læknir og vonda húsbílahyskið

KVIKMYNDIR

**Doctor Sleep**

★★★☆☆

**Leikstjórn:** Mike Flanagan
**Aðalhlutverk:** Ewan McGregor, Rebecca Ferguson, Kyliegh Curran, Cliff Curtis

Skáldsagan The Shining frá 1977 og samnefnd kvikmynd frá 1980 eru í raun tvö sjálfstæð listaverk. Stanley Kubrick gerði sér góðan mat úr bók Stephens King þegar hann kvikmyndaði hana þótt viðtökurnar hafi verið blendnar þangað til fólk áttaði sig á að myndin er margbrotið og óþolandi ágengt meistaraverk.

King sjálfum varð þó bumbult af þessum ískalda graut sem Kubrick hrærði upp úr fjölskylduharmleik hans og fordæmdi það sem hann telur kalda og tilfinningadauða sýn á þá sturlun sem þekktir hóteldraugar kveiktu í óstöðuga alkóhólistanum Jack Torrance sem aftur kallaði skelfilega ógæfu yfir konuna sína Wendy, soninn unga Danny og sjálfan sig auðvitað. Bara svona eins og alkar gera.



Danny þarf að takast á við fíkn og ofbeldishneigð eins og pabbi hans en fer þó aðrar leiðir og hér fer ekki á milli mála hvor er virkur og hvor óvirkur.



Abra litla skín svo bjart að skuggaveran Hatta-Rósa fær glýju í augun og baráttan um sál stúlkunnar verður harla grimmileg.

**Blóðuga AA-bókin**

King segist aldrei hafa getað sleppt alveg takinu af Danny og loksins þegar hann ákvað að skrifa um Danny fullorðinn varð niðurstaðan bókin Doctor Sleep sem kom út 2013. Bókin er framhald skáldsögunnar The Shining en alls ekki myndarinnar og sagan sem King spinnur í henni er allt annars eðlis en hryllilega AA-bókin frá 1977.

Þetta er líka meira svona Al-Anon-bók og í henni tekst fullorðna og mölbrotna alkabarninu að hafa hemil á fíkninni og ofbeldishneigðinni með hjálp karla og kvenna sem samhæfa reynslu sína, styrk og vonir svo að þau megi leysa sameiginlegt vandamál sitt og séu fær um að hjálpa öðrum frá áfengisbölinu.

**Heljarinnar 12. spor**

Sem betur fer er Danny með hausinn í sæmilegu lagi þar sem hann þarf heldur betur að gera yfirbót og endurgjalda kosmósinu stóra skuld með skyggnigáfu sinni. Sem sjúkraliði á líknardeild notar hann duld sína til þess að hjálpa dauðveikum að skilja við og fær því viðurnefnið Doctor Sleep, Lúlli læknir.

Á meðan Danny vinnur þessi góðverk sín í kyrrþey ferðast skuggalegt pakk, undir stjórn hinnar ómótstæðilegu og ofboðslega vondu Hatta-Rósu um Bandaríkin í húsbílum og ræna börnum og myrða á hryllilegan hátt.

Ókindur þessar eru nefnilega eins og verstu vitsugur nema bara að þær nærast á ótta, sársauka og kvöldum sálum barna. Frumgelgjan Abra er rammskyggn og skín jafnvel skærar en Danny gerði í bernsku og er svo næm að hún skynjar ófétin í eterheiminum. Og öfugt þar sem Hatta-Rósa verður nefnilega einnig Öbru vör og skynjar í henni kræsilegt og næringarríkt hlaðborð.

Abra nær sem betur fer sambandi við Danny á astralsviðinu og hann neyðist til þess að taka risastórt 12. spor til baka inn í háskalegan heim drauga og sálarsugna til þess að bjarga Öbru og sál sinni.

**Hárfínn línudans**

Þar sem King hafnar kvikmynd Kubricks alfarið var leikstjóranum Mike Flanagan mikill vandi á höndum þar sem hann vildi ekki líta fram hjá stórvirki Kubricks. Honum tekst merkilega vel upp í hlutverki sáttasemjara milli framhaldsskáldsögu og frumkvikmyndar. Hann vísar mjög markvisst í The Shining og gerir það mjög stælalaust framan af og skilar býsna góðri Stephen King-hryllingsspennumynd með þrúgandi undirtónum frá Kubrick.

Myndin er tveir og hálfur tími í flutningi og heldur spennu nánast alla leið frá upphafi til enda og það er ekki fyrr en að Flanagan missir sig í Kubrick-rúnkinu að myndin höktir aðeins á endasprettinum. Engin dauðasök samt vegna þess að alltaf er nú ósköp ljúft að finna nöturlegan drungann frá Overlook-hótelinu hríslast um sig.

**Takk fyrir fundinn!**

Ewan McGregor leikur Danny af sinni kunnuglegu hægð en í aðalhlutverkinu stendur hann í skugga sænsku leikkonunnar Rebeccu Ferguson sem gefur myndinni massa slagkraft sem hin banvæna Hatta-Rósa. Nýliðinn Kyliegh Curran gefur Ferguson síðan ekkert eftir sem ljósið skæra hún Abra, höfuðóvinur og mesta ógn hinnar gírugu og gráðugu Rósu.

**Þórarinn Þórarinsson**

**NIÐURSTAÐA:** Þetta síðbúna framhald The Shining er alls ekki The Shining 2 og er sem betur fer ekki að reyna það. Kollinum er þó vissulega kinkað til klassíkurinnar hans Kubricks, full ákaflega meira að segja, og þá fyrst missir Doctor Sleep aðeins taktinn.

FRÉTTABLAÐIÐ
Meira á frettabladid.is

Landsleikir í beinni




Undankeppni EM karla í fótbolta

Tyrkland – Ísland
fim. 14.11 kl. 16.15 á RÚV

Moldóva – Ísland
sun. 17.11. kl. 19.20 á RÚV




Undankeppni EM kvenna í körfubolta

Ísland – Búlgaría
fim. 14.11. kl. 19.45 á RÚV 2

Grikkland – Ísland
fim. 17.11. kl. 14.50 á RÚV

RÚV okkar allra

KEX

SKÚLAGATA 28 • 101 REYKJAVÍK
+354 561-6060 • WWW.KEXHOSTEL.IS



• NÝR MATSEÐILL • SALIR TIL ÚTLEIGU FYRIR STÆRRI OG SMÆRRI HÓPA •
HAPPY HOUR ALLA DAGA MILLI 15 OG 19 • 14 TEGUNDIR Á KRANA • LIFANDI JAZZ ALLA ÞRIÐJUDAGA
HAFÐU SAMBAND: EVENTS@KEXHOSTEL.IS

# DAGSKRÁ

## Fimmtudagur

### RÚV SJÓNVARP

**12.20 Kastljós**
**12.35 Menningin**
**12.45 Útsvar 2018-2019 Reykjavík - Íslendingar í útlöndum**
**14.05 Milli himins og jarðar**
**15.05 Sælkeraferðir Ricks Stein - Berlín** Ferða- og matreiðsluþættir frá BBC þar sem sjónvarpskokkurinn Rick Stein kynnist matarmenningu nokkurra evrópskra borga. Hann heimsækir eina borg í hverjum þætti og fer meðal annars til Reykjavíkur. e.
**16.05 Táknmálsfréttir**
**16.15 Tyrkland - Ísland Undankeppni** Bein útsending frá leik Tyrklands og Íslands í undankeppni EM karla í fótbolta.
**19.20 Fréttir** Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, árið um kring.
**19.45 Íþróttir**
**19.50 Veður**
**19.55 Kastljós**
**20.10 Menningin**
**20.25 Soð Fast þeir sóttu sjóinn** Kristinn og Janus halda til Keflavíkur og hitta þar fyrir Axel, skipstjóra á Margréti, sem fer með þá sjóleiðina að Garðskagavita þar sem Kristinn og Axel veiða í soðið. Kristinn eldar síðan fiski-taco fyrir drengina.
**20.45 Sundkennsla í stofunni** Frönsk stuttmynd um Miu, þrítuga konu sem er nýflutt í litla blokkaríbúð eftir skilnað. Hún er fyrrum sundmeistari og fljótlega byrjar hún að kenna nágrönnum sínum að synda án þess þó að hafa aðgang að sundlaug. Leikstjóri: Valérie Leroy. Aðalhlutverk: Valérie Leroy, Djemel Barek og Pierre Zéni.
**21.05 Berlínarsaga** Fjórða syrpa þessara margverðlaunuðu þýsku þátta um Kupfer-fjölskylduna í Austur-Berlín og afdrif hennar eftir fall Berlínarmúrsins. Meðal leikenda eru Florian Lukas, Uwe Kockisch, Jörg Hartmann, Anna Loos, Ruth Reinecke og Lisa Wagner. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Veður**
**22.35 Kynlífsfræðingarnir** Fjórða þáttaröðin um William Masters og Virginiu Johnson sem voru frumkvöðlar á sviði kynlífsrannsókna. Aðalhlutverk leika Michael Sheen, Lizzy Caplan og Caitlin FitzGerald. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.30 Pabbahelgar** Karen og Matti rekast „óvænt“ hvort á annað með börnin til að upplifa gamla góða fjölskyldulífið. Karen þarf að ákveða hvað hún raunverulega vill.
**00.15 Dagskrárlok**

### GOLFSTÖÐIN

**07.40 BMW Ladies Championship** Útsending frá BMW Ladies Championship á LPGA-mótaröðinni.
**13.00 Tour Championship** Útsending frá Tour Championship á PGA-mótaröðinni.
**17.35 Inside the PGA Tour** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.
**18.00 Mayakoba Golf Classic** Bein útsending frá Mayakoba Golf Classic á PGA-mótaröðinni.
**22.00 Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**22.50 Champions Tour Highlights** Svipmyndir frá helstu mótunum í Champions Tour.

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Late Late Show**
**09.30 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 Man with a Plan**
**14.15 The Voice US**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Late Late Show**
**19.00 America's Funniest Home Videos**
**19.20 Superior Donuts**
**19.45 Single Parents**
**20.10 Með Loga**
**21.10 9-1-1**
**21.55 Emergence**
**22.40 In the Dark**
**23.25 The Late Late Show**
**00.10 NCIS**
**00.55 Billions**
**01.55 The Handmaid's Tale**
**02.50 Black Monday**
**03.20 SMILF**
**03.50 Síminn + Spotify**

### RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Á tónsviðinu**
**15.00 Fréttir**
**15.03 FlakkFlakk - Snert á arkitektúr**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Útvarp UngRÚV**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Alþjóðlega tónskáldaþingið Rostrum**
**21.00 Mannlegi þátturinn**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**12.15 The Circle**
**14.05 Tommi og Jenni: Willy Wonka og súkkulaðiverksmiðjan**
**15.25 Lost in Translation**
**17.05 The Circle**
**18.55 Tommi og Jenni: Willy Wonka og súkkulaðiverksmiðjan**
**20.15 Lost in Translation**
**22.00 Her**
**00.05 Maudie**
**02.00 The Vanishing of Sidney Hall**
**04.00 Her**

### STÖÐ 2

**08.00 Friends**
**08.20 Grey's Anatomy**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Two and a Half Men**
**09.50 Besti vinur mannsins**
**10.15 Grand Designs**
**11.05 Jamie Cooks Italy**
**11.50 Deception**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Destined to Ride**
**14.30 Every Day**
**16.05 Lego Batman – The Movie - DC Super Heroes United**
**17.15 Stelpurnar**
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.03 Nágrannar**
**18.28 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.47 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag** Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
**19.10 Dagvaktin**
**19.45 Fresh Off the Boat**
**20.10 Masterchef USA**
**20.50 The Blacklist**
**21.35 Eldhúspartý FM957**
**23.35 Real Time With Bill Maher**
**00.35 Grantchester 4**
**01.25 Prodigal Son**
**02.10 Game of Thrones**
**03.05 Game of Thrones**
**04.00 Game of Thrones**
**04.55 Every Day** Rómantísk mynd frá 2018 sem segir frá hinni 16 ára gömlu Rhiannon sem verður ástfangin af persónu - eða sál - sem vaknar á hverjum degi í öðrum líkama en hún var í í gær. Sálin sem um ræðir og flakkar á milli líkama á 24 klukkustunda fresti nefnist einfaldlega A.

### STÖÐ 3

**19.10 The Middle**
**19.35 The Last Man on Earth**
**20.00 Friends**
**20.25 Seinfeld**
**20.50 Supergirl**
**21.35 Batwoman**
**22.20 Underground**
**23.05 Barry**
**23.35 American Dad**
**00.00 The Middle**
**00.25 The Last Man on Earth**
**00.50 Friends**
**01.20 Tónlist**

### STÖÐ 2 SPORT

**08.00 Football League Show** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í ensku 1. deildinni,
**08.30 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**08.55 Real Betis - Sevilla** Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
**10.35 Parma - Roma** Útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
**12.15 Ítölsku mörkin** Leikirnir í ítölsku úrvalsdeildinni gerðir upp.
**12.45 Atletico Madrid - Espanyol** Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
**14.25 Spænsku mörkin** Leikirnir í spænsku úrvalsdeildinni gerðir upp.
**14.55 Haukar - Selfoss** Útsending frá leik í Olís-deild karla.
**16.25 Seinni bylgjan**
**17.55 Þór Þ. - Grindavík** Útsending frá leik í Domino's-deild karla.
**19.35 England - Svartfjallaland** Bein útsending frá leik í Undankeppni EM 2020.
**21.45 Undankeppni EM - Mörkin**
**22.40 Fréttaþáttur Undankeppni EM 2020**
**23.05 Tyrkland - Ísland** Útsending frá leik í Undankeppni EM 2020.

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


DAGSKRÁIN á Hringbraut



Heilsugæslan í kvöld kl. 21.30

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins rekur 15 heilsugæslustöðvar á suðvesturhorni landsins.

Í hverjum þætti mæta sérfræðingar til að svara áleitnum spurningum sem varða heilsu og lífsstíl landsmanna.

Markmið þáttanna er að færa almenning nær heilsugæslunni, fræða hann og efla vitund fólks um heilsufar, bætt lífsgæði og ábyrg úrræði í þeim efnum.

Hjúkrunarfræðingurinn og dagskrárgerðarkonan Helga María Guðmundsdóttir fer með umsjá þáttanna.

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is



21 Frétta- og umræðuþátturinn tuttuguogeinn alla virka daga klukkan 21.00

Fylgstu með!

# FYRSTA FLOKKS



















LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–19 | Laugardaga 11–16 | **www.forlagid.is**

# Fær innblástur úr öllum áttum

**Rós Kristjánsdóttir** lýsir fatastíl sínum sem þægilegum og kvenlegum. Eftir að hún eignaðist soninn Kristján Mána hefur hún meira sótt í föt sem er fljótlegt að þvo, enda jógúrt- og grautarslettur ekki óalgengar yfir daginn.

Rós Kristjánsdóttir, mannfræðingur og gullsmíðanemi, er rómuð fyrir fágaðan, rómantískan en jafnframt þægilegan fatastíl. Hún býr ásamt unnusta sínum, Þorsteini Friðrikssyni, í fallegu húsi við Ægisíðu. Þau eignuðust soninn Kristján Mána nú fyrr á árinu. Fréttablaðið bað Rós um að deila nokkrum flottum hugmyndum að alklæðnaði með lesendum, ásamt því að svara nokkrum spurningum um hennar persónulega stíl.

*Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?*

Ég myndi lýsa honum sem kvenlegum og þægilegum.

*Hvert er þitt uppáhaldsfatamerki eða -hönnuður?*

Það er alltaf að breytast, en akkúrat núna eru Blanche og Filippa K í uppáhaldi.

*Í hvaða búð verslar þú mest hérlendis?*

GK.

*Áttu þér einhverja uppáhaldsflík, skó eða tösku úr eigin fataskáp?*

Já, uppáhaldsflíkin mín er án efa BAHNS-peysan mín, er í henni allavega einu sinni í viku. Svo er Saint Laurent-taskan mín í miklu uppáhaldi, en Geysis-sloppurinn minn er hluturinn sem ég nota langmest, ótrúlega kósí í fæðingarorlofinu.

*Hvert sækir þú innblástur, í klæðavali eða í þinni eigin sköpun sem gullsmiður?*

Ég reyni að fá innblástur úr öllum áttum, örugglega gerist það bara í undirmeðvitundinni, en tíska er tíska og mér finnst gaman að fylgja tískustraumum. Hvað varðar skartið er ég ennþá bara nemi og því ekki mikið að hanna sjálf, en það sem ég hef fengið að gera með frjálsar hendur er innblásið af uppáhaldsskarthönnuðum og tískustraumum.

*Átt þú þér einhverjar tískufyrirmyndir?*

Nei, ekkert þannig, en þær dönsku skvísur Pernille Teisbaek og Jeanette Madsen eru í uppáhaldi hvað varðar fatastíl.

*Finnst þér klæðaval þitt mikið hafa breyst eftir að þú varðst móðir? Leitar þú til dæmis meira í praktískari klæðnað, eða breytti það jafnvel litlu?*

Já, ég leita meira í þægindi og eitthvað sem er auðvelt að þvo! Nota uppáhaldsflíkurnar minna því það eru alltaf jógúrt- eða grautarslettur á mér.

*Hvar finnst þér skemmtilegast að kaupa barnaföt?*

Í Petit.

*Þú starfaðir áður sem fyrirsæta, fyrir og með námi. Finnst þér sú innsýn sem þú fékkst þá í tískuheiminn hafa haft einhver áhrif á stíl þinn og tískusmekk?*

Já, það var aðallega þegar ég var í kringum tvítugt en það mótaði klárlega tískuvitið að fá að prófa alls konar föt og umgangast íslenska fatahönnuði.

steingerdur@frettabladid.is

## Á jólaóskalistanum

1. Ullarteppi úr Geysi.
2. Birkenstock Daytone Shearling inniskór.
3. Aarke sódatæki.
4. Tag Heuer dömuúr, eitthvað klassískt frá þeim.


MYND/ELISABETH TOLL









Rós í peysu frá American Vintage og buxum frá Brandy Melville. Skórnir eru frá Reebok.


Buxurnar eru Acne Jeans, peysan frá BAHNS og úlpan 66°Norður. Skórnir eru hinir klassísku Dr. Martens, húfan frá Filippa K og sólgleraugun frá Tom Ford.


Hérna klæðist Rós bol úr Zöru við kjól frá Hildi Yeoman.


Skyrtan er frá Blanche. Buxurnar sem Rós klæðist er frá Andreu (Andrea by Andrea) en skórnir Tatuaggi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI


Pizza Hut
ÚT Í HUT
TILBOÐ
ÞÚ SÆKIR **STÓRA** PIZZU MEÐ TVEIMUR ÁLEGGSTEGUNDUM AF MATSEÐLI
1.990
Þegar öllu er á botninn hvolft þarf hann að vera frábær. Veldu:
PÖNNU → KLASSÍSKAN → ÍTALSKAN
Pantaðu í síma 515 1617 eða á pizzahut.is
Pizza Hut Smáralind
Pizza Hut Staðarbergi 2–4
Hafnarfirði
Pönnu-botninn
ER KOMINN AFTUR!






Sigrún Úlfarsdóttir var aðeins 11 ára gömul þegar hún heillaðist af indverskri menningu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Dreifir indverskum guðum um landið

Skartgripahönnuðurinn **Sigrún Úlfarsdóttir** opnar sýninguna Verndarvættir Íslands nú á laugardaginn en þar tengir hún með myndverkum íslenska náttúru við Ayurveda-heimspeki.

Verndarvættir Íslands komu til þannig að ég var að hugsa um skartgripalínu sem er innblásin af indverskri Ayurveda-heimspeki. Ég hef alltaf verið mjög hrifin af öllu indversku, ekki síst litunum og matnum. Þegar ég var 11 ára bjó ég ásamt fjölskyldu minni um hríð á Englandi þar sem pabbi bætti við þekkingu sína í tannlækningum. Ég varð þá hugfangin af öllum indversku konunum þar, sem voru líklega eiginkonur indverskra nemenda við háskólann, nýkomnar frá Indlandi og allar uppáklæddar í sari. Mér fannst þetta fallegustu föt sem ég hafði nokkurn tímann séð,“ segir Sigrún um áhuga sinn á indverskri menningu.



Indverska gyðjan Durga gnæfir hér yfir Arnarfirðinum.

### Starfaði fyrir stór tískufyrirtæki

Sigrún lærði myndlist í MHÍ og í framhaldi fatahönnun í París þar sem hún eftir útskrift starfaði fyrir stór tískufyrirtæki, meðal annars Karl Lagerfeld, Hervé Léger, Balmain og Swarovski. Hún hefur síðan unnið við fata-, leður- og skartgripahönnun, bæði fyrir þessi fyrirtæki og fyrir eigið fyrirtæki, Divine Love. Myndverkin sem verða til sýnis í Hannesarholti í tvær vikur frá og með laugardeginum eru sprottin upp úr vinnu þar sem Sigrún stúderaði indverska heimspeki og orkustöðvar Ayurveda-fræðanna í tengslum við hönnun skartgripa.

### Yfirnáttúruleg myndefni

„Hugmyndin var að gera myndverk í kringum viðfangsefnið, þar sem skartgripalínan virkaði eins og eitt atriði í risastóru myndrænu konsepti, þar sem myndlist og hönnun kölluðust á eins og tveir andstæðir pólar.“ Samtímis vildi Sigrún tengja Ísland við þessa skartgripi og mátaði hugmyndina með því að setja hana beint út í náttúruna. Sigrún viðurkennir að samruni íslensks landslags og indverskrar goðafræði gæti virkað nokkuð óvænt við fyrstu sýn. „Þessi tvö myndefni eru ósamstæð en eiga samt það sameiginlegt að vera svolítið yfir-náttúruleg.“

### Náttúruvættir Íslands efast

Verkin vinnur Sigrún í samstarfi við systur sínar tvær, Þórdísi, sem tók allar landslagsmyndirnar, og Bergþóru, sem aðstoðaði við Photoshop-vinnuna. Sigrún segist hafa fengið mikinn áhuga á að vinna með kristalla í starfi sínu fyrir kristallaframleiðandann Swarovski og eru myndverkin skreytt kristöllum sem hún segir passa íslenskri náttúru vel. „Íslensk náttúra er tær eins og kristall og af henni stafar sérstök birta.“

Nokkrar myndir sýningarinnar eru teknar á Vestfjörðum og kastar Sigrún fram þeirri spurningu hvort náttúrvættir Íslands hljóti ekki að hafa efasemdir um virkjanir og náttúrurask sem eigi sér stað hér á landi. „Ég er alls ekki á móti virkjunum enda raforka mjög vistvæn miðað við til dæmis kjarnorku og olíu. En á sama tíma er ég eins og margir áhyggjufull yfir framganginum. Það er eins og fólk sé ekki meðvitað um hversu mikill fjársjóður íslensk náttúra er. Eða lítur jafnvel á hana sem öðruvísi fjársjóð,“ segir Sigrún hugsi.

### Kristallar tærleika náttúrunnar

„Um er að ræða svokölluð „collage-verk“ en myndirnar eru unnar í Photoshop þar sem indverskir guðir eru settir ofan á landslagsmyndir systur minnar. Í línunni eru nokkur stærri verk, unnin á sama hátt, en eru eins og málverk, sett á striga og í blindramma. Þau eru alsett kristöllum, af því að í rauninni eru þessi verk sambland af hönnun og list. Ég er vön að vinna með kristalla og mér fannst ágætt að hafa þá með eins og í skartgripunum. Svo fannst mér kristallarnir koma vel út í myndum af náttúru Íslands; þeir hafa einhvern tærleika sem passar henni vel.“

Eins og fyrr segir hannar Sigrún skartgripi undir merkinu Divine Love og segir stefnuna að fara út í víðtækari hönnun, nú sé fatalína í undirbúningi sem væntanleg sé í febrúar á næsta ári. Sigrún segir fatalínuna einkar þjóðlega en undanfarin ár hefur hún búið í París en varið töluverðum tíma hér á landi og því sé hún innblásin af báðum stöðum í verkum sínum.

Sýningin Verndarvættir Íslands verður opnuð á morgun, laugardag, í Hannesarholti og stendur til 27. nóvember. **bjork@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

GRILL 66

# KOMBÓ TILBOÐ

1.090 KRÓNUR




90 G HAMBORGARI – EKKI ER HÆGT AÐ STÆKKA TILBOÐIÐ

TILBOÐIÐ GILDIR 14.–24. NÓV.

# EL RENO

**FRANSKAR + COKE 0,5 L + EITT SETT**

ÁLFHEIMUM
GULLINBRÚ
NORÐLINGAHOLTI

MOSFELLSBÆ
AKRANESI
BORGARNESI

SKAGASTRÖND
VARMAHLÍÐ
SIGLUFIRÐI

ÓLAFSFIRÐI
DALVÍK
HÚSAVÍK

REYÐARFIRÐI
NESKAUPSTAÐ
HELLU
SELFOSSI

GRILL66.IS

VIÐ ERUM Á OLÍS

olís




# CHOICE
## u-sófi

Grátt eða ljósgrátt Malbec áklæði.
Stærð: 304 x 210/159 cm

**Fullt verð: 249.900 kr.**

Aðeins **187.425 kr.**

# BARCELONA
## svefnsófi

Sérlega vandaður og veglegur ítalskur svefnsófi. Bak er dregið fram á einfaldan hátt til að opna fjaðrandi stálgrind. Þar liggur heil (laus) 194×140×13 cm svampdýna sem fylgir. Svefnsófi sem fer vel með gestina. Fæst blágrænn og ljós- eða dökkgrár.

**Fullt verð: 199.900 kr.**

Aðeins **149.925 kr.**



25%
AFSLÁTTUR






# OPUS
## u-sófi




Ljóst slitsterkt áklæði.
Hægri og vinstri tunga.

**Fullt verð: 299.900 kr.**

Aðeins **239.920 kr.**



# POLO
## hægindastóll

40%
AFSLÁTTUR

Klassískur hægindastóll.
Brúnt eða svart PU-leður.

**Fullt verð: 39.900 kr.**

Aðeins **23.940 kr.**

# KOLDING
## hægindastóll með skemli

25%
AFSLÁTTUR



Stillanlegur hægindastóll með skemli. Rautt, svart eða grátt leður/PVC.

**Fullt verð: 119.900 kr.**

Aðeins **89.925 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mán. til fös. kl. 11–18.30
Laugardaga kl. 11–17
Sunnudaga kl. 13–17 (Smáratorg)

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*
*Tilboðin gilda til 17. desember 2019 eða á meðan birgðir endast.*

# DORMA

Láttu drauminn rætast

SMÁRATORG | HOLTAGARÐAR
AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

www.dorma.is
VEFVERSLUN
ALLTAF OPIN

# Fyrir þínar bestu stundir




## NATURE'S REST
heilsurúm með Classic botni

**30% AFSLÁTTUR**
af Rest dýnu og 20% af Classic botni

Nature's Bedding

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

| Stærð í cm | Fullt verð m/ botni | Jólatilboð |
|---|---|---|
| 80x200 | 55.900 kr. | **41.930 kr.** |
| 90x200 | 59.900 kr. | **44.930 kr.** |
| 120x200 | 69.900 kr. | **52.530 kr.** |
| 140x200 | 79.900 kr. | **59.930 kr.** |
| 160x200 | 89.900 kr. | **67.430 kr.** |
| 180x200 | 99.900 kr. | **74.930 kr.** |

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar á $m^2$
- Góðar kantstyrkingar

# Stillanlegt og þægilegt



Þráðlaus fjarstýring með 2 minnisstillingum

## C&J SILVER stillanlegt rúm

C&J silver er með sterkum stálbotni og kraftmiklum en hjóðlátum mótor.

Rúminu fylgir þráðlaus fjarstýring með tveimur minnum og ljósi. Margir nota annað minnið fyrir svefnstillingu. Mælt er með að sofa í því sem nefnt hefur verið „þyngdarlausri stellingu" (gravity zero) þar sem lágmarks álag er á mjaðmir, mjóbak og axlir. Það er gert með því að lyfta fótum í 4-6% halla og bakið er svo haft helmingi lægra. Með því að nýta sér fóthallan næst aukið blóðflæði. Við það dregur úr bólgum og fótapirringi.

Seinna minnið er svo t.d. notað fyrir lestur eða sjónvarpsáhorf. Botn rúmsins dregst að vegg þannig að þú ert í eðlilegri fjarlægð frá náttborði og lampa. Sérstakur takki á fjarstýringunni kemur rúminu í upphaflega stöðu.

**VERÐDÆMI:** 2 x 90 x 200 cm stillanlegt C&J silver rúm með Infinity heilsudýnum: **Fullt verð: 437.800 kr.**

Charlotte Julien
Dream your world™

Aðeins **399.900 kr.**

DORMA
Láttu drauminn rætast

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Kolbeins Marteinssonar




## Gefðu milljarðana

Dagsdaglega vinn ég við að veita ráðgjöf um samskipti, sköpun og varðveislu ímyndar. Mér leiðist ofboðslega þegar hringt er í mig utan úr bæ, frá einhverju fyrirtæki sem gert hefur upp á bak og ég er beðinn um að aðstoða við að laga laskaða ímynd helst á einum degi. Slík verkefni afþakkar maður yfirleitt pent. Ímyndaruppbygging er langhlaup þar sem einstaklingar og fyrirtæki eru dæmd af því sem þau gera en ekki því sem þau segjast ætla að gera. Í störfum mínum hef ég líka lært að orðspor fólks skiptir það sífellt meira máli með hækkandi aldri. Það er í raun það eina sem lifir eftir okkar dag.

Því er ég hér með ókeypis ráð til íslenskra milljarðamæringa. Einir ríkustu menn jarðar, Bill Gates og Warren Buffet, hafa lofað að gefa megnið af eigum sínum (99%) til góðgerðarmála þegar þeir falla frá og hafa hvatt fleiri til að gera hið sama. Bill Gates, sem átti frumkvæði að þessu, breyttist úr kapítaliskum skúrk 20. aldar í einhvern mest metna einstakling 21. aldarinnar.

Staðeyndin er nefnilega sú að eftir að maður hefur aflað nægra peninga til að geta fjármagnað lífsstíl sinn, þá er afgangurinn ekkert annað en stöðutákn. Afkomendur ykkar þurfa ekki marga milljarða eftir ykkar dag. Sexfaldur lottópottur ætti alveg að duga þeim til að geta átt gott og innihaldsríkt líf. Of mikið fé mun bara flækja líf þeirra og auka deilur þeirra á milli. Það eru til mörg dæmi um slíkt. Væri ekki meira um vert að hafa haft varanleg jákvæð áhrif á líf fjölda fólks með fjárframlagi ykkar? Fólks sem ekki hefur notið sömu gæða og þið? Stórmenni fá sinn sess í Íslandssögunni. Tækifærið er ykkar, sá fyrsti sem stígur fram mun njóta þess.










FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK




# Hér í fyrsta sinn frá hernáminu

Breski flugherinn er staddur hér á landi til að sinna loftrýmisgæslu NATO næsta mánuðinn. Um er að ræða sögulegan viðburð en síðast var breski flugherinn hér í síðari heimsstyrjöldinni árið 1940. Í för með flughernum eru 120 liðsmenn og fjórar Eurofighter Typhoon FGR4 orrustuþotur. Auk flugmanna eru hér verkfræðingar og aðrir sérfræðingar sem sjá um viðhald og flugrafeindabúnað.








